HALLDÓR
skoðun 16


3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Svanurinn




next bæklingurinn
fylgir blaðinu í dag!
next



ÞITT

# FRÉTTABLAÐIÐ

FÖSTUDAGUR

14. maí 2010 — 112. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Scobie í Hollywood

*Richard Scobie og æskufélagar hans kynna nýja kvikmynd á ráðstefnu í Hollywood.*

**Fólk 34**

## Ólst upp á verkstæðinu

*Eiður Jónsson hlaut verðlaun fyrir framlag sitt til virkjunarmála.*

**tímamót 20**



## Öruggt hjá Blikum

*Boltinn byrjaði að rúlla í Pepsi-deild kvenna í gær.*

**íþróttir 30**

## veðrið í dag




**RIGNING MEÐ KÖFLUM** víða um land í dag, síst þó suðvestanlands og þar léttir heldur til síðdegis eða í kvöld. Hiti á bilinu 3 til 14 stig, hlýjast sunnanlands.

**VEÐUR 4**



**VIÐ ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Vegfarendur kipptu sér lítt upp við vinnu starfsmanna Listahátíðar sem hengdu gríðarstóra ljósmynd á framhlið Héraðsdóms Reykjavíkur. Starfsmenn sýndu fagmennsku, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, en myndin er úr þekktri myndaröð Sigurðar Guðmundssonar, Situations, frá 1975. Sýning á verkum Sigurðar verður opnauðí dag í i8 Gallery.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Tugmilljóna gjöld á flugið

**Flugrekendur eru ósáttir við að stjórnvöld hafi ekki sótt um undanþágu frá kaupum á losunarkvótum. Segja að tugmilljónum verði ýtt út í fargjöldin. Samgönguráðuneytið segir gjöldin vera ásættanleg.**

**SAMGÖNGUR** Flugrekendur eru ósáttir við að ekki hafi verið sótt um undanþágu fyrir innanlandsflug vegna kaupa á kolefniskvóta. Frá 1. janúar 2012 þurfa flugfélög að tryggja sér losunarkvóta fyrir kolefnisútblástur.

Flugrekendur vildu undanþágu enda giltu sérstakar aðstæður í flugi innanlands. Gjöldin væru fyrst og fremst hugsuð til að efla umhverfisvænar samgöngur líkt og lestir, sem ekki sé til að dreifa hér á landi. Mun minni mengun sé af flugi á hvern farþega heldur en bílum.

„Það hefur ekki reynt á sambærileg mál og innanlandsflugið í samningum við Evrópusambandið. Við höfum ekki aðra kosti í boði, eins og lestir eða annað sem menn hafa horft til. Okkur flugrekendum hefði þótt eðlilegt að láta reyna á þetta,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. Hann segir ljóst að um tugmilljóna króna gjöld verði að ræða fyrir fyrirtækið.

Hörður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ernis, segir óskiljanlegt hvernig stjórnvöld hafi haldið á málum fyrir Íslands hönd. Um nýja skattlagningu sé að ræða sem flugfélögin standi ekki undir. Því verði að velta þeim út í verðlagið.

Ingvar Sverrisson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, segir mikla vinna hafa verið lagða í að undirbúa aðlögun að innleiðingu gerðarinnar sem miðaði að því að undanskilja innanlandsflug frá henni. Aldrei kom til álita að undanskilja millilandaflug frá áhrifum tilskipunarinnar þar sem kvóti í flugi innan EES hefði komið til óháð innleiðingu gerðarinnar. Fyrir lá að litlar líkur hefðu verið á því að ESB hefði fallist á undanþágu fyrir innanlandsflugið þar sem sambandið hafði hafnað slíkum beiðnum frá öðrum aðildarríkjum og Noregur hætt við sömu beiðni. Ísland hefði því staðið eitt í samningum.

Ingvar segir að aðlögunin hefði jafnframt leitt til seinkunar á innleiðingu þannig að það hefði tafið fyrir því að sá kvóti sem félli til vegna okkar flugfélaga í millilandaflugi hefði verið ráðstafað hér. „Þá ákvað ESB á síðustu metrunum að falla frá 100 prósent kvótasetningu og lækka niður í 15 prósent og við féllum frá aðlögun. Við erum þó með almenna fyrirvara um að breyta afstöðu okkar verði kvótahlutfallið endurskoðað.“

- kóp

> Við höfum ekki aðra kosti í boði, eins og lestir eða annað sem menn hafa horft til.



ÁRNI GUNNARSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI FLUGFÉLAGS ÍSLANDS

Lögmönnum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar afhent stefna og kyrrsetningarkrafa:

# Ætla að verjast fyrir dómi

**DÓMSMÁL** Ekki stendur annað til en að stefndu í dómsmáli sem skilanefnd og slitastjórn Glitnis hefur höfðað á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og fleirum taki til varna í málinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Kostnaður við að taka til varna í einkamáli fyrir dómstólum í New York getur orðið afar mikill, sérstaklega í flóknum málaferlum sem dregist geta á langinn.

Lögmenn Jóns Ásgeirs í Bretlandi tóku í gær við stefnunni, sem og kröfu um kyrrsetningu eigna hans um heim allan. Jón Ásgeir þarf að óbreyttu að skila lista yfir allar sínar eignir til dómstóls í Bretlandi fyrir klukkan 14 á laugardag að staðartíma.

Skilanefnd og slitastjórn Glitnis hafa höfðað mál á hendur Jóni Ásgeiri, eiginkonu hans og fimm viðskiptafélögum þeirra fyrir dómstól í New York, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu.

Jón Ásgeir og aðrir stefndu hafa frest til 12. júní til að andmæla efni stefnunnar formlega fyrir dómnum. Geri þeir það ekki verður málið sjálfkrafa dæmt stefnendum í hag. Í stefnunni er krafist tæplega 260 milljarða króna skaðabóta.

- bj / sjá síðu 6


TENGI
IFÖ INNRÉTTING


EINFALDAR Í UPPSETNINGU
- KOMA SAMSETTAR!
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ
- ÞAÐ ER TENGI

VesturPort
RÓMEÓ OG JÚLÍA



## SPURNING DAGSINS



*Haukur, hafið þið nokkuð séð það svartara?*

„Ekki síðan í október 2008."

Haukur Snorrason var meðal þrjátíu skotveiðimanna sem skutu 700 svartfugla í nágrenni Látrabjargs á dögunum.

Nýja ríkisstjórnin í Bretlandi hélt sinn fyrsta opinbera fund í gær undir stjórn Davids Cameron:

# Fjórar konur fá sæti í nýrri ríkisstjórn

**BRETLAND, AP** David Cameron, nýr forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti í gær að laun ráðherra í ríkisstjórn hans yrðu lækkuð um fimm prósent. Þá verða launin fryst í fimm ár. Lækkunin var meðal kosningaloforða Camerons. Ríkisstjórnin hafði lofað því að ráðast strax í mikinn niðurskurð hjá hinu opinbera.

Nýja ríkisstjórnin hélt sinn fyrsta fund í Downingstræti 10 í gærdag. Fundurinn var að hluta til opinn fjölmiðlum. Íhaldsflokkurinn fær átján ráðherra í hinni nýju stjórn og Frjálslyndir demókratar fá fimm.

Ráðuneytin sem Frjálslyndir demókratar fengu eru viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, ráðuneyti um orku og loftslagsbreytingar og ráðuneyti Skotlands.

Aðeins fjórar konur eru í ríkisstjórninni. Theresa May er innanríkisráðherra, Caroline Spelman umhverfisráðherra, Cheryl Gillan er ráðherra Wales, og Sayeeda Warsi er skuggaráðherra.

Gordon Brown, fyrrverandi forsætisráðherra, tilkynnti í gær að hann muni halda áfram sem þingmaður fyrir Verkamannaflokkinn. **- þeb**



**FYRSTI FUNDUR RÍKISSTJÓRNARINNAR** David Cameron stýrði sínum fyrsta ríkisstjórnarfundi í Downingstræti 10 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verð á hreinlætisvörum:

## Umhverfisvottað ekki dýrara

**NEYTENDAMÁL** Umhverfisvottaðar hreinlætisvörur eru ekki dýrari í innkaupum en aðrar hreinlætisvörur. Þetta er niðurstaða úr verðkönnun sem Neytendasamtökin gerðu á hreinlætisvörum merktum umhverfisvottun Svansins í lok apríl.



BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR

„Við könnunina voru verð allra tegunda í þeim vöruflokkum þar sem Svansmerkt vara fannst, skráð. Stundum voru þær dýrar en líka ódýrar, allt eftir vöruflokkum," segir Brynhildur Pétursdóttir, hjá Neytendasamtökunum en könnunin náði til átta vöruflokka í sjö verslunum. **- rat/** sjá Svaninn í miðju blaðsins

## Lést í hlíðum Ingólfsfjalls

**Maðurinn sem lést þegar svifvængur hrapaði með hann í hlíðum Ingólfsfjalls á mánudag hét Grzegorz Czeslaw Rynkowski. Hann var fæddur í Póllandi árið 1976 og var því 34 ára gamall. Hann var búsettur á höfuðborgarsvæðinu og lætur eftir sig sambýliskonu.**

**BANDARÍKIN**

### Fleiri handteknir

Tveir menn til viðbótar hafa verið handteknir í New York grunaðir um aðild að sprengjutilræði á Times-torginu. Mennirnir voru handteknir í kjölfar húsleita í grennd við Boston. Bandaríski ríkisborgarinn Faisal Shazhad, sem fæddur er í Pakistan, er þegar í haldi, grunaður um aðild að málinu.

# Um 20 starfsmenn Kaupþings grunaðir

**Sigurður Einarsson neitar að koma til landsins nema tryggt verði að hann fái að snúa aftur út. Um tuttugu starfsmenn Kaupþings eru með stöðu grunaðra. Ekki ákveðið hvort farið verður fram á framlengingu gæsluvarðhalds í dag.**

**EFNAHAGSMÁL** Um tuttugu starfsmenn Kaupþings, bæði núverandi og fyrrverandi, hafa nú réttarstöðu grunaðra. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, vill ekki tjá sig um rannsóknina að öðru leyti en því að yfirheyrslur stæðu yfir og myndu gera á meðan sakborningar sætu í gæsluvarðhaldi.

Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður Kaupþings sem nú er eftirlýstur af Interpol, er ekki á leið til landsins, að sögn lögmanns hans, Gests Jónssonar. „Hann er reiðubúinn að koma heim ef hann fær vilyrði fyrir því að hann geti snúið aftur af skýrslugjöf lokinni. Þetta er það sem hann hefur tilkynnt lögreglunni, en ég veit ekkert meira um það," segir Gestur.

Gestur segir Sigurð ætíð hafa verið tilbúinn til að gefa skýrslu með þessum formerkjum. Þá sé hann einnig reiðubúinn til að taka á móti mönnum í Englandi, sé þess óskað.

Hann vildi lítið tjá sig um þá staðreynd að Sigurður væri eftirlýstur af Interpol.

Í næsta mánuði kemur teymi sérfræðinga frá norsku lögreglunni, Ökokrim, til aðstoðar embættis sérstaks saksóknara. Þá verður starfsmönnum fjölgað við embættið á næstunni, væntanlega nokkrum tugum. Ólafur Þór segir að hjá embættinu séu yfir 40 opin mál þannig að af nógu sé að taka. Hann vill ekkert um það segja hvort fleiri handtökur séu fyrirhugaðar. Þá vill hann ekki segja til hvaða ráða verður gripið varðandi Sigurð.

„Við gefum ekkert upp um til hvaða þvingunarúrræða við munum grípa til í framtíðinni; hvort sem það er leit, handtaka eða eitthvað annað." Þar vísar Ólafur ekki beint í mál Sigurðar, heldur í starfsemina almennt.

Gæsluvarðhald yfir Magnúsi Guðmundssyni rennur út í dag. Ólafur segir óljóst hvort sótt verður um framlengingu þess. „Það liggur ekki fyrir enn þá. Það er enn verið að vinna í yfirheyrslum og við munum taka afstöðu til þess þegar það er kominn botn í það mál."

kolbeinn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

**Á GÓÐRI STUNDU** Ólafur Ragnar Grímsson forseti veitti Kaupþingi útflutningsverðlaun árið 2005. Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson veittu verðlaununum viðtöku. Hreiðar situr nú í gæsluvarðhaldi og Sigurður er eftirlýstur af Interpol.

### Ókei, blessaður

Sigurður Einarsson vildi lítið tjá sig þegar blaðamaður náði tali af honum í gærkvöldi.

**SE:** Halló.
**BLM:** Já, er það Sigurður?
**SE:** Hver er þetta?
**BLM:** Kolbeinn heiti ég, blaðamaður á Fréttablaðinu.
**SE:** Já, blessaður. Heyrðu, ég hef bara ekkert við þig að segja í bili.
**BLM:** Er það ekki?
**SE:** Þú verður bara að prófa aftur á morgun.
**BLM:** Má ég ekki spyrja hvort þú sért á leiðinni heim?
**SE:** Ókei, blessaður. Bæ bæ.

Ánægja með borgarstjórann:

## Um 70 prósent segjast ánægð

**KÖNNUN Sjö af hverjum tíu borgarbúum telja að Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi staðið sig vel í starfi borgarstjóra, samkvæmt könnun sem MMR gerði fyrir borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins.**



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

**Alls sögðu 26,4 prósent að Hanna Birna hafi staðið sig mjög vel, og 44,1 prósent að hún hafi staðið sig vel. Um 17,7 prósent telja Hönnu Birnu hafa staðið sig frekar illa, og 11,8 prósent segja hana hafa staðið sig mjög illa.**

**Könnunin var gerð 4. til 10. maí síðastliðinn. Úrtak MMR voru 816 borgarbúar á aldrinum 18 til 67 ára, valdir af handahófi úr hópi álitsgjafa MMR. Svarhlutfall var 80,4 prósent.** - bj

Verkamannaflokkurinn:

## Leiðtogaslagur fram undan

**BRETLAND, AP** Líklegt þykir að harður leiðtogaslagur sé fram undan í Verkamannaflokknum í Bretlandi, eftir að Gordon Brown sagði af sér formennsku.

David Miliband, fyrrverandi utanríkisráðherra, hefur tilkynnt um framboð sitt. Yngri bróðir hans, Ed Miliband, er nú talinn líklegur til að bjóða sig fram gegn bróður sínum.

Þá er talið að þingmaðurinn Ed Balls blandi sér í formannsslaginn, og þrýst er á eiginkonu hans, Yvette Cooper, að gera slíkt hið sama. **- þeb**






Unnið hefur verið að evrópsku handtökutilskipuninni síðan árið 2007:

# Handtökutilskipun í haust

**DÓMSMÁL** Frumvarp er væntanlegt í haust um samsvarandi reglur og í evrópsku handtökutilskipuninni. Ísland getur ekki orðið aðili að henni, þar sem það er utan Evrópusambandsins. Hins vegar hafa Ísland og Noregur gert samning við sambandið um einfaldari framsalsmál.

Alþingi samþykkti í mars 2007 að heimila ríkisstjórn að semja við sambandið um tilskipunina. Björn Bjarnason gegndi þá stöðu dómsmálaráðherra. Aðspurður hvers vegna ekki hefði enn verið samið um málið segir hann það vera að snúa málum á haus. „Dómsmálaráðuneytið hafði lokið vinnu sinni. Formsatriði eftir hjá utanríkisráðuneytinu. Spurðu diplómatana um hvað þeir gerðu."

Bryndís Helgadóttir, settur skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins, segir hins vegar að vinna hafi staðið yfir í dómsmálaráðuneytinu frá samþykkt Alþingis. Hún segir málið flókið og hafi ekki tekið óeðlilega langan tíma. Norðmenn hafi ekki heldur lokið vinnu sinni varðandi innleiðinguna.

Hún segir aðalatriðið vera einfaldara og styttra ferli. Þá felist í tilskipuninni að löndin framselji eigin ríkisborgara. Alþingi hafi gert athugasemdir við það á sínum tíma. Um áramótin tók gildi nýr framsalssamningur milli Norðurlanda. **- kóp**




**VANDI VIÐ FRAMSAL** Vandkvæði gætu verið á framsali Sigurðar Einarssonar þar sem samningur hefur ekki verið gerður á grundvelli evrópsku handtökutilskipunarinnar.




**SÆLUREITUR**
Lestu allt um pallasmíði á bls. 6-39 og horfðu á Timburmenn smíða pallinn á www.husa.is

# TILBOÐ Á PALLAEFNI
FESTINGUM, UNDIRSTÖÐUM OG RYÐFRÍUM SKRÚFUM



Gildir til 16. maí

**15%** afsláttur af pallaefni, festingum, undirstöðum og skrúfum



**MEIRI ÞYKKT TRYGGIR STYRK!**




**15%** AF ALLRI PALLAOLÍU OG VIÐARVÖRN



**3.690**
Rafmagnsorf, IKRA
250W, 22cm sláttubreidd
5086608

NILFISK
**Háþrýstidæla 100 bör**
Fyrir pallinn, stéttina og bílinn.
100 bör, 1300 W.
440 l/klst.
5254240



**12.999**
~~15.995~~



**15%** AF ÖLLUM HJÓLUM



**15%** AF ÖLLUM SKJÓLVEGGJUM

**Látum verkin tala!**

## MEIRI ÞJÓNUSTA Í HÚSASMIÐJUNNI
Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana og háð lagerstöðu á hverjum stað.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 12.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,65 | 129,27 |
| Sterlingspund | 192,05 | 192,99 |
| Evra | 163,02 | 163,94 |
| Dönsk króna | 21,904 | 22,032 |
| Norsk króna | 20,886 | 21,010 |
| Sænsk króna | 16,988 | 17,088 |
| Japanskt jen | 1,3832 | 1,3912 |
| SDR | 190,87 | 192,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,4314

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tafir gætu orðið á flugsamgöngum í dag vegna eldgossins í Eyjafjallajökli:

# Gríðarlegt öskufall undir jökli

**ELDGOS** Gríðarlega mikið öskufall var undir Eyjafjöllum í gærkvöldi. Að sögn lögreglu var öskufallið líkast því sem var fyrstu daga gossins, og hefur ekki verið eins mikið í langan tíma.

Um klukkan átta í gærkvöldi var kolniðamyrkur vegna öskunnar allt frá Holtsá og austur fyrir Skóga. Skyggni var aðeins um tveir metrar þegar mest var.

Að öðru leyti hafa ekki orðið miklar breytingar á gosinu síðustu daga. Gosmökkurinn nær að jafnaði í um sex kílómetra hæð, en náði hæst níu kílómetra hæð í gær. Fjórir jarðskjálftar fundust á svæðinu í gær.



**EYJAFJALLAJÖKULL** Búast má við röskun á flugi vegna öskufalls í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sauðfé hefur drepist á svæðinu vegna mikilla þrengsla í fjárhúsum á svæðinu, en ekki beint vegna gossins.

Gert er ráð fyrir því að röskun verði á flugi í dag og að Keflavíkurflugvöllur verði lokaður um tíma. Icelandair flýtti þess vegna morgunflugum sínum í morgun og aflýsti eftirmiðdagsflugi til Manchester og Glasgow, Kaupmannahafnar og London. Brottför véla til Bandaríkjanna síðar í dag hefur einnig verið flýtt. Það er gert ráð fyrir því að fjölmörgm flugum til landsins í dag muni seinka. - þeb

Fylgst með hraðakstri:

## Nær helmingur ekur of hratt

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega helmingur ökumanna sem lögregla fylgdist með á Hjarðarhaga í Reykjavík á þriðjudag ók yfir löglegum hraða. Fylgst var með ökutækjum á tiltekinni akstursleið í eina klukkustund. Á þeim tíma fóru 35 ökutæki leiðina og var sextán þeirra, eða 46 prósentum, ekið of hratt.

Þá voru brot ellefu ökumanna mynduð á Nesvegi á Seltjarnarnesi. Á einni klukkustund fór 121 ökutæki tiltekna akstursleið og því óku 9 prósent of hratt. - jss

Íslenskar stúlkur í Bretlandi:

## Dæmdar og sleppt úr haldi

**BRETLAND Tvær íslenskar stúlkur, 19 og 20 ára, voru dæmdar í fangelsi í Bretlandi fyrr í vikunni.**

**Aldís Egilsdóttir og Ragnheiður Holgeirsdóttir fengu átján mánaða dóm hvor fyrir aðild sína að vopnuðu ráni. Þær lokkuðu mann með sér inn í íbúð þar sem hans biðu átta menn sem rændu hann og börðu.**

**Stúlkunum hefur báðum verið sleppt úr fangelsi vegna þess að þær hafa setið í gæsluvarðhaldi síðan í júlí á síðasta ári. Dómari sagði þær hafa verið saklausa útlendinga sem hafi lent í vondum félagsskap.** - þeb

Krafinn um 40 milljónir:

## Sló mann og olli heilaskaða

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann á fimmtugsaldri fyrir stórfellda líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. mars 2009 á veitingastaðnum Amsterdam, Hafnarstræti 5, Reykjavík, slegið annan mann hnefahöggi í andlitið, með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlegan heilaskaða.

Fórnarlamb árásarmannsins krefst skaða- og miskabóta að upphæð rúmlega 41 milljónar króna. - jss

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fjórar líkamsárásir kærðar

Fjórar líkamsárásir voru kærðar til lögreglunnar í Reykjavík í gær. Engin líkamsárásin var þó alvarleg. Töluverður erill var í miðborginni og voru nokkrir teknir fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur.

# Sjúkraflug í öskufalli bíður vottunar

**Mýflug hefur tekið við sjúkraflugi í Vestmannaeyjum eftir að Flugfélag Vestmannaeyja missti flugrekstrarleyfi sitt. Öskufall hefur hamlað flugi. Mýflug hefur til reiðu vél sem þolir öskuna en fær ekki leyfi til að nota hana strax.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja hefur í tvígang kallað til þyrlu Landhelgisgæslunnar til að flytja sjúklinga til lands, fremur en að kalla til Mýflug, sem í síðustu viku tók við sjúkraflutningum þaðan af Flugfélagi Vestmannaeyja.

Þannig fór Gæslan eina ferð í hádeginu á mánudag með sjúkling, en aðfaranótt þriðjudags var ákveðið að flytja konu í barnsnauð til lands með björgunarbátnum Þór fremur en með þyrlunni.

Gunnar Kristinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, segir öskufall frá Eyjafjallajökli hamla flugi, en þyrlan þoli það betur. Þá sé þess beðið að Mýflug fái vottun á flugvél sem þeir hafa yfir að ráða svo nota megi hana í aðstæðum sem þessum.

Um leið segir Gunnar bagalegt að nú skuli ekki staðsett í Eyjum vél til sjúkraflugs, en vélar Mýflugs eru staðsettar á Akureyri og geta 75 til 80 mínútur liðið frá útkalli þar til hún er komin til Vestmannaeyja. Mýflug tók við fluginu samkvæmt tímabundnu samkomulagi við Sjúkratryggingar Íslands sem undirritað var síðasta föstudag, eftir að Flugfélag Vestmannaeyja missti flugrekstrarleyfi sitt. „En þetta er bara sú staða sem upp er komin og við henni varð að bregðast," segir Gunnar Kristinn.

Leifur Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Mýflugs, segir félagið í hvorugt skiptið sem um er getið hér að ofan hafa verið haft með í ráðum með hvaða hætti ætti að flytja fólkið til lands. „Ég hef farið yfir þetta með Neyðarlínunni og þeir segja mér að þetta sé ákvörðun læknanna á staðnum," segir hann.

Þá bendir Leifur á að þótt Vestmannaeyjar séu inni á flugbannssvæði vegna öskufalls þá hafi félagið yfir að ráða flugvél sem flogið geti við slíkar aðstæður. Sú vél hefur að sögn Leifs verið notuð í sjúkraflug í um tvo áratugi, en nú horfi svo við vegna Evrópureglna að ekki megi flytja með henni sjúklinga í börum áður en búið sé að votta búnaðinn. „Ég leitaði eftir því við Flugmálastjórn hvort við fengjum undanþágu í viku meðan beðið er eftir pappírum frá Bandaríkjunum, en fékk þvert nei."

Fram kemur á vef Sjúkratrygginga Íslands að í fyrra hafi verið farin 86 sjúkraflug í Vestmannaeyjum. olikr@frettabladid.is



**SJÚKRAFLUG MÝFLUGS** Síðastliðinn föstudag skrifaði Mýflug undir saming við Sjúkratryggingar Íslands um að taka tímabundið við sjúkraflugi í Vestmannaeyjum. Myndin er frá sjúkraflugi Mýflugs frá Eskifirði árið 2006. MYND/HÖRÐUR GEIRSSON

Samningslag milli kosninga:

## Nýta dagana til næstu kosninga

**ICESAVE** Ríkisstjórnin vill láta reyna á hvort unnt sé að ná samkomulagi við Breta og Hollendinga um Icesave fyrir þingkosningarnar í Hollandi 19. júní. Forystumenn stjórnmálaflokkanna ræddu málið á fundi síðdegis í fyrradag.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Að sögn Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra hafa einhverjar samningsumleitanir átt sér stað þótt ekki liggi fyrir ný samningsdrög. Hann segir ýmislegt benda til þess að lag kunni að vera til samninga fyrir hollensku kosningarnar og á það eigi að láta reyna. - óká

Íslensk kona í Bandaríkjunum:

## Dæmd í fangelsi í New York

**BANDARÍKIN Íslensk kona hefur verið dæmd í 21 mánaðar fangelsi í New York í Bandaríkjunum fyrir að hafa komist ólöglega til landsins og flúið dómhús eftir handtöku.**



**LINDA BJÖRK MAGNÚSDÓTTIR**

**Konan, Linda Björk Magnúsdóttir, var handtekin í nóvember í fyrra þegar hún kom til Bandaríkjanna frá Kanada. Hún slapp úr dómhúsi meðan hún beið þess að vera kölluð fyrir dómara. Hún fannst átta klukkustundum eftir að hún slapp og hefur setið í varðhaldi síðan.** - þeb






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGIN**
Það lítur út fyrir nokkuð bjart veður sunnanlands um helgina og þá sérstaklega á sunnudaginn. Norðan- og austanlands má hins vegar gera ráð fyrir rigningu með köflum og jafnvel slyddu á sunnudaginn því veður fer heldur kólnandi.



**Á MORGUN**
Strekkingur NV-lands annars hægari.

**SUNNUDAGUR**
Strekkingur NV-lands annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 26° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 13° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




# FYLLT NAUTAFILÉ MEÐ FETAOSTAMAUKI OG TABOULEH SALATI fyrir 4

*að hætti Rikku*

100 g hreinn fetaostur
100 g sólþurrkaðir tómatar
½ tsk chili-aldin flygsur (crushed red pepper McCormick)
4 fersk basilikublöð
700 g nautafilé
½ msk smjör
salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 180° C. Setjið fetaost, sólþurrkaða tómata, chili-aldin krydd og basilikublöð í matvinnsluvél og vinnið vel saman. Skerið kjötið í 3 cm þykkar steikur. Bræðið smjörið á heitri pönnu og brúnið steikina á öllum hliðum. Skerið vasa í steikina og fyllið með fetaostamaukinu. Bakið í ofni í 20 mín eða þar til kjarnhitinn er orðinn 60° C, fyrir þá sem eru með kjöthitamæli. Hvílið steikina undir álpappír í 10 mínútur og berið fram með Tabouleh salatinu.

TABOULEH SALAT
150 g cous cous
1 msk söxuð fersk mintulauf
handfylli steinselja, söxuð
½ rauðlaukur, saxaður
6 kirsuberjatómatar, skornir í fernt
3 msk ólífuolía
3 msk sítrónusafi
salt og nýmalaður pipar

Eldið cous cousið samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu. Blandið öllu hráefninu saman og kryddið með salti og pipar eftir smekk.

Kkal: 520/ 26% RDA
Fita: 31g / 48% RDA
Prótín: 43/ 87% RDA
Kolvetni: 16g/ 5% RDA
B6 vítamín: 1.3 mg/ 63% RDA
Sink: 8.3 mg/ 55% RDA
Járn: 3.9 mg/ 22% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Kjúklingahversdagssteik**
læri með legg




**Indverskar kjúklingalundir**
ferskar




**Fylltur lambahryggur**
að hætti Jóa Fel




**Kryddlegnar lambatvírifjur**
frábærar á grillið!



LAMBALÆRI FROSIÐ
995 kr/kg.



LAMBAHRYGGUR FROSINN
1.279 kr/kg.

## ÓDÝRT Í HAGKAUP

1. FLOKKS LAMBAKJÖT
á frábæru verði!




TILBOÐ
NEW ORLEANS BBQ SVÍNARIF
1.119 kr/kg.




EGILS MIX 2 LTR.
179 kr/stk.




REMI KEX
199 kr/stk.




CHICAGO TOWN PIZZUR
499 kr/stk.




ÖMMUBAKSTUR FLATKÖKUR
129 kr/stk.



NÝTT
NÝBAKAÐ
GRÓFT BAGUETTE
259 kr/stk.




NATRACARE VÖRUR
20%
afsláttur v/kassa



24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 16. maí á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

## KJÖRKASSINN



*Á að sameina iðnaðar-, sjávar, útvegs- og landbúnaðarráðuneytið í eitt atvinnuvegaráðuneyti?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 72,9% |
| NEI | 27,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú búin(n) að ákveða hvað þú ætlar að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum 29. maí?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Ný rannsókn sýnir að konur á pillunni virðast líklegri til að finna fyrir kyndeyfð:

# Gömul sannindi í nýrri rannsókn

**HEILBRIGÐISMÁL** Hormónagetnaðarvarnir virðast geta haft neikvæð áhrif á kynhvöt kvenna, samkvæmt nýrri rannsókn sem birt var í byrjun mánaðarins í læknaritinu Journal of Sexual Medicine. Netúgáfa Time vitnar til rannsóknarinnar undir yfirskriftinni „Lítil kynhvöt, konur? Pillunni kann að vera um að kenna.“

Spurningalisti var lagður fyrir yfir þúsund kvenkyns læknanema í Þýskalandi.

„Niðurstaðan var að konur sem notuðu hormónagetnaðarvarnir, aðallega pilluna, höfðu minni kynhvöt og fundu fyrir minni kynæsingi en konur sem notuðu aðrar eða engar getnaðarvarnir,“ er haft eftir Alfred Mueck, yfirmanni Miðstöðvar kvenheilsu við háskólasjúkrahúsið í Tübingen í Þýskalandi.

Hann áréttar þó að rannsóknin sýni bara fylgni milli notkunar hormónagetnaðarvarna og kyndeyfðar, ekki orsakasamband.

Ebba Margrét Magnúsdóttir, læknir hjá Landspítalanum og sérfræðingur í kvensjúkdómum, segir ný sannindi ekki að finna í þýsku rannsókninni, minni kynhvöt sé ein af þekktum aukaverkunum hormónagetnaðarvarna. „Konur koma oft og spyrja um þetta,“ segir hún, en áréttar um leið að fæstar konur finni fyrir slíkum aukaverkunum. „En þá notum við bara lykkjuna eða eitthvað annað,“ segir hún. - óká



**AUTT RÚM** Ný könnun rennir stoðum undir að hormónagetnaðarvarnir geti dregið úr kynhvöt kvenna. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES






# Lárus sagður leppur Jóns Ásgeirs í Glitni

**Lárusi Welding var lofað 1,3 milljörðum króna fyrir eins árs starf fyrir Glitni. Það var þrefalt meira en Bjarni Ármannsson fékk fyrir tíu ára starf. Jón Ásgeir Jóhannesson er sagður hafa komið fram við Lárus eins og útibússtjóra.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig er samskiptum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Lárusar Welding lýst í stefnu skilanefndar og slitastjórnar Glitnis?

Jón Ásgeir Jóhannesson er sakaður um að hafa komið Lárusi Welding á stól bankastjóra í Glitni eftir að hafa losað sig við Bjarna Ármannsson þrátt fyrir að Lárus hafi skort nauðsynlega reynslu til að takast á við starfið, í stefnu skilanefndar og slitastjórnar Glitnis.

Stefna skilanefndar og slitastjórnar Glitnis var þingfest fyrir dómi í New York á þriðjudag. Þar er Jóni Ásgeiri, Lárusi og fimm öðrum einstaklingum stefnt til greiðslu jafnvirði 257 milljarða króna skaðabóta. Endurskoðunarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers er einnig stefnt.

Í stefnunni er Jón Ásgeir sagður hafa náð undirtökunum í Glitni þegar hann, í gegnum félög í hans eigu, ásamt tengdum aðilum átti um 39 prósenta hlut í Glitni árið 2007. Jón er sagður hafa sett fólk sér handgengið í stjórn Glitnis, og komið því til leiðar að stjórnin losaði sig við Bjarna Ármannsson úr stóli forstjóra bankans.

Í stefnunni er því haldið fram að Jón Ásgeir hafi í raun stýrt stjórninni, og séð til þess að hún réði Lárus Welding sem bankastjóra í stað Bjarna. Lárus var áður útibússtjóri Landsbankans í London, þar sem hann stýrði 75 starfsmönnum. Starfsmenn Glitnis voru á þeim tíma um 1.900 í tíu löndum. Í stefnunni er því haldið fram að Lárus hafi verið of reynslulítill til að takast á við starfið.

Auk þess að stýra Glitni sem bankastjóri var Lárus einnig formaður lánanefndar bankans, sem tók ákvarðanir um útlán, meðal annars til fyrirtækja tengdum Jóni Ásgeiri.

Í starfsreglum lánanefndarinnar voru ákvæði um að ef ekki væri mögulegt að fjalla um mál á fundum lánanefndarinnar gætu einhverjir tveir nefndarmenn heimilað lánveitingar. Annar þeirra varð að vera formaður eða varaformaður nefndarinnar. Lárus var því, að því er fram kemur í stefnunni, í lykilstöðu til að veita lán til aðila sem tengdust eigendum bankans.

Lárusi er í stefnunni lýst sem nokkurs konar leppi Jóns Ásgeirs, sem hafi tekið við beinum skipunum um hvernig reka ætti bankann frá Jóni.

Vitnað er í tölvupóst frá Lárusi, þar sem hann kvartaði undan því að Jón Ásgeir kæmi fram við hann eins og útibússtjóra, ekki bankastjóra.

Laun Lárusar voru úr öllu samhengi við launakjör Bjarna Ármannssonar, forvera hans á bankastjórastóli.

Í stefnunni kemur fram að Bjarni hafi fengið 3,3 milljónir Bandaríkjadala í laun á þeim tíu árum sem hann stýrði bankanum. Sé það reiknað á gengi dagsins í gær samsvarar það um 426 milljónum króna, eða um 42,6 milljónum á ári að meðaltali.

Lárus fékk sem frægt er orðið 300 milljóna króna eingreiðslu þegar hann kom til starfa, og var lofað ríflega 10 milljónum Bandaríkjadala, 1,3 milljörðum króna, í laun fyrir fyrsta árið. Það er ríflega þreföld sú upphæð sem Bjarni fékk greidda fyrir tíu ára starf fyrir Glitni, að því er fram kemur í stefnunni. brjann@frettabladid.is



**SKIPT ÚT** Eftir að Jón Ásgeir og tengdir aðilar höfðu skipt út stjórnarmönnum Glitnis var röðin komin að Bjarna Ármannssyni bankastjóra (til hægri). Arftaki hans, Lárus Welding, fékk ótrúlega góð kjör miðað við reynsluleysi, segir í stefnu skilanefndar og slitastjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Mikið að gera í höfninni á Arnarstapa í fyrstu viku strandveiða:

# Kynslóðir saman á veiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég er nú hættur að vinna, þetta er bara áhugamál,“ sagði Kristján Pétursson sjómaður sem hafði lokið löndun á Arnarstapa eftir túr dagsins þegar Fréttablaðið hitti hann í vikunni. Kristján er einn fjölmargra sem stunda strandveiðar. Höfnin á Arnarstapa var þétt skipuð bátum á þriðjudag en strandveiðitímabilið hófst á mánudag.

Barnabarn Kristjáns, Fannar Freyr Magnússon, er háseti hjá honum á bátnum Teistu og höfðu þeir langfeðgar veitt dagskammtinn, 773 kíló, á fimm tímum. „Við vorum bara tvo tíma að þessu á mánudag,“ segir Kristján sem er frá Akranesi og hefur stundað sjóinn síðan 1954. - sbt



**LÖNDUN LOKIÐ** Fannar Freyr og Kristján í höfninni á Arnarstapa. Á milli þeirra er Kvzysztoy Richard sem vinnur við uppskipun á Arnarstapa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# NÆRING FYRIR BETRA LÍF




# HERBALIFE

Herbalife hefur stuðlað að betri næringu og hollum lífsstíl í yfir 30 ár




*Herbalife hefur stuðlað að betri næringu og hollum lífsstíl í yfir 30 ár.*
*Milljónir manna hafa kynnst því hvernig vörur Herbalife eru hornsteinar*
*fyrir hollan og hreyfanlegan lífsstíl.*

## Við þökkum viðskiptavinum okkar áframhaldandi stuðning og traust, ánægðir viðskiptavinir eru okkur allt!

Herbalife er stolt af því að vörurnar sem það þróar byggjast á allra nýjustu vísindum og rannsóknum svo og ströngustu kröfum um gæða- og öryggisstaðla.

Við notum aðeins bestu og virkustu hráefni sem fáanleg eru og höfum skuldbundið okkur til þess á næstu 30 árum að færa viðskipavinum okkar aðeins allra bestu næringarvörur sem völ er á.

Við erum stolt af þeirri ótrúlegu þjónustu sem dreifingaraðilar veita viðskiptavinum okkar í því skyni að ná markmiðum sínum.
Við erum stolt af því að flytja boðskapinn um góða næringu til fólks um allan heim.



**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hver er nýr utanríkisráðherra Breta?

2 Hver er nýr formaður Rithöfundasambands Íslands?

3 Hverjir eru nýkrýndir meistarar Evrópudeildar UEFA?

SVÖR Á SÍÐU 34

Fjármálaumgjörðin gekk úr lagi fyrir efnahagshrunið, segir seðlabankastjóri:

# Réttast að stofna eftirlitshóp

**EFNAHAGSMÁL** Mati á kerfisáhættu var hér mjög ábótavant, mat á erlendri og innlendri lausafjáráhættu var vanmetið og stofnanaumgjörðin svo gölluð að fólki var ekki ljóst hvar ábyrgðin lá fyrir efnahagshruninu 2008.

Þetta segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Hann hélt erindi í vikunni á fundi Samtaka fjármálafyrirtækja um mikilvægi þess að setja traustari ramma um peningastefnuna og fjármálastöðugleikann.

Már fór yfir þá þætti sem hefðu átt að vera í lagi fyrir hrunið og kynnti alþjóðlega umgjörð um kerfisáhættu fyrir bæði Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið og hjá opinberum stofnunum. Slíkt hafi gefist vel við hagstjórn í Asíu, að sögn Más.



MÁR GUÐMUNDSSON

„En við megum ekki taka allt og fylgja þeim beint,“ sagði hann og vísaði til innleiðingar EES-reglna um fjármálafyrirtæki í kjölfar einkavæðingar bankanna. Ekki var farið fram á undanþágur vegna sérstöðu landsins.

Þá lagði Már áherslu á að setja þurfi saman hóp fólks, sem verði einu skrefi á undan og velti því viðstöðulaust fyrir sér hvað geti farið úrskeiðis í peningastjórn landsins. „Þetta fólk verður að hugsa um málið í vöku sem svefni,“ sagði hann. - jab

Skert starfsemi FSA í sumar:

## Óttast um öryggi sjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Hjúkrunarráð Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) óttast að skert starfsemi í sumar sé varhugaverð og ógni gæðum öryggis sjúklinga.

Hjúkrunarráð lýsir yfir áhyggjum vegna lengingar á skertri starfsemi sjúkrahússins í sumar. Vegna krafna um sparnað verði fáir ráðnir til afleysinga og til að mæta því verði sumarorlofstíma starfsfólks dreift á sextán vikur í stað tólf. Á því tímabili verði því fyrst og fremst um bráðastarfsemi að ræða. - jss






Upptökur þóttu sanna sekt:

## Fimm ára fangelsi fyrir stórfellt dópsmygl

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt Gunnar Viðar Árnason, tæplega þrítugan karlmann, í fimm ára fangelsi fyrir innflutning á sex kílóum af amfetamíni til landsins frá Hollandi í apríl 2009. Efnin voru ætluð til sölu.**

**Hæstarétti þótti sannað að maðurinn hafi lagt á ráðin um innflutninginn og verið í samráði við menn í Hollandi um tilhögun á sendingu fíkniefnanna hingað til lands.**

**Gunnar Viðar neitaði sök en afrit af símtölum sem lögreglan hafði undir höndum og upptökur af samtölum Gunnars við annan mann í heimsóknarherbergi á Litla-Hrauni þóttu sanna sekt hans.** - jss



**STEYPT** Gríðarleg fækkun ársverka hefur orðið í mannvirkjagerð á undanförnum misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ársverkunum hefur fækkað um tíu þúsund

**Ársverkum í landbúnaði og sjávarútvegi hefur fjölgað en fækkað í iðnaði og þjónustu. Mest fækkun er í mannvirkjagerð. Talsverð fjölgun er í ferðaþjónustu.**

**ATVINNUMÁL** Fækkað hefur um nálega tíu þúsund ársverk í mannvirkjagerð frá þriðja ársfjórðungi ársins 2008 til fyrsta ársfjórðungs 2010. Viðlíka samdráttur hefur ekki orðið í neinni annarri grein frá hruni.

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur svarað fyrirspurn Birgis Ármannssonar, Sjálfstæðisflokki, um samanburð á ársverkum sundurliðað eftir atvinnugreinum.

Í því kemur fram að í byrjun þessa árs voru 10.500 ársverk í mannvirkjagerð á móti 20 þúsund ársverkum upp úr miðju ári 2008.

Á skoðunartímabilinu hefur ársverkum fækkað um tíu þúsund, farið úr 173.900 á fyrsta ársfjórðungi 2008 í 163.900 á fyrsta ársfjórðungi 2010. Flest voru ársverkin á þessu tímabili á þriðja ársfjórðungi 2008, 183.800.

Ársverkum hefur fjölgað í nokkrum greinum og sýnu mest í flokknum hótel og veitingahús. Ársverkin voru sex þúsund á fyrsta fjórðungi 2008 en átta þúsund í ár. Fjölgað hefur í fræðslustarfsemi um 1.600 ársverk, opinberri stjórnsýslu um 300, fiskiðnaði um 400, veiðum um 300 og landbúnaði um 300 ársverk.

Auk mannvirkjagerðar hefur fækkað í flokknum öðrum iðnaði, verslun og viðgerðum, fasteignaviðskiptum og ýmissi þjónustu og fjármálaþjónustu. Fækkunin í fjármálaþjónustu nemur 1.900 ársverkum. bjorn@frettabladid.is

**Gríðarlegur samdráttur í mannvirkjagerð á tveimur árum**

**Þróun ársverka frá 1. ársfjórðungi 2008 til 1. ársfjórðungs 2010**

| Grein | 1.ársfj.´08 | 3.ársfj.´08 | 1.ársfj.´09 | 3.ársfj.´09 | 1.ársfj.´10 |
|---|---|---|---|---|---|
| Landbúnaður | 3.800 | 5.300 | 3.200 | 4.400 | 4.100 |
| Fiskveiðar | 4.400 | 4.200 | 3.900 | 4.700 | 4.700 |
| Fiskiðnaður | 2.900 | 2.800 | 4.000 | 2.800 | 3.300 |
| Annar iðnaður | 16.100 | 17.700 | 15.200 | 18.100 | 14.100 |
| Mannvirkjagerð | 16.500 | 20.000 | 11.400 | 12.400 | 10.500 |
| Verslun og viðgerðir | 29.900 | 21.700 | 23.200 | 20.700 | 20.300 |
| Hótel og veitingahús | 6.000 | 6.900 | 6.700 | 8.000 | 8.000 |
| Fjármálaþjónusta | 9.500 | 9.000 | 8.000 | 7.800 | 7.600 |
| Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta | 17.200 | 17.500 | 16.000 | 16.100 | 15.800 |
| Stjórnsýsla | 9.100 | 9.500 | 9.700 | 8.400 | 9.400 |
| Fræðslustarfsemi | 20.900 | 21.500 | 21.300 | 19.600 | 22.500 |
| Heilbrigðisþjónusta | 26.700 | 28.400 | 25.200 | 29.400 | 26.900 |
| Önnur þjón./menning | 4.700 | 5.400 | 4.000 | 5.000 | 4.500 |




# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



30% afsláttur

**LAMBALÆRI**
NETTÓ

1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg

# *Gott verð í Nettó!*

**GRÍSAKÓTILETTUR**
FERSKAR



32% afsláttur

1.393 kr/kg
áður 2.049 kr/kg

**FYLLTAR GRÍSALUNDIR**
FERSKAR



34% afsláttur

1.979 kr/kg
áður 2.998 kr/kg

**REYKTAR SVÍNAKÓTILETTUR**
GRILL




30% afsláttur

1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg

**SVÍNAKÓTILETTUR**
GRILL




30% afsláttur

1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg

**SVÍNABÓGSSNEIÐAR**
GRILL




30% afsláttur

769 kr/kg
áður 1.098 kr/kg

**SVÍNALÆRISSNEIÐAR**
GRILL




30% afsláttur

979 kr/kg
áður 1.398 kr/kg

**OSTAPYLSUR**




34% afsláttur

296 kr/pk
áður 449 kr/pk

**KLEMENTÍNUR**



50% afsláttur

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 13. - 16. maí eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

Hrósa happi yfir að hafa keypt upptökuvél þegar evran var 80 krónur:

# Einu kartöflubændurnir á Vesturlandi

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta er auðvitað viss áhætta, maður veit aldrei hversu mikil uppskeran verður,“ segir Þóra Kristín Magnúsdóttir, bóndi á Hraunsmúla í Staðarsveit á Snæfellsnesi, spurð hvernig standi á því að hún og maður hennar, Helgi Sigurmonsson bóndi, séu einu kartöflubændurnir á öllu Vesturlandi. „Það voru fleiri í þessu hér áður fyrr en svo hættu allir nema við.“ Þóra og Helgi höfðu nýlokið við að setja niður útsæðið þegar Fréttablaðið hitti þau.

Í fyrra varð uppskeran 70 tonn af kartöflum úr þriggja hektara landi en Þóra og Helgi segja ómögulegt að spá fyrir um uppskeruna í ár. „Það fer allt eftir því hvað þú lofar mér mikilli rigningu, það er yfirleitt nóg af sólinni,“ segir Helgi sem rifjar upp að í fyrra hafi verið þurrkar í tvo mánuði sem hafi gert þeim erfitt fyrir.

Stolt heimilisins er svo upptökuvélin sem keypt var fyrir nokkrum árum en hún tók við af 40 ára gamalli græju. „Við vorum svo heppin að kaupa vélina þegar evran var 80 krónur,“ segir Helgi og hlær.

Fyrir utan kartöflurnar gera hjónin út bát frá Arnarstapa. „Meira þurfum við ekki enda börnin uppkomin,“ segir Þóra Kristín. **- sbt**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STOLT HEIMILISINS** Helgi og Þóra Kristín með upptökuvélina góðu á milli sín. Hún er nokkurra ára gömul og var keypt þegar evran fékkst á 80 krónur og auðveldara var að endurnýja tækin.



**SÆTUR EN GRIMMUR** Þessi Síberíutígur er búsettur í dýragarðinum í Leipzig í Þýskalandi. Síberíutígur er í mikilli útrýmingarhættu en dýrið lifir einkum í Mongólíu, Rússlandi og Kína. MYND / AFP

Ógilda bréf skólastjóra:

## Sameining olli ekki uppsögn

**SKÓLAMÁL** Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur dregið til baka og harmað bréf sem Auður Hrólfsdóttir, skólastjóri Engidalsskóla, sendi fimm starfsmönnum skólans.

Að sögn Magnúsar Baldurssonar fræðslustjóra tengdi skólastjórinn uppsagnir starfsfólksins við fyrirhugaða sameiningu Engidalsskóla og Víðistaðaskóla. Það væri einfaldlega ekki rétt heldur væri um að ræða starfsfólk sem ráðið hefði verið til eins árs. Reynt verði að finna fólkinu starf í hinum sameinaða skóla eða í öðrum grunnskólum bæjarins.

Auður sótti um stöðu skólastjóra í sameinaða skólann en fræðsluráð ákvað í gær að mæla með Sigurði Björgvinssyni, skólastjóra Víðistaðaskóla. **- gar**


Norðfirðingafélagið í Reykjavík

**Viðeyjarganga**

Þann 15. mai n.k. boðar Norðfirðingafélagið til Viðeyjargöngu.

Mæting við ferjuna úti í Viðey kl. 11.00 en brottför er kl. 11.15 og tilbaka kl. 14.00. Leiðsögn verður um eyjuna.

- **Félagið minnir á hið árlega sjómannadagskaffi**
  Sjómannadagskaffi félagsins verður haldið á Kaffi Reykjavík þann 6. júní n. k. kl. 15:00-17:00 .

*Stjórn Norðfirðingafélagsins í Reykjavík.*


# Meirihlutinn fallinn í könnun á Akranesi

**Samfylkingin og Vinstri græn bæta við sig miklu fylgi á Akranesi samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Frjálslynda flokksins er þar með fallinn. Frjálslyndir bjóða ekki fram lista í kosningunum.**

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn á Akranesi tapar miklu fylgi frá sveitarstjórnarkosningunum 2006, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samfylking og Vinstri græn bæta verulega við fylgi sitt og eru samanlagt með tæplega 63 prósent atkvæða.

Sjálfstæðisflokkurinn er í dag í meirihlutasamstarfi með Frjálslyndum og óháðum, sem bjóða ekki fram í þessum kosningum. Meirihlutasamstarfinu var því í raun sjálfhætt, hvort sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði tapað fylgi eða ekki.

Samfylkingin er stærsti flokkurinn á Akranesi samkvæmt könnuninni, sem gerð var síðastliðið þriðjudagskvöld. Flokkurinn mælist með stuðning 40,1 prósents kjósenda, en fékk 24,2 prósent í síðustu kosningum. Fylgisaukningin er því 15,9 prósentustig.

Yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við þetta myndi flokkurinn tvöfalda fjölda bæjarfulltrúa sinna, fá fjóra í stað tveggja í dag. Níu bæjarfulltrúar sitja í bæjarstjórn Akraness.

Alls sögðust 25,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku að þeir myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef gengið yrði til kosninga nú. Flokkurinn fékk 37 prósent atkvæða í kosningunum 2006, og tapar því 11,5 prósentustigum. Flokkurinn myndi samkvæmt þessu tapa helmingi bæjarfulltrúa sinna, fá tvo í stað fjögurra nú.

Vinstri græn bæta við sig verulegu fylgi frá kosningum, og mælast nú með 22,7 prósent atkvæða. Flokkurinn fékk 13,9 prósent atkvæða í síðustu kosningum og bætir því við sig 8,8 prósentustigum. Vinstri græn fengju samkvæmt þessum niðurstöðum tvo bæjarfulltrúa í stað eins í dag.

Framsóknarflokkurinn nýtur stuðnings 11,8 prósenta íbúa Akraness, en fékk 12,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Yrði þetta niðurstaða kosninga fengi flokkurinn einn bæjarfulltrúa, sama fjölda og hann er með í dag.

Frjálslyndi flokkurinn býður ekki fram á Akranesi í þessum kosningum. Framboð Frjálslyndra og óháðra fékk einn bæjarfulltrúa í sveitarstjórnarkosningunum 2006.

Hringt var í 600 manns þriðjudaginn 11. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 59,5 prósent afstöðu til spurningarinnar. **brjann@frettabladid.is**






**ÁLVERIÐ** Helmingur sumarstarfsmanna kemur af Austurlandi.

Alcoa Fjarðaál bætir við sig:

## Ráða 100 starfsmenn í sumar

**AUSTURLAND Um 100 starfsmenn verða ráðnir í sumarafleysingar hjá Alcoa Fjarðaáli, að því er fram kemur í tilkynningu. Hjá fyrirtækinu starfa um 480 manns, en auk þess vinna rúmlega 300 starfsmenn verktaka á svæðinu.**

**Fram kemur að tæpur helmingur sumarstarfsmannanna sé af Austurlandi en um fjórðungur komi af höfuðborgarsvæðinu. „Um 80 af þeim sem ráðnir verða í sumarafleysingar hjá Fjarðaáli munu starfa við framleiðslu í álverinu í Reyðarfirði.“ - óká**

Veiruskitan vægari en áður:

## Smitast hvorki í fólk né mjólk

**LANDBÚNAÐUR** Veiruskita sem herjað hefur á kýr á nokkrum bæjum á Norður- og Austurlandi að undanförnu og Fréttablaðið greindi frá í gær, virðist „fremur væg og í rénun“, að því er segir á vef Landssambands kúabænda. Veikin er ekki sögð hafa áhrif á gæði mjólkur og smitast ekki í fólk.

Haft er eftir sérfræðingum ráðgjafarmiðstöðvarinnar Búgarðs að kýr hafi yfirleitt náð sér á nokkrum dögum. „Veiruskitunnar varð síðast vart á svæðinu fyrir um fimm árum og þá var hún mun svæsnari en nú.“ Matvælastofnun er sögð rannsaka faraldsfræði veikinnar en upptök hennar hafa ekki verið staðfest. **- óká**


UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA







Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

50 kassar utan um augnakonfekt.

500 bæklingar með nýju sniði.

Oddi

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Grillveisla

## með Ellingsen

**ÞÚ FÆRÐ GASGRILLIÐ SAMSETT OG SENT HEIM!**
Heimsending er fyrir höfuðborgarsvæðið, og Akureyri virka daga kl. 8–18.



**GRILLUNUM FYLGIR:**

- 5 kg smellugashylki
- kippa af 2 lítra Coca-Cola
- Lays-flögur



**ELLINGSEN 2**
Tveir steypujárnsbrennarar, 24.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neista-kveikja. Grillflötur 450 x 467 mm.
**Verð 79.900 kr.**

**13.317 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**ELLINGSEN 3**
Þrír steypujárnsbrennarar, 36.000 BTU, 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neistakveikja Grillflötur 633 x 467 mm.
**Verð 109.500 kr.**

**18.250 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**ELLINGSEN 4**
Fjórir steypujárnsbrennarar, 48.000 BTU. 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki, 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind út steypujárni og neistakveikja. Grillflötur 780 x 467 mm.
**Verð 129.900 kr.**

**21.650 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**COLEMAN-FERÐAGASGRILL**
Grillflötur 630x380 mm. 2 brennarar úr ryðfríu stáli, 7 kW. Lok með postulíns-emeleringu, hitamælir og 2 fellanleg hliðarborð.
**Verð 49.900 kr.**

**8.317 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



**CAMIPNGAZ RBS CI GRAND**
Grillflötur 2000 cm2 Keramik brennarar á hliðum. Lok með glugga, efri grind (hitagrind), hitamælir, neistakveikja og sterk hlíf að framan með hillu.
**Verð 69.900 kr.**

**11.690 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.



Grillin eru afgreidd með Smellugasi sem er nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. Nánari upplýsingar á **smellugas.is**

Smellugas

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16

Ellingsen
*– fullt hús ævintýra*

**FRÉTTASKÝRING:** Garðbæingar þekkja ekki annað en hreinan meirihluta Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn

# Slapp flestum betur frá hruninu

**Garðabær slapp betur frá hruni efnahagslífsins en flest önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Fjárhagsstaðan er traust og reksturinn skilaði góðum afgangi síðasta ár.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hafði markað þá stefnu að taka engin lán í erlendum gjaldmiðlum. Skuldastaðan stökkbreyttist því ekki við hrun krónunnar, líkt og gerðist til dæmis hjá nágrönnunum á Álftanesi.

Þá tóku einkaaðilar en ekki bæjarsjóður mesta skellinn af samdrætti á byggingamarkaði í bænum. Kópavogur, Reykjavík og fleiri sveitarfélög hafa orðið fyrir miklum kostnaði vegna skila á byggingarlóðum en hjá Garðabæ er ekki um slíkt að ræða; þeir einstaklingar sem eru að byggja í Akralandi og Urriðaholti keyptu sínar lóðir af einkafyrirtækjum.

Þá var lánið með Garðbæingum hvað varðar kostnað sveitarfélagsins við uppbyggingu nýs miðbæjar. Framkvæmdir þar voru að rétt að hefjast þegar hrunið varð.

Útsvarstekjur bæjarins á hvern íbúa eru með þeim hæstu á landinu í Garðabæ þótt útsvarsprósentan sé þar ein sú lægsta. Minnihlutinn bendir á að Garðbæingar séu krafðir um hærri þjónustugjöld en íbúar margra annarra sveitarfélaga. Deilur um þetta hafa meðal annars birst í umræðum um þátttöku bæjarins í því að niðurgreiða mat fyrir börn í grunnskólum og leikskólum.

Skólamál hafa verið í brennidepli í Garðabæ undanfarin ár og meirihlutinn hefur lagt áherslu á einkarekstur, meðal annars með samstarfi við skóla Hjallastefnunnar, sem hefur rekið grunnskóla fyrir börn í 1. til 4. fjórða bekk. Skólanefnd bæjarins samþykkti nýlega að semja við fyrirtækið um aukin viðskipti og grunnskólavist fyrir nemendur upp í 7. bekk.

Hreinn meirihluti Sjálfstæðisflokksins hefur verið við völd í Garðabæ svo lengi sem elstu menn muna. Flokkurinn hefur nú fjóra bæjarfulltrúa af sjö en Samfylking og Framsókn fengu þrjá af sameiginlegum A-lista.

Framsóknarmenn og samfylkingarmenn hafa hætt samstarfinu og bjóða nú fram eigin lista. VG býður ekki fram í Garðabæ.

Nokkur átök hafa verið innan Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ. Það birtist skýrast í óánægju sem kom upp í kjölfar prófkjörs þar sem fjórir karlar urðu í efstu sætum. Úr því var leyst með því að Erling Ásgeirsson, sem varð í 1. sæti, og Áslaug Hulda Jónsdóttir, sem varð í fimmta sæti, höfðu sætaskipti. Erling er sagður í baráttusæti flokksins, þannig að markmið sjálfstæðismanna er að sækja sér einn fulltrúa til viðbótar í þessum kosningum.

Fjórði framboðslistinn sem fram kom fyrir þessar kosningar hefur sterk tengsl við Sjálfstæðisflokkinn. Oddviti M-listans, Ragný Þóra Guðjohnsen, er varabæjarfulltrúi sjálfstæðismanna til átta ára og formaður í nefndum bæjarins í umboði núverandi meirihluta. Hún náði ekki settu marki í prófkjöri sjálfstæðismanna. M-listinn leggur áherslu á gagnsæi og stjórnsýsluumbætur. Í öðru sæti þar er fyrrverandi varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Víðar á listanum er fólk, sem hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Það er þó ekki einhlítt, til dæmis er fyrrverandi bæjarfulltrúi framsóknarmanna og óháðra í bænum í fjórða sæti listans.

Þó er ljóst að M-listinn rær einkum á mið Sjálfstæðisflokksins í atkvæðaleit, enda er vart á önnur mið að sækja fyrir ný framboð sem leita áhrifa í bæjarpólitíkinni í Garðabæ.



**GARÐABÆR** Garðabær bar engan kostnað af lóðaskilum í kjölfar hrunsins. Einkaaðilar en ekki bærinn sjálfur báru ábyrgð á uppbyggingu byggingarsvæða.

**Pétur Gunnarsson**
peturg@frettabladid.is



## Gagnsæi og gott siðferði



„Við köllum okkur Lista fólksins í bænum af því að við viljum starfa fyrir fólkið í bænum," segir **Ragný Þóra Guðjohnsen,** oddviti M-listans. „Við endurspeglum fjölbreytni samfélagsins, erum á ýmsum aldri, konur og karlar, með mikla reynslu úr bæjarmálum, atvinnulífinu, félagsmálum og þeim málaflokkum sem sveitarstjórnin fjallar mest um."

Ragný Þóra hefur sjálf verið varabæjarfulltrúi undanfarin tvö kjörtímabil og starfað í skipulags-, bygginga- og forvarnarnefndum bæjarins. Fleiri á listanum hafa verið áberandi í starfi Sjálfstæðisflokksins en þar er einnig fyrrverandi bæjarfulltrúi Framsóknar og óháðra.

M-listinn leggur áherslu á aukið gagnsæi og gott siðferði í stjórnsýslunni segir Ragný Þóra. Þar endurspeglist sú krafa sem verið hefur uppi á landsvísu um breytta og bætta stjórnsýslu. „Hugsjónir okkar eru í samræmi við þessa nýju sýn á samfélagið á Íslandi," segir hún. Einnig er lögð áhersla á góða velferðarþjónustu og markvisst starf í málaflokkum bæjarins, sérstaklega skólamálum og á uppbyggingu í útivistar- og umhverfismálum í sátt við íbúa.

## Áhersla á fólkið og fjölskyldurnar



„Hjá okkur snýst þetta um að bæta það sem er gott í Garðabænum," segir **Sverrir Björn Björnsson,** nýr oddviti framsóknarmanna. Hann segir að góð fjárhagsstaða Garðabæjar gefi færi á að verja og bæta þjónustu við íbúa.

„Við leggjum áherslu á fólkið og fjölskyldurnar í bænum og viljum efla alla nærþjónustu, íbúum til hagsbóta. Það er hægt að bæta þjónustu á ýmsan hátt án þess að kostnaður fari upp úr öllu valdi." Á tímum samdráttar þurfi að forgangsraða í þágu velferðar barna og unglinga. „Við teljum það lykilatriði til að geta rekið gott sveitarfélag, að stjórnsýsla sé opin og byggð á réttmætum siðferðilegum gildum."

Sjálfstæðisflokkur hefur alla tíð haft hreinan meirihluta í Garðabæ. „Við reynum okkar besta til að breyta því," segir Sverrir Björn. „Það er aldrei gott ef eitt afl er ríkjandi í sveitarstjórn eða annars staðar."

Framsóknarmenn bjóða fram undir merkinu Þinn valkostur. Þeir vilja meðal annars endurvekja næðisstundir í grunnskólum og tryggja að hægt verði að nota greiðslur frá sveitarfélaginu til að niðurgreiða tónlistarnám, líkt og íþrótta- og tómstundaiðkun. „Við viljum ekki ganga á opin svæði og byggja áfram upp net útivistar- og göngustíga," segir Sverrir Björn.

## Snýst um fjárhagslegan stöðugleika



„Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um fjárhagslegan stöðugleika, ef hann er ekki til staðar er lítið hægt að gera," segir **Áslaug Hulda Jónsdóttir,** sem skipar 1. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ. Fjárhagsstaða bæjarins sé traust og sjálfstæðismenn leggi áherslu á að útsvar verði óbreytt. Það er með því lægsta sem þekkist. „Við ætlum að halda traustri fjármálastjórn og óbreyttum álögum."

Hún segir að Sjálfstæðisflokkurinn leggi áherslu á að auka ekki skuldir bæjarbúa heldur nýta fjárhagslegan styrk bæjarsjóðs til að varðveita grunnþjónustu við íbúana. „Ég held að þessi kosningabarátta sé ekki barátta stórra loforða," segir Áslaug Hulda. „Þetta snýst um að varðveita þann árangur sem við höfum náð og horfa til framtíðar." Bærinn hafi verið í forystu í skólamálum og muni halda áfram á sömu braut í þeim efnum. „Staðan hér í Garðabæ er mjög góð, sérstaklega ef við horfum til þess hvernig hún er í sveitarfélögunum í kringum okkur." Tónninn sé jákvæðari í Garðabæ hér en annars staðar sem byggist á því að fjármálin eru í lagi. Áslaug Hulda segir að mjög góð samvinna hafi verið milli meirihluta og minnihluta í bæjarstjórninni á þessu kjörtímabili. Góð samstaða hafi þar tekist um mörg af mikilvægustu málunum. Þar hafi Gunnar Einarsson, bæjarstjóri og bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins, gegnt lykilhlutverki.

## Samvinnu í stað samkeppni sveitarfélaga



„Kosningarnar snúast um þjónustu við barnafjölskyldur, þjónustu við eldri borgara sem hefur fjölgað mikið, og svo skipulagsmál í víðu samhengi," segir **Steinþór Einarsson,** bæjarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar. „Garðabær stendur vel og getur margt gott gert en hér eru mjög há þjónustugjöld lögð á barnafjölskyldur, mun hærri en í nágrannasveitarfélögunum.

Vegna hárra meðaltekna Garðbæinga eru útsvarstekjur hærri á hvern íbúa en í öðrum sveitarfélögum þótt álagningarprósentan sé nokkuð undir hámarki.

Steinþór segir að fjárhagsstaða bæjarins sé ágæt og veiti svigrúm til að bæta þjónustu við íbúana. Eitt stærsta verkefni næstu ára verði að endurskoða miðbæjarskipulagið, draga úr því byggingarmagni sem nú er gert ráð fyrir á því svæði og „ná sátt um að byggja upp fallegan og góðan miðbæ".

Steinþór segir að allir bæjarfulltrúar hafi staðið saman að gerð síðustu fjárhagsáætlunar enda kalli ástandið í þjóðfélaginu á samstöðu. Á næstu árum þurfi sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að leggja áherslu á samvinnu á fleiri sviðum í stað þeirrar samkeppni sem ríkt hefur þeirra á milli.




Í tilefni **20 ára afmælis** Kaffitárs á þessu ári keyptum við frábært kaffi frá Daterra búgarðinum. Einstaklega bragðgott og hentar í allar uppáhellingar.

Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér

www.kaffitar.is

h2 hönnun




Borgarganga með Hjálmari

**Fræðslu- og sameiningarganga um Seljahverfi milli 10 og 12 á laugardag**

Hittumst við **Shellstöðina við Suðurfell**. Gengið um Seljahverfi, ræðum hugmyndina á bak við skipulagið og skoðum tilraunareiti í fylgd Ágústu Krisjánsdóttur og Péturs H. Ármannssonar. Rölt um einskismannslandið milli Kópavogs og Breiðholts og þess freistað að ná tali af Kópavogsbúum með sameiningu sveitarfélaganna í huga.

**Allir velkomnir í góðan göngutúr!**

HONDA
The Power of Dreams

# FRUMSÝNUM NÝJAN CR-V

## - BÍLINN SEM PASSAR




## FRUMSÝNING

Föstudag milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardag milli kl. 12:00 og 16:00

www.honda.is

Nýr CR-V passar. Með fjölda loftpúða, ABS, spólvörn, skrikvörn og endalausum öryggisatriðum passar hann börnin okkar, farþega og gangandi vegfarendur, jafnvel og bílstjórann. Hann passar ótrúlega vel þegar þú þarft að flytja marga eða mikið. Nýr CR-V passar af nákvæmni að jafnvægi krafts og eldsneytiseyðslu sé rétt og býður allt það besta í staðalbúnaði sem hugurinn girnist. Hann passar upp á umhverfið í framleiðslu og í akstri. Hann passar upp á glæsilega ásýndina. Hann passar við drauminn þinn um akstur í borg og byggð með sjálfskiptum, hljóðlátum og öflugum dísil- og bensínvélum. CR-V passar að laga sig óaðfinnanlega að þörfum eigandans. **Komdu og mátaðu hvernig nýr CR-V smellpassar fyrir þig.**

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26
Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**UMBOÐSAÐILAR:** Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT
498 KR.KG
FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
598 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1598 KR.KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MEÐAL BANANI ER U.Þ.B.. 225G EÐA 59 KR.STK.
NÝ UPPSKERA AF RAUÐUM EPLUM FRÁ ARGENTÍNU
BANANAR OG RAUÐ EPLI: 259 KR.KG.
5000 KAFFIPAKKAR EFTIR Á ÞESSU VERÐI:
398 KR.
BKI CLASSIC KAFFI MELLEMRÖSTED 500g
898 KR.KG
N.V FERSKT HAKK
SPAGHETTI BOLOGNESE
NÚ ER GOTT VERÐ Á BARILLA SPAGHETTI OG NAUTAHAKKI!
FÍN UPPSKRIFT Á BONUS.IS
UPPSKRIFT/SPAGHETTI BOLOGNESE
259 KR. 1 KG
BARILLA SPAGHETTI 1 KG
36 WHEAT BISKS
398 KR. PK
WHEAT BISKS 36 KÖKUR
998 KR. 1KG.
BÓNUS LASAGNE 1 KG
MATUR FYRIR FJÓRA.
RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 STK 398 KR.
AÐEINS 11 KR. KAFFIBOLLINN.
BÓNUS SAMLOKA +33 CL. GOSDÓS
198 KR.
598 KR. PK
BÓNUS WC PAPPÍR 18 RÚLLUR
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6 STK.
SÆLGÆTISBARINN
ENGINN AFSLÁTTUR AÐEINS GOTT VERÐ ALLA DAGA 898 KR.KG
100 GRAMMA POKI Á AÐEINS 90 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

## GOTT VERÐ Í BÓNUS SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT

Lamba-Sirloin eru sneiðar úr mjaðma hluta lambalærisins



998 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI



998 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBA- SIRLOIN



2698 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBA-FILLET



129 KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g




1598 KR.KG
**ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR




30% AFSLÁTTUR
K.F FERSKT KRYDDAÐ HEIÐA-LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
**1398 kr.kg**

NÝ BAKAÐ



198 KR.PK
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK. Í POKA




30% AFSLÁTTUR
**KF LAMBALÆRISSNEIÐAR**
*GRILL-VILLIJURTA-KRYDDAÐAR*
MERKT VERÐ 2220 KR.KG.
**1554 kr.kg**

**MYLLU JÓLAKAKA 420g**
*50 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFAN*



259 KR.STK

**RISA UNGNAUTABORGARI Í BRAUÐI Á AÐEINS 171 KR.**




139 KR.PK
BÓNUS XL- HAMBORGARA-BRAUÐ 4 STK



1359 KR.KG
KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 x 120G




205 KR. FL
HUNTS BBQ SÓSUR 612g
BBQ ORGINAL & HONEY MUSTARD



398 KR. FL
CAJ-P ORGINAL
BBQ OLÍA 500ml




179 KR. 2 LTR

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sveitarstjórnarkosningarnar snúast ekki sízt um að hætta að eyða um efni fram:

# Ekki tími yfirboða

Einhvern veginn er kosningabaráttan fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, sem fram fara í lok mánaðarins, varla komin í gang. Önnur mál hafa skyggt á hana í almennri umræðu; rannsóknarskýrsla, handtökur og stefnur á hendur útrásarvíkingum, náttúruhamfarir. Engu að síður eru kosningarnar mikilvægt mál. Það er brýnt að kjósendur setji sig inn í málin í sínu sveitarfélagi og taki upplýsta ákvörðun um hvernig þeir hyggjast verja atkvæði sínu. Ef við teljum lýðræðið á annað borð mikilvægt hljótum við að vilja nota kosningaréttinn.

Ritstjórn Fréttablaðsins hefur viljað gera sitt til að stuðla að upplýstri umræðu og birtir nú síðustu vikurnar fyrir kosningar skoðanakannanir í stærstu sveitarfélögunum í hverjum landshluta og fréttaskýringar um stöðuna í stærstu bæjunum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Af þeim greinum, sem þegar hafa birzt, er nokkuð ljóst að fjármálin eru efst á baugi víðast hvar. Mörg sveitarfélög eru illa stödd eftir bankahrunið. Þau höguðu sér mörg hver eins og fyrirtæki sem nú eru í vanda, tóku há lán fyrir framkvæmdum og uppfyllingu annarra kosningaloforða en eru nú í þeirri stöðu að lánin hafa snarhækkað vegna hruns gjaldmiðilsins og tekjurnar til að standa undir afborgunum dregizt saman, meðal annars vegna þess að flestir útsvarsgreiðendur hafa misst spón úr aski sínum. Fjöldi sveitarfélaga er því hrikalega skuldsettur.

Við þessar aðstæður er úrlausnarefni stjórnmálamannanna hvernig á að koma lögbundnum verkefnum sveitarfélaganna, einkum velferðar-, félags- og menntamálum, fyrir innan þrengri fjárhagsramma. Svigrúmið til að lofa nýjum framkvæmdum eða útgjöldum er ekkert. Kjósendur ættu raunar að vara sig alveg sérstaklega á stjórnmálamönnum, sem gefa slík loforð; reynslan af þeim undanfarin ár er slæm. Og þeir ættu alls ekki að kjósa þá, sem reyna að yfirbjóða aðra flokka með kostnaðarsömum hugmyndum um framkvæmdir eða þjónustu.

Í þetta sinn ættu kjósendur fremur að kjósa stjórnmálamenn, sem hafa sannfærandi og rökstuddar hugmyndir um hvernig skera megi niður í kostnaði sveitarfélaganna án þess að það komi niður á grundvallarþáttum í velferðarþjónustunni. Þeir ættu að kjósa stjórnmálamenn, sem eru líklegir til að hafa nógu sterk bein til að taka erfiðar ákvarðanir. Helzt ættu þeir að kjósa fólk, sem þorir að ná jafnvægi í rekstrinum án þess að hækka skattana – þótt skattahækkanir séu óvinsælar líta stjórnmálamenn oftast á þær sem auðveldari leið en að skera niður.

Síðast en ekki sízt ættu kjósendur í sveitarfélögum landsins að kjósa stjórnmálamenn, sem eru í sveitarstjórnarmálum af alvöru. Staðan er of alvarleg og lýðræðið of mikilvægt til að kjósa spaugframboð. Vantraust á stjórnmálamönnum er útbreitt þessa dagana, en einmitt þá getur verið ástæða til að kjósa þá sem lofa minnstu en eru líklegastir til að standa við orð sín.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stóru málin

Alþingismenn slá ekki slöku við frekar en fyrri daginn og fjöldi mála bíður afgreiðslu þingsins. Er þar um að ræða allt frá lögum um breytingu á kosningalöggjöf niður í smærri fyrirspurnir. Eina slíka hefur framsóknarmaðurinn Gunnar Bragi Sveinsson lagt fram til menntamálaráðherra. Hann vill vita hvernig reglum um sölu á efni Ríkisútvarpsins er háttað, hvort gjaldskrá sé í gildi þar, hvort starfsmenn njóti sömu kjara í þeim efnum og aðrir, hvort til séu samningar um afnotin og hvernig Ríkisútvarpið bregst við notkun efnis án heimildar.

### Að spyrja rétta aðilann

Þetta er eflaust allt góðra gjalda vert og vissulega er menntamálaráðherra æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins. En hefði Gunnar Bragi ekki bara átt að hringja upp í útvarp eins og annað fólk? Hafa ráðherrar ekki eitthvað betra að gera þessa dagana en útskýra reglur um leigu á áramótaskaupinu?



### Hættu við húsnæði CCP

Samfylkingin stóð fyrir fögnuði í gær í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Upphaflega átti teitin að vera í húsnæði CCP. Ósagt skal látið hvort umræða þess efnis að það væri óeðlilegt, sem sökum eignarhalds fyrirtækisins, en breytingin er allrar athygli verð. Á það var bent að stærstu hluthafarnir væru Novator og General Catalyst. Fyrir þinginu liggur frumvarp um að ganga frá samningi við þau fyrirtæki, auk Verne Holding, um gagnaver á Suðurnesjunum. Stjórnarmaður þess fyrirtækis er Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP. En Samfó fór í sjóminjarnar.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Hundrað milljarða spurningin

Fiskveiðar



Sigurjón Þórðarson
formaður Frjálslynda flokksins

Stjórnvöld leita ýmissa leiða til þess að endar nái saman í ríkisfjármálum. Skattar eru hækkaðir upp úr öllu valdi. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vg sveiflar blóðugum niðurskurðarhnífi enn og aftur og búist er við að hann beri niður víðast í kerfinu. Helst er að vænta þess að pólitískt ráðnir aðstoðarmenn sem hlaðið hefur verið inn í ráðuneytin séu í öruggu skjóli. Alþingi hefur leitað vægast sagt óhefðbundinna leiða til þess að auka gjaldeyrstekjur, s.s. að semja við grunaða fjárglæframenn sem hafa komið óorði á þjóðina um sérstakan skattaafslátt til atvinnurekstrar. Ég leyfi mér að efast um að það séu til fordæmi fyrir því að nokkurt þjóðþing hafi farið þessa leið í að hygla grunuðum stórglæpamönnum.

Ólíklegustu leiðir hafa verið kannaðar eins og að framan greinir til þess að ná jafnvægi í opinberan rekstur en samt sem áður hefur algerlega verið hlaupið yfir þá spurningu hvort vert sé að ná meiri fiskafla úr hafinu sem gæti gefið þjóðinni tug ef ekki hundrað milljarða tekjur árlega. Óumdeilt er að upphafleg markmið núverandi fiskveiðiráðgjafar sem hefur gengið út á að geyma fiskinn í sjónum hefur alls ekki gengið upp.

Vísindalegar forsendur ráðgjafarinnar eru vægast sagt umdeildar, bæði meðal líffræðinga og sjómanna, en samt hefur ríkisstjórnin ekki varið einni krónu í að fara yfir vel rökstudda og málefnalega gagnrýni. Það er ljóst að ef efasemdamenn um ráðgjöf sem ekki hefur gengið upp hafa rétt fyrir sér myndi það skila þjóðinni milljarða gjaldeyristekjum. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Fyrir þá sem trúa í blindni á að veiðar mannsins stjórni í einu og öllu lífkeðjunni í hafinu er gott að hafa á bak við eyrað að sjófuglar, hvalir og selir taka tugfalt meiri næringu úr hafinu en maðurinn. Fiskarnir sjálfir eru miklu stærri lífmassi en framangreind dýr sem þurfa að næra sig. Oft er á matseðlinum hjá þeim smærri fiskur sem leiðir til að vöxtur og viðgangur þeirra sjálfra hlýtur að hafa úrslitaáhrif á stofnstærðarsveiflur.

Út frá framangreindum staðreyndum er út í hött að ætla að kenna veiðum um allar breytingar á stofnstærð fiska, sérstaklega í ljósi þess að hver og einn fiskur getur átt mergð afkvæma.

Og hundrað milljarða spurningin er: Er ekki tímabært að leita svara við öllum spurningum sem geta rétt hag þjóðarinnar, jafnvel þótt það kosti skotsilfur?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Pólitísk leikatriði


Í DAG



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins og situr í Skipulagsráði


Ég hef látið vera að rifja upp þau skelfilegu mistök sem fulltrúar ólíkra flokka hafa gert í skipulagsmálum Reykjavíkur enda taldi ég að flestir hefðu áttað sig og séð að sér. Að minnsta kosti er nú ríkjandi gjörbreytt stefna í skipulagsráði borgarinnar frá því sem áður var. Steininn tók þó úr þegar fulltrúar Samfylkingarinnar í framkvæmda- og eignaráði Reykjavíkur sendu frá sér tilkynningu eftir fund í ráðinu þess efnis að þar hefði verið tekist á um tiltekið mál.

Málið, sem sagt var umdeilt, var áform borgarinnar um að auglýsa eftir eldri húsum og lóðum til að gera upp og fegra. Síðar kom reyndar fram að fullyrðingarnar væru ekki réttar. Aðeins hefði verið um að ræða kynningu á verkefni sem áður hafði verið kynnt annars staðar og sett í fjárhagsáætlun.

**Finna eitthvað – en ekki lausnir**

Atriðið er hins vegar í takt við annað sem kemur frá Samfylkingunni í borginni. Fulltrúar flokksins reka pólitík sem gengur út á að finna eitthvað, bara eitthvað atriði, til að ná eins og einni eða tveimur fyrirsögnum áður en upp kemst um hversu lítilfjörlegur eða rangur málflutningurinn er. Þetta eru aðferðirnar sem hafa stundum gert borgarpólitíkina óþolandi. Yfirleitt nenna menn ekki að elta ólar við þessi endalausu auglýsingaatriði fólks sem hefur enga raunverulega gagnrýni (hvað þá lausnir) fram að færa, en með bókuninni í framkvæmda og eignaráði náði ósvífnin þó slíkum hæðum að ekki er annað hægt en að gera við það athugasemd.

**Hagkvæm verkefni fyrir lítið**

Borgin hyggst leita húsa til að gera upp á vegum svo kallaðs Völundarverkefnis sem hefur verið ákaflega vel heppnað atvinnusköpunar og endurmenntunarverkefni. Að vísu hefur það aðallega skapað verkefni fyrir karlmenn úr byggingariðnaði og hönnuði. Líklega eru þær stéttir ekki efstar á blaði hjá Samfylkingarfulltrúunum. Hvergi er þó atvinnuleysið meira og varla hægt að setja út á að sköpuð séu verkefni fyrir menn sem eru tilbúnir til að mennta sig og vinna, fyrir sáralítil laun, við að fegra umhverfi borgarbúa og skapa verðmæti fyrir samfélagið. Fá verkefni geta talist eins hagkvæm fyrir borgina enda liggur kostnaðurinn fyrst og fremst í launum sem ella væru greiddur sem atvinnuleysisbætur. Hins vegar þarf að kaupa hús áður en þau eru lagfærð og seld aftur. Kostnaðurinn við það er afleiðing af hræðilegri skipulagsstefnu sem mörkuð var í Reykjavík undir forystu Samfylkingarinnar sem lengi hélt fast um þann málaflokk. Undir forystu flokksins var innleitt skipulag sem á sér enga hliðstæðu í sögulegum miðbæjum vestrænna borga undanfarin 40 árin. Reyndar hafði mönnum ekki dottið annað eins í hug í borginni frá 1962 þegar síðast var kynnt sambærileg nálgun í skipulagsmálum.

**Að kaupa loftið – skriðjökull við Hverfisgötu**

Þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Frjálslyndra keypti Laugaveg 4-6 fyrir 580 milljónir (sem reyndar er óskiljanlega hátt verð) var ekki verið að kaupa húsin. Þau gat borgin fengið gefins. Það var verið að kaupa loft. Kaupa burt svo kallaðan „byggingarrétt“ sem útdeilt hafði verið samkvæmt hinu nýja skipulagi. Búið var til loftbóluskipulag sem gaf hlutabréfabólunni ekkert eftir. Í borginni átti að færa hinar uppblásnu tölur í reikningum banka og eignarhaldsfélaga í stál og gler. Smátt og sjálfbært var úti. Stór verkefni sem þurftu stöðugt að stækka til að falla ekki saman voru inni. Undir forystu Samfylkingarinnar var skipulagssjóði borgarinnar breytt í fasteignabraskara sem keypti gömul og reisuleg hús til að rífa þau og selja lóðirnar undir skýjaborgir. Svo komu bankar og eignarhaldsfélög inn af fullum krafti og þá stóð aldeilis ekki á Samfylkingarfulltrúunum, sem nú hneykslast, að bæta í byggingarmagnið. Fjárfestingafélag átti að fá að byggja húsnæði á stærð við 3 Tollstjórahús við Laugaveg og við Hverfisgötu var gert ráð fyrir heilum skriðjökli.

> Undir forystu Samfylkingarinnar var skipulagssjóði borgarinnar breytt í fasteignabraskara sem keypti reisuleg hús til að rífa þau og selja lóðirnar undir skýjaborgir.

**Skuggalegt skipulag**

Íbúar í Skuggahverfi voru hraktir úr íbúðum sínum og neyddir til að selja. Þeir sögðu svo sögu sína eftir að Samfylkingarfulltrúarnir höfðu tjáð sig einum of oft um það í fjölmiðlum hvað allt hefði verið unnið í góðu samráði við íbúa hverfisins.

Enn er sama fólk við sama heygarðshornið. Í nýlegu fjölmiðlaatriði oddvita Samfylkingarinnar, birtist hann, til að lýsa því yfir að rannsaka þyrfti hvers vegna hefði verið skipulagt allt of mikið íbúðarhúsnæði í úthverfum Reykjavíkur. -Maðurinn sem átti hvað mestan þátt í að skipuleggja það.

Það færi vel á því að næst þegar borgarfulltrúar Samfylkingarinnar búa sér til pólitískt leikatriði í aðdraganda kosninganna snúist það um annað en skipulagsmál.

# Guðmundur Andri Thorsson biðjist afsökunar


Viðskiptafræði



Snjólfur Ólafsson
prófessor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands


Í Fréttablaðinu 10. maí 2010 er pistill eftir Guðmund Andra Thorsson sem kallast Excelskáldin. Þar segir meðal annars: „Fram hefur komið að viðskiptahættir mannsins sem veðsetti bótasjóð Sjóvár í braski sínu hafi verið kenndir við Háskólann og nemendur sérstaklega látnir gera grein fyrir þeim á prófi. Það er ekki endilega vegna þess að kennarar við Háskólann séu siðlausir eða fábjánar – þeir hafa kannski bara ekki mikið hugsað út í rétt og rangt – og flækjurnar sem téður viðskiptamaður bjó til virðast hafa þótt svo athyglisverðar frá faglegu sjónarmiði að aðdáun hafi vakið. En það vantar augljóslega eitthvað í nám þar sem slíkt er kennt með velþóknun. Sjálf hugmyndafræðin á bak við það er röng. Sú hugmyndafræði að allt okkar háttalag og öll okkar einkenni sé vara á markaði: líka traust.“

> Það er mjög algengt að þeir gagnrýni harðast sem þekkja minnst til mála. Það er lítið gagn að slíkri gagnrýni…

Hér byggir Guðmundur Andri á því sem „fram hefur komið“, en það sem kom fram á ekki við nein rök að styðjast. Það er einfaldlega víðs fjarri að þessir viðskiptahættir, sem vísað er í, hafi verið kenndir við Háskóla Íslands, hvað þá að þeir hafi vakið aðdáun. Setning Guðmundar Andra „En það vantar augljóslega eitthvað í nám þar sem slíkt er kennt með velþóknun.“ er þess vegna ágætt dæmi um endemis þvætting.

Ég sá skrifað einhvers staðar að Guðmundur Andri reyndi viljandi að koma óorði á viðskiptafræði með því að ljúga. Það hefur þar með „komið fram“. Guðmundur Andri er samt ekki endilega siðlaus fábjáni, hann hefur kannski bara ekki hugsað mikið út í hvað sé rétt og rangt. Þeir sem lesa þessa setningu vita að hér er ekki verið að gefið í skyn að Guðmundur Andri sé siðlaus fábjáni heldur er þetta tekið sem dæmi um hvað fullyrðing sem byggir á vitleysu getur verið vitlaus. Þess vegna er engin ástæða fyrir mig að biðjast afsökunar á skrifunum. Það má hins vegar ætla að margir þeirra sem lásu pistil Guðmundar Andra í Fréttablaðinu þann 10. maí haldi að það sé einhver fótur fyrir því sem hann segir um kennara og kennsluna í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Það er þess vegna full ástæða til þess að hann taki það aftur og biðjist opinberlega afsökunar.

Því miður eru þessi skrif Guðmundar Andra ekki einsdæmi heldur dæmigerð. Það er mjög algengt að þeir gagnrýni harðast sem þekkja minnst til mála. Það er lítið gagn að slíkri gagnrýni, en gagnrýni byggð á þekkingu er velkomin og gagnleg. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér kennslu í viðskiptafræði eru hvattir til að gera það.




TÖLVUNARFRÆÐI
ÞAR SEM FRAMTÍÐIN VERÐUR TIL

Tölvunarfræðideild HR og samstarfsaðilar bjóða til fjölda áhugaverðra viðburða í maí í HR við Nauthólsvík.

√ ICE-TCS (Þekkingarsetur HR í fræðilegri tölvunarfræði):
**30. apríl, kl. 13:00 –18:00**
**Afmælisráðstefna í tilefni 5 ára afmælis ICE-TCS**
**Meðal fyrirlesara:** Luca Aceto, Magnús M. Halldórsson, David de Frutos Escrig og Carlos Gregorio Rodriguez.

√ CADIA (Gervigreindarsetur HR) og IIIM (Vitvélastofnun Íslands):
**1. maí, kl. 13:00 – 16:00**
**Bílskúrsgervigreind | Byrjendanámskeið**
**15. maí, kl. 13:00 – 16:00**
**Bílskúrsgervigreind | Framhaldsnámskeið**
**Kennarar:** Hannes H. Vilhjálmsson, Kristinn R. Þórisson og Yngvi Björnsson.

√ ICE-ROSE (Þekkingarsetur HR í hugbúnaðarverkfræði) og Agile hópurinn:
**5. maí, 7. maí og 12. maí, kl. 12:00 – 13:00**
**Hádegisfyrirlestrar**
**Fyrirlesarar:** Marta K. Lárusdóttir, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Pétur Ágústsson, Magnús Oddsson og Marjan Sirjani.

CADIA (Gervigreindarsetur HR):
**14. maí, kl. 14:00 –18:00**
**Afmælisráðstefna í tilefni 5 ára afmælis CADIA**
**Meðal fyrirlesara:** Hannes H. Vilhjálmsson, Kristinn R. Þórisson og Yngvi Björnsson.

Tölvunarfræðideild HR:
**18. – 19. maí, kl. 9:00 – 16:00**
**Kynningar á lokaverkefnum í tölvunarfræði**

Stærðfræðisetur HR:
**26. – 28. maí, kl. 9:00 – 18:00**
**Alþjóðlega fléttufræðiráðstefnan NORCOM 2010**
**Meðal fyrirlesara:** Magnús M. Halldórsson, Juhani Karhumäki, Christian Krattenthaler, Nik Ruskuc, og Luca Q. Zamboni.

IIIM (Vitvélastofnun Íslands) og tölvunarfræðideild HR:
**28. maí, kl. 13:00 – 17:00**
**Stofnsetning Vitvélastofnunar Íslands**

IGI (Icelandic Gaming Industry) og tölvunarfræðideild HR:
**29. maí, kl. 14:00 – 18:00**
**Leikjadagur IGI og HR**
**Meðal fyrirlesara:** Fulltrúar leikjafyrirtækja og vísindamenn HR.

**Kynntu þér dagskrá á www.hr.is/td**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Lítilmagnar samtímans

Velferðarmál

Líf Magneudóttir
frambjóðandi VG í Reykjavík



Fyrir ekki ýkja löngu dáðist borgarfulltrúi í viðtali í sjónvarpinu að öllu örláta fólkinu sem lætur gott af hendi rakna til lítilmagnans sem stendur í biðröð eftir nauðþurftum og fram spretta myndir í hugann. Tötralegir og guggnir fátæklingar híma undir vegg í rigningarsudda og vonin vaknar í augunum þegar smekklega klæddar yfirstéttarkonur koma svífandi eins og englar af himnum ofan til að gauka að þeim súpu. Lífsglaðir öreigar dansa um götur eins og í My Fair Lady og þjófóttir en sjarmerandi götustrákar taka lagið fyrir vegfarendur, alveg eins og í Oliver. Þarna var nú aldeilis litríkt mannlíf og margt skemmtilegt sem gerðist, ekki satt? Ætli þeir hafa það ekki bara þokkalegt líka, fátæku Íslendingarnir, ekki síst ef þeir draga nú upp nikkuna í biðröðinni eftir súrmjólkurpottinum og taka lagið? Og skyldi ekki blessuðum börnunum þeirra þykja vænt um allt góða fólkið sem réttir þeim ölmusuna og vera því þakklát?

Það er ekki langt síðan Íslendingar þekktu neyðina mætavel. Fyrr á árum var börnum fátæklinga komið fyrir í þrælkun á þeim bæjum sem voru tilbúnir að taka við þeim fyrir lægstu meðgjöfina frá sveitinni. Niðursetningarnir eru ekki fjær okkur í tíma en svo að einhverjir þeirra kunna enn að vera á lífi, þó nánast allir af þeirra kynslóð séu gengnir á vit feðra sinna. Örlög þeirra réðust af fátækt – af því að heimili leystust upp, kannski vegna dauðsfalls, eða af því að foreldrarnir voru einhverra hluta vegna ekki færir um að sjá fyrir börnunum sínum. Niðursetningarnir áttu síðan að vera bændum þakklátir fyrir að fá þak yfir höfuðið, eitthvað að éta og starfa. Og nær okkur í tíma fann efnalítið fólk í húsnæðisvandræðum skjól í Kamp Knox og öðrum misjöfnum hermannabröggum. Margir muna líka eftir að hafa búið þar. Þeir sem yngri eru þekkja braggahverfin kannski helst af skrautlegu mannlífi í bókum Einars Kárasonar og bíómynd gerðri eftir þeim, svona dálítið eins og gætnu fjölskyldnanna og bráðum verður séreignarsparnaðurinn uppurinn. Margir hafa misst vinnuna og ekki fundið aðra. Margir eiga sífellt erfiðara með að borga af lánum og standa í skilum og fjöldi fólks óttast að missa húsnæðið. Hvert á það að fara ef sá ótti verður að veruleika? Hvernig ætlum við að hjálpa fjölskyldunum svo að þær leysist ekki upp vegna ómegðar og bjargarleysis?

Þetta er ekki vinsælt umræðuefni í kosningabaráttu, ekki frekar en að misskipting í samfélaginu hefur aukist og heldur áfram að aukast ef ekkert er að gert. Við ættum að hafa áttað okkur á að blind einstaklingshyggja hefur komið okkur í ógöngur og við

> En við verðum líka að horfast í augu við raunveruleikann, þó að það sé kannski skemmtilegra að láta sig dreyma um lundabjarg í Húsdýragarðinum og glæsilega golfvelli.

My Fair Lady eða Oliver, og jafn óraunverulegt og fjarlægt og þær sögur. Fúkkalyktin og rottugangurinn sitja kannski meira í minni þeirra sem ólust þar upp, eineltið, níðið og örvæntingin.

Við erum sem betur fer komin talsvert langt frá þessum aðstæðum hérna á Íslandi og upplifum þær vonandi aldrei framar. Ekkert barn á að þurfa að alast upp við slík kjör. En við verðum líka að horfast í augu við raunveruleikann, þó að það sé kannski skemmtilegra að láta sig dreyma um lundabjarg í Húsdýragarðinum og glæsilega golfvelli.

Nú er farið að ganga á sparifé þurfum að snúa við blaðinu. Það er hluti af því að lifa og hrærast í samfélagi að taka sameiginlega ábyrgð. Fólkið sem mundi mætavel ástandið sem ég drap á hér að ofan barðist hörðum höndum við að koma upp velferðarkerfi til að tryggja að enginn þyrfti að þola sömu örlög og fátæklingar fyrri tíma. Um það velferðarkerfi og velferðarþjónustu þarf að standa dyggan vörð og koma í veg fyrir að bilið á milli fátækra og ríkra verði óbrúanlegt.

Fátækt er ekki sjarmerandi, söngelsk eða skemmtileg. Hún er óværttur sem við eigum ekki að þurfa að líða í okkar samfélagi.




Auglýsingasími
512 54 01


Allt sem þú þarft...

## AF NETINU

### „Hver vinnur?“ í samsteypustjórn



En auðvitað þurfa bæði Íslendingar og Bretar að skilja að samsteypustjórnir fela ævinlega í sér ákveðna málamiðlun og að varlega sé stigið til jarðar. Það getur verið þreytandi þegar mönnum þykir brýn þörf á róttækum breytingum en á hinn bóginn þurfa jafnvel þeir sem vita að þeir hafa rétt fyrir sér líka að gæta þess að fara ekki offari gagnvart þeim sem hafa andstæðar skoðanir. Það er eitt af því sem lýðræðissamfélagið gengur út á.

Ármann Jakobsson
armannjakobsson.blogspot.com

### Opnum inn í Þórsmörk strax



Hin hefðbundna leið inn í Þórsmörk er ekki vitund hættulegri en þjóðvegur númer eitt sem liggur sunnan við Eyjafjallajökul. Báðum leiðum er hægt að loka í snarhasti ef gosið breytist skyndilega. Skoðunarferðir inn að Gígjökli og inn í Þórsmörk eru vænlegasti og hættuminnsti kosturinn fyrir þá sem vilja sjá þessar náttúruhamfarir ögn nær en í vefmyndavél.

Mér finnst tímabært að yfirvöld láti af hræðsluáróðri og ofstjórn og opni þegar í stað leiðina inn í Þórsmörk og leggi þannig sitt af mörkum til þess að draga úr því margþætta tjóni sem gosið veldur.

Páll Ásgeir Ásgeirsson
blog.eyjan.is/pallasgeir

# Eitt samfélag fyrir alla

Velferðarmál

Bjarni Karlsson
frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík



Hjálmar Sveinsson
frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík



Við Íslendingar höfum mátt búa við grófar blekkingar og mikið ranglæti undanfarin ár. Fjármálajöfrar notuðu tálmyndir til að fá aðgang að lífeyrissjóðum, tryggingarsjóðum og innistæðureikningum almennings, hér heima og erlendis. Þeim var leyft að sölsa nánast allt undir sig; banka, fjölmiðla, matvöruverslanir, upplýsinga- og tæknifyrirtæki og heilu hverfin í borginni. Þeir hikuðu ekki við að veðsetja traust og gömul fyrirtæki nánast út úr heiminum. Stofnanir, sem áttu að gæta hagsmuna okkar almennra borgara í landinu, brugðust: Seðlabanki, fjármálaeftirlit, ráðuneyti, Alþingi, ríkisstjórnir.

Skýringarinnar er fyrst og fremst að leita í ábyrgðarlausri tækifærissinnuð. Flokksforustan sá ekki í gegnum tálmyndir, hlustaði ekki á viðvaranir og gagnrýni en gekk til liðs við spilltan valdaflokk í ríkisstjórnarsamstarfi vorið 2007. Við erum engu að síður sannfærðir um að hin klassíska jafnaðarstefna, sem er grunnstefið í stefnuskrá Samfylkingarinnar, er eina færa leiðin fyrir okkur Íslendinga að vinna okkur út úr vandanum. Skorinorðasta tjáning jafnaðarstefnunnar er kjörorð frönsku stjórnarbyltingarinnar. Að okkar mati er engin annar vegur fær til að skapa hið nýja Ísland, sem svo margir þrá, en vegurinn sem er varðaður frelsi, jafnrétti og bræðralagi.

### Vanmáttur

Bankahrun má bæta og hagvöxtur gengur í bylgjum en vöxtur þjóðar er flókið og viðkvæmt ferli. Þjóðfélag þiggur ekki líf af eigum sínum jafnvel þótt það sé auðugt. Rætur þess standa dýpra í veruleikanum. Íslandshrunið er ekki fyrst og síðast fjárhagslegt heldur stöndum við nú frammi fyrir siðferðislegu og félagslegu tapi sem m.a. birtist í því að stór hópur fólks í landi okkar er í þann mund að festa þá tilfinningu í

> Flokksforustan sá ekki í gegnum tálmyndir, hlustaði ekki á viðvaranir og gagnrýni en gekk til liðs við spilltan valdaflokk í ríkisstjórnarsamstarfi vorið 2007.

vitund sinni að samfélagið sé andsnúið þeim. Þar horfum við ekki síst á þau nokkur þúsund ungmenni í borginni, og á landinu öllu, sem hvorki hafa fundið sig í skóla né fengið atvinnu við hæfi. Þetta er unga fólkið sem sér enga sérstaka ástæðu til annars en að sofa á daginn og vaka á nóttunni vegna þess að samfélagið sem það tilheyrir reiknar ekki með kröftum þess á nokkurn hátt. Vikurnar líða og mánuðirnir og niðurstaðan í lífi þessa fjölmenna hóps er vanmáttur, lærður vanmáttur sem virka mun eins og tæring á þjóðarlíkamann ef ekki verður komið til móts við hann. Þó er þar ljós í myrkri þegar litið er til þess átaks sem Vinnumálastofnun hefur staðið að gagnvart þessum hópi og sannað með einstökum árangri að böl má bæta.

Annar hópur fólks nokkru ofar í aldri stendur jafnframt illa, en það er allt duglega unga fólkið sem fyrir fimmtán til tíu árum valdi sér námsbrautir í skólum, lauk prófum, stofnaði fjölskyldu, eignaðist börn og tók lán fyrir húsnæði sem síðan stökkbreyttust og urðu að skuldagildrum. Þetta er kynslóðin sem trúði á hið nýja og ríka Ísland af því að þeim var kennt að gera það allt frá unglingsárum. Þetta er sú kynslóð Íslendinga sem verst hefur verið svikin. Á þetta fólk að vilja byggja upp samfélag sem heldur þeim í heljargreipum skulda? Hversu reiður er þessi hópur? Og hvar mun reiðin lenda þegar hún hefur alið afkvæmi sín? Við bendum á þessa tvo hópa, unga óvirka fólkið og reiðu kynslóðina með börnin og skuldaklafana.

efnahagsstjórn, sem skreytti sig nafni frjálshyggjunnar, og gamalgróinni pólitískri menningu hér á landi. Stjórnmálaflokkar á atkvæðaveiðum yfirspiluðu hver annan með skrumi. Kosningaloforð um skattalækkanir og 90% íbúðarlán á tímum hættulegrar þenslu vorið 2003, virkuðu eins og olíu væri hellt á bál. Við þessu var varað en allar gagnrýnisraddir voru kveðnar í kútinn af dæmalausum hroka og talsverðu magni af smjörklípum. Allt er þetta tekið fyrir í Rannsóknarskýrslu Alþingis og fær falleinkunn; stjórnsýslan, pólitíski kúltúrinn og efnahagsstjórnin.

### Ójöfnuður

Ekki nóg með það. Frá árinu 1995 og fram að efnahagshruni virðist ójöfnuður á Íslandi hafa vaxið meir en í nokkru öðru vestrænu landi. Virtir íslenskir fræðimenn, prófessorarnir Stefán Ólafsson og Þorvaldur Gylfason, bentu á það í greinum og skýrslum ár eftir ár. Í rannsókn Arnaldar Sölva Kristjánssonar og Stefáns Ólafssonar frá síðasta ári um þróun tekjuskiptingar á Íslandi, er því lýst hvernig búið var til velferðarkerfi hátekjufólks hér á landi með niðurfellingu hátekjuskatts og róttækri lækkun fjármagnstekjuskatts niður í 13%. Niðurstaðan varð meðal annars sú að ríkustu 10 prósent fjölskyldna juku hlut sinn af heildartekjum fjölskyldna úr 22 prósentum árið 1993 í 40 prósent árið 2007. Tekjuhlutdeild 90 prósenta fjölskyldna minnkaði á þessum tíma úr 78 í rúm 60 prósent. Auk þess, segir í greininni, rýrðu stjórnvöld barna- og vaxtabætur til ungra fjölskyldna á árunum 1995 til 2006.

Við erum jafnaðarmenn. Okkur blöskrar hvernig ójöfnuðurinn hefur verið aukinn kerfisbundið ár eftir ár. Við tókum það skref, sem hvorugur okkar hafði nokkru sinni ætlað sér, að ganga til liðs við stjórnmálaflokk. Samfylkingin hefur gert mörg mistök undanfarin ár og á stundum virkað

### Jöfnuður skapar stöðugleika

Við lofum hvorki styttum né skattalækkunum. Við lofum engu nema því að leggja okkur alla fram við að skapa hér réttlátara samfélag. Við höfnum ójöfnuði. Ójöfnuður leiðir til sundrungar en jöfnuður skapar stöðugleika. Við viljum tryggja öllum tækifæri. Við viljum eitt samfélag fyrir alla.




**SKÍRNIR** tímarit Hins íslenska bókmenntafélags er komið út. Þar er að finna greinar um byltinguna á Bessastöðum, tímasetningu landnáms, kynþáttahyggju á Íslandi og margt fleira.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






Nýr A la Carte



HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

*Elmar Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður Perlunnar*

Við mælum með Macon Chanes Domaine de Lalande með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill
Verð aðeins 7.290 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot



Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...




Nammi-sushi er tilvalinn eftirréttur í sushi-veisluma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sushi úr ís og lakkrísrúllu

**Tónlistarmaðurinn og skemmtikrafturinn Bjartur Guðjónsson, eða Beatur eins og hann er kallaður, er mikill sælkeri og hefur gaman af því að prófa sig áfram í eldhúsinu. Hér er hann með dísætt sushi.**

Bjartur, eða Beatur, Guðjónsson, er ófeiminn við að gera tilraunir í eldhúsinu og framkvæmir ótrúlegustu hluti. „Ef ég smakka eitthvað gott úti í bæ þá langar mig að fara heim og vita hvort ég geti ekki gert það sjálfur. Þannig hef ég fundið út úr því hvernig á að elda alvöru indverskan, taílenskan eða japanskan mat svo dæmi séu tekin,“ segir Beatur sem hefur meðal annars náð góðum tökum á sushi-gerð. „Það er eitt af því sem ég hef smakkað og hugsað: þetta hlýt ég að geta gert sjálfur.“

Í vikunni fékk Beatur hugmynd að sushi-nammi sem hann setti saman á örskotsstund fyrir Fréttablaðið. „Ég hef nú aldrei gert þetta áður en get ímyndað mér að þetta geti verið skemmtilegur eftirréttur í sushi-veislu. Lykilatriðið er hins vegar að geyma hann í frysti og þurfa gestirnir helst að vera tilbúnir með opinn munninn þegar hann er tekinn út.“ Hér áður fyrr gældi Beatur jafnvel við kokkinn og reyndi fyrir sér á Humarhúsinu um hríð. „Þá var ég kallaður Bjartur í Humarhúsum en komst um síðir að því að ég hef nú meira gaman af því að borða en elda,“ segir Beatur.

Í dag eiga taktur og tónlist hug hans allan og er hann með fyrstu íslensku taktkjaftsplötuna í vinnslu, en Beatur er þeim hæfileika gæddur að geta búið til ótrúlegustu takta og hljóð með munninum einum saman. Þá er hann í hljómsveitinni Þrjár raddir og Beatur auk þess sem hann tekur að sér að vera skemmtikraftur, veislustjóri og plötusnúður í stórum og smáum veislum. Áhugasömum er bent á netfangið beatur@gmail.com.

*vera@frettabladid.is*

## SUSHI-NAMMI

með kirsuberjahlaupi

2-3 lakkrísrúllur
¼ lítri vanilluís
Sælgæti eftir smekk (til dæmis kirsuberjahlaup eða annað litríkt góðgæti)

*Slítið lakkrísrúllurnar í nokkra jafna bita og rúllið þeim í einfaldan hring. Fyllið hringinn af vanilluís og setjið kirsuberjahlaup eða annað sælgæti í miðjuna. Setjið í frysti. Berið fram beint úr frystinum.*




Hefur þú prófað Heilsurétti Nings?



**Þeir eru fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli. Án salts og sykurs.**

NINGS

Suðurl.br. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is

*Sýnishorn úr fjölbreyttum matseðli Nings*

60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali. **995 kr.**
61. Grillaðar kjúkl.bringur með ristuðum brúnum grjónum, eggjum og grænm. **1050 kr.**
62. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti. **790 kr.**
63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **950 kr.**
64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **950 kr.**
65. Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **790 kr.**
66. Lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **790 kr.**
67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti. **1050 kr.**
68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti. **790 kr.**

Sýnishorn úr matseðli. Alla heilsurétti má fá bæði litla og stóra, verð hér að ofan er á minni réttunum.


GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

20%
Afsláttur af málningarvörum

Woodex á Íslandi frá árinu 1977.
Löngu landsþekkt fyrir endingu og gæði.
MÁLNINGALAGERINN
Síðumúli 34 - s: 517 1500 - www.malningalagerinn.is

Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.
Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.
Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.
Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki

HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is




Jón Ásgeir Jónsson ásamt Gróðurvinum við vinnu á háskólasvæðinu en þeir vilja fleiri tré á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gróðurvinir háskólans græða upp bakgarðinn

**Jón Ásgeir Jónsson stundar nám í líffræði við Háskóla Íslands. Honum leiddist gróðurleysið á háskólasvæðinu og hefur stofnað hóp sem hann kallar Gróðurvini til að bæta úr því.**

„Í kringum háskóla erlendis eru vel skipulögð gróðurrík svæði sem fólk sækir í að vera á. Á svæðinu kringum Öskju eru hins vegar engin tré. Ef þú vilt gera heiminn betri þá skaltu byrja í bakgarðinum heima hjá þér er stundum sagt og þar sem ég hef alltaf haft mikinn áhuga á trjám og gróðri datt mér í hug að gera eitthvað sjálfur,“ segir Jón Ásgeir.

Hann hóaði því í samnemendur sína í líffræðinni og eru meðlimir orðnir hátt í 200 manns á Facebook. Gróðurvinir hafa þegar hist tvisvar í vor og unnið við gróðursetningu á svæðinu milli Öskju og Norræna hússins. Vinnan fer fram í samvinnu við Pál Melsted, garðyrkjustjóra HÍ.

„Páll hefur gefið okkur alveg frjálsar hendur hvernig við viljum hafa svæðið og sú vinna sem þegar hefur farið fram hefur ekki kostað krónu. Plönturnar koma héðan og þaðan. Til dæmis þaðan sem plantað hefur verið of þétt á Háskólasvæðinu og þarf að fara að grisja hvort sem er, þær höfum við fært til og stungið upp sjálfsáðum reyni og gróðursett á svæðinu.

Eins fengum við tré úr garði í Vesturbænum sem átti að höggva.“

Jón Ásgeir vonast til að þetta sé einungis byrjunin á góðu starfi og að fleiri svæði fáist undir gróðursetningu. Hann segir að jafnvel mætti tvinna starfið inn í kennsluna .

„Kannski gætum við platað skólayfirvöld til að koma þessu inn í verklega tíma. Eins og er eru engir peningar í þessu en vonandi getum við talað við Reykjavíkurborg og fleiri. Þá væri hægt að setja niður bekki og listaverk og búa til skemmtilegt útivistarsvæði,“ segir Jón Ásgeir bjartsýnn á framhaldið.

*heida@frettabladid.is*


Grettisgata 63, fyrir og eftir endurnýjun


Við aðstoðum við viðhaldið
Verkís hefur í áraraðir veitt fólki og fyrirtækjum um land allt ráðgjöf varðandi endurnýjun og viðhald bygginga en hjá okkur starfar fjöldi sérfræðinga með þekkingu á öllum þáttum slíkra verkefna. Hjá Verkís færðu ráðgjöf um viðhald á öllum stigum framkvæmda óháð umfangi.
VERKÍS Verkfræðistofa
Verkís hf | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | verkis@verkis.is | www.verkis.is

# Rennt yfir rennurnar

**Hluti vorverkanna er að yfirfara þakrennurnar. Kanna þarf hvort rennurnar séu stíflaðar og hreinsa þarf úr þeim lauf. Fylgjast þarf með því að rennurnar ryðgi ekki en þá geta myndast skemmdir á húsinu.**



„Þeir sem treysta sér upp í stiga fara upp," segir Kristján inntur eftir því hvort fólk geti sjálft hreinsað þakrennur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það eru komnar álrennur sem eru mikið notaðar. Þetta eru rennur sem ryðga ekki og endast mjög vel," segir Kristján Ólason, eigandi verktakafyrirtækisins Viðhald fasteignaviðgerðir. „Það er kannski það nýjasta í þakrennum."

Kristján segist ekki þora að fara með það hve lengi álrenna endist. „Það er ekki komin sama reynsla á þær og á járnrennurnar. Sumar járnrennur eru með alveg sextíu ára reynslu og eru enn þá á húsum. Svo eru aðrar sem eru tuttugu ára og ónýtar," upplýsir Kristján og bætir við að álrennurnar ryðgi ekki heldur tærist. „Það er bara spurning hvað það tekur langan tíma."

Kristján segir að um leið og komin sé ryðmyndun í járnrennur sé kominn tími á að skipta þeim út því nauðsynlegt sé að passa upp á að þakrennur leki ekki. „Ef þakrennur leka þá þarf að fara að huga að þeim, annars geta farið að myndast skemmdir á húsinu," útskýrir Kristján og tekur fram að með tímanum verði þakrennur brothættari. „Snjór á þaki rennur á rennuna og brýtur hana. Þá er hægt að setja hitaþráð í rennurnar til að verja þær svo vatn frjósi ekki í þeim á veturna," segir Kristján en bætir við að gott sé að gera það á vorin og sumrin.

Kristján segir að á vorin sé mjög gott að athuga hvort þakrennur séu stíflaðar eftir veturinn og hreinsa lauf úr þeim. Inntur eftir því hvort fólk geti hreinsað rennurnar sjálft segir Kristján: „Það er náttúrulega bæði og, þeir sem treysta sér upp í stiga fara upp. Það er svolítið annað ef fólk er á fyrstu hæð eða þriðju hæð. Oft eru rennurnar líka þannig gerðar að ekki er hægt að treysta á þær. Þær eru ekki mannheldar."



Að sögn Kristjáns er endingartími þakrenna mismunandi eftir því hvar í bænum rennan er. Við sjóinn sest sjávarseltan á þær en hún næst af með vatni.

Aðspurður segir Kristján að best sé að hreinsa rennurnar með því að smúla þær. „Jafnvel með háþrýstivél ef hægt er að koma því við. Svo verður að fara varlega. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Það er oft hættan að fólk sem er óvant þessu príli detti." *martaf@frettabladid.is*


Nauðsynlegt er að passa upp á að þakrennur leki ekki.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101269

# Byggingalausnir

Byggingadeild Sindra aðstoðar þig við val á sértækum byggingalausnum. Álklæðningar, flóttastigar og iðnaðarhurðir eru meðal þeirra vöruflokka sem finna má hjá byggingadeildinni ásamt fjölmörgum öðrum lausnum. Komið og skoðið sýningarsal byggingadeildarinnar í Klettagörðum 12, Reykjavík.


Handrið

Klæðningar

Svalir

Girðingar

Stálristar

Iðnaðarhurðir

öryggislokanir

Hliðslár

Undirbyggingarkerfi

Vöruhúsakerfi

Sigurður Gíslason
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0125

Sölusérfræðingar Sindra

Halldór Jónasson
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0122

Byggingadeild | Verslanir | Véladeild | Þjónustudeild

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Klettagörðum 12 – Reykjavík

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



;ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447


HEILSA
Þriðjudaga



Gamlar hleðslur taka sig vel út bæði við ný og gömul hús. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Gamla hleðslutækni má líka nýta í nútímahúsum

**Hleðsluskólinn og menningarsetrið Íslenski bærinn standa fyrir námskeiðum í íslenskri hleðslutækni við Austur-Meðalholt í sumar. Fyrstu námskeiðin hefjast nú um helgina.**

„Fólk þarf ekki að kunna mikið en það þarf að hafa einlægan áhuga á viðfangsefninu," segir Hannes Lárusson hjá Hleðsluskólanum sem ásamt Íslenska bænum stendur fyrir fjölbreyttum námskeiðum í íslenski hleðslutækni í sumar. „Þá verða menn að sjá einhvers konar notagildi fyrir þessari tækni í sínu starfi," bætir Hannes við.

Inntur eftir því hvort gamla hleðslutæknin einskorðist við gamla torfbæi segir Hannes það ekki vera. „Sýningarhúsið í Austur-Meðalholtum er skólabókardæmi um hvernig nota má þessa gömlu tækni í nútímahúsum," segir hann en námskeiðin fara flest fram í torfbænum að Austur-Meðalholtum í Flóa og í nágrenni hans en þar er jafnframt aðsetur menningarsetursins Íslenska bæjarins.

Hannes segir vaxandi áhuga á hleðslutækni sérstaklega meðal



Hleðslustörf hjá Íslenska bænum að Austur-Meðalholtum.

yngra fólks. Hann telur það ekki einungis tengjast áhuga á sögu og verkmenningu heldur spili vistfræðin og umhverfisvernd einnig stóran þátt.

En hefur tæknin ekki tapast niður í gegnum tíðina? „Jú, hún hafði gert það auk þess sem viss stöðnun hefur orðið í iðninni," segir Hannes en ætlunin er að bæta úr því. „Við ætlum að reyna að finna þessu nýtt samhengi og notagildi, blása nýju lífi í verktæknina og þróa hana áfram."

Námskeiðin í sumar eru fjölbreytt. Boðið verður upp á almenn grunnnámskeið, þar sem helstu aðferðir í hefðbundnum veggjahleðslum verða skoðaðar í samhengi við sögu og samhengi torfbygginga auk verklegrar þjálfunar í gerð veggja með torfi og grjóti.

Einnig verður boðið upp á lengri eða styttri sérsniðin námskeið og/eða fyrirlestra um íslenskan torfbæjararf fyrir tiltekna hópa.

Fyrstu námskeiðin hefjast nú um helgina en nánari upplýsingar má finna á www.islenskibaerinn.com. *solveig@frettabladid.is*






Verkfæri hafa verið til frá örófi alda. Elsta ættkvísl manna, Homo habilis, eða hinn handlagni maður, sem lifði í Afríku fyrir 2,5 til 1,8 milljónum ára, er talinn hafa búið til og notað frumstæð verkfæri.



visindavefur.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

14. maí 2010



Hönnunarteymið Ostwald Helgason slær í gegn

# SÝNA Á TÍSKUVIKUNNI Í LONDON Í HAUST

+ SPENNANDI ÍSLENSK HÖNNUN Í GK + SIGRÚN LILJA HJÁ GYÐJU HELDUR NÁMSKEIÐ FYRIR KONUR + HEITASTA NAGLALAKKIÐ Í SUMAR


ÓDÝR OG GÓÐUR LASERPRENTARI

SAMSUNG

Samsung ML-1640

A4 prentari með 1200 x 600 punkta upplausn. Prentar allt að 16 blaðsíður á mínútu. 8mb minni og USB 2. Toner Save Mode sparar allt að 30% af prentaradufti en skilar samt góðri útprentun. Windows og Mac.




Kr. 16.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ nýtt og spennandi

## HÖRÐUR SVEINSSON LJÓSMYNDARI

Ég er með krakkaskarann þessa vikuna og á föstudagskvöldið ætla ég að eiga rólegt kvöld með þeim og kærustunni minni að elda góðan mat. Á laugardaginn ætla ég að bregða mér á Vorkomutónleikana og enda svo í innflutningspartíi og grillveislu um kvöldið í góðu stuði. Á sunnudag stefni ég á hjólatúr með krökkunum.



helgin MÍN



### Bomba gefur út bók

Ofurskutlan Tobba Marinós, sem bræddi áhorfendur í Djúpu lauginni í vetur, hefur verið iðin við að skrifa undanfarna mánuði og innan skamms kemur út fyrsta skáldsaga hennar „Makalaus“ hjá Forlaginu. Bókin er í raun ekki algjört skáldverk heldur byggist á skrautlegu lífi Tobbu sjálfrar. Slegið verður upp glæsilegu útgáfuteiti hinn 27. maí á veitingastaðnum Austur þar sem eflaust verður nóg af fallegu fólki og bleikum kokkteilum.

### Glæsileg portrettsýning

þetta HELST

Einn fremsti ljósmyndari Íslands, Ragnar Axelsson, opnar sýninguna Svipir/Apparitons í kvöld í Crymogeu við Barónsstíg. Þessi merkilega ljósmyndasýning er með ljósmyndum af jökum á Breiðamerkursandi og er hluti af Listahátíð í Reykjavík. Portrettmyndirnar eru teknar af þessum jökum áður en þeir hverfa en í ísnum leynast margvíslegar myndir. Opnunin verður í kvöld kl. 19-21.



Sigrún Lilja og Berglind hittu DiCaprio í Los Angeles:

# FEGURÐ INNAN SEM UTAN FYRIR KONUR

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og hönnuður Gyðju Collection, fór nýverið til Los Angeles til að kynna skólínu sína. Með henni í för var förðunarfræðingurinn og hárgreiðslukonan Berglind Magnúsdóttir sem sér um útlit sjónvarpsstjarnanna á RÚV. „Það var frábært að njóta hennar dyggu aðstoðar og líta alltaf „tip-top“ út þarna ytra,“ segir Sigrún. Stöllurnar segja þetta hafa verið mikla ævintýraferð. „Við fórum meðal annars í teiti hjá tímaritinu Vanity Fair þar sem við spjölluðum lengi við Leonardo DiCaprio en hann var einstaklega alúðlegur og áhugasamur um Ísland.“ Samstarf Sigrúnar og Berglindar hefur nú leitt af sér námskeið fyrir konur sem mun eiga sér stað í lok maí. „Ég hef fengið mikið af tölvupósti undanfarið frá konum sem langar að vita hvernig þær eiga að láta drauma sína rætast og þetta hefur aukist hægt og þétt. Ég setti saman stutt námskeið sem er sérstaklega hugsað fyrir konur. Ég miðla af minni reynslu og setti saman markvisst kerfi til þess að setja saman hnitmiðaðar leiðir að markmiðum hverrar konu sem kemur á námskeiðið. Þetta eru erfiðir tímar og það er mikilvægt að fólk vinni í því að byggja sjálft sig upp,“ útskýrir Sigrún.

Sigrún bætir við að útlit komi sjálfstrausti ekki síður við og því sameini þær Berglind krafta sína. „Berglind er einstaklega flink og með frábæra reynslu og við förum yfir allt sem lýtur að klæðaburði, stíl og förðun.“

Berglind segist fara yfir förðun hverrar og einnar konu og kenna þeim leiðir til að greiða sér smekklega. „Ég fer yfir umhirðu húðar og hárs og hvaða litir á snyrtivörum henta þeim og jafnvel hvernig á að setja á sig gerviaugnahár.“ Innifalið í námskeiðinu er kvöldverður í boði Saffran og hver kona er leyst út með veglegum gjöfum. „Í lok námskeiðsins bjóðum við upp á myndatöku með ljósmyndaranum Önnu Douglas og hver kona fær tvær fullunnar myndir af sjálfri sér sem getur til dæmis nýst í starfsumsóknir.“

Áhugasamir eru beðnir að hafa samband með því að senda tölvupóst á gydja@gydja.is eða á Facebook-síðu námskeiðsins.

- amb



**Miðla af eigin reynslu** Sigrún Lilja og Berglind Magnúsdóttir en saman halda þær námskeiðið Fegurð, innan sem utan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF GALLAJÖKKUM OG SKOKKUM.



TAXFREE DAGAR

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11–16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is


Fullt af framsækinni hönnun í GK:

## Margir spýttu í lófana vegna RFF



**Selja flíkur frá Munda** Gk er að byggja upp góðan orðstír íslenskrar hönnunar undir handleiðslu Stefáns Svans.

„Það er alltaf gaman að breyta til og það er svo mikil gróska í íslenskri hönnun um þessar mundir,“ segir Stefán Svan, verslunarstjóri GK Reykjavík, en vakið hefur athygli hve mikið af íslenskri hönnun verslunin er með um þessar mundir. „Ég hugsa að þetta sé metár fyrir íslenska fatahönnun og það sem aðallega hefur breyst er að svo margir íslenskir hönnuðir eru að framleiða undir eigin merki. Sem dæmi má nefna Laufeyju Jónsdóttur sem framleiðir einstaklega fallegar prjónavörur undir merkinu Blik.“ Í GK er einnig að finna fylgihluti frá Go With Jan, sem er hönnun Guðjóns Tryggvasonar, og kraga frá Áróru Traustadóttur. „Það er alltaf minna að gera í hönnun fyrir karlmenn og því er einstaklega skemmtilegt að fá þessa línu inn frá Guðjóni. Kragarnir frá Áróru eru svo gott dæmi um hvernig hægt er að gerbreyta einföldum bol eða kjól með einum fylgihlut,“ segir Stefán. „Svo voru að koma inn flíkur frá Munda og það er auðvitað verulega spennandi.“ Allir fyrrgreindir hönnuðir sýndu á Reykjavík Fashion Festival í mars sem Stefán segir vera góða leið til að kynna íslenska hönnun. „Margir spýttu í lófana vegna RFF og eru óhræddari við að fara út í framleiðslu.“

- amb

✻ augnablikið



**GAMALDAGS** Leikkonan Scarlett Johansson var í sætum „fiftís“ kjól í franska sendiráðinu í New York á þriðjudagskvöld í teiti glanstímaritsins Vanity Fair.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** frá línu Ostwald Helgason Ritstjórn Anna M.Björnsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Borðstofusett
Glæsileg borðstofusett og mikið úrval af borðbúnaði
stóll 7.990,-
borð 39.900,-
borð 39.900,-
stóll 7.990,-
5.990,-
2.990,-
19.900,-
890,-
1.990,-
590,-
590,-
5.990,-
Tilboð var 1.990,- nú 1.194,-
Tilboð var 690,- nú 390,-
4.990,-
1.690,-
þrír saman 11.990,-
2.990,-
490,-
790,-
1.490,-
2.990,-
3.990,-
190,-
8.990,-
5.990,-
1.190,-
990,-
Glæsileg mósaik garðhúsgögn
borð 24.900,- stóll 11.990,-
borð 19.900,- stóll 11.990,-
borð 24.900,- stóll 9.990,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# Sýna á LONDON FASHION WEEK

**Hönnunartvíeykið Ostwald Helgason er skipað hönnuðunum *Ingvari Helgasyni* og hinni þýsku *Susanne Ostwald.* Undanfarið hefur hönnun þeirra verið fáanleg í London, París, New York, Hong Kong, Tókýó og Kron-Kron í Reykjavík.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Úr safni

Ný sumarlína tvíeykisins hefur vakið athygli fyrir litríkar og fallegar flíkur og segir Ingvar þau hafa sótt innblástur í sitt nánasta umhverfi þegar línan var hönnuð.

Auk þess hafa þau gert samning við bresku vefverslunina ASOS.com um að hanna ódýrari fatalínu sem seld yrði á Netinu. „Línan fyrir ASOS verður ódýrari en okkar eigin lína og mun innihalda leggings og kjóla svo eitthvað sé nefnt. Þetta samstarf kemur okkur mjög vel því hönnun okkar verður aðgengilegri en einnig hefur ASOS lagt mikið á sig við að kynna línuna sem er auðvitað ómetanlegt,“ segir Ingvar, en línan ber heitið Ostwald Helgason at ASOS. Hann segir mikinn mun á því að hanna eigin línu og að hanna fyrir ASOS. „Það er mikill munur á þessu tvennu. Í línunni fyrir ASOS eru fleiri reglur til að vinna eftir og maður þarf að huga að kostnaði og framleiðslu. Þegar við hönnum okkar eigin línu þá getum við leyft okkur að gera það sem við viljum.“



**Ostwald Helgason** Hinn íslenski Ingvar Helgason og hin þýska Susanne Ostwald skipa hönnunartvíeykið Ostwald Helgason.

Ingvar, sem er bróðir fjölmiðlamannsins Egils Helgasonar, hefur starfað innan tískubransans í níu ár en hefur hannað undir nafninu Ostwald Helgason í tvö ár. Hann segir samstarf þeirra og Susanne hafa gengið mjög vel og hafa þau haft í nógu að snúast undanfarin ár. „Við verðum með fyrstu tískusýninguna okkar á tískuvikunni í London í september, en hingað til höfum við aðallega verið að taka þátt í sölusýningum í París. Við erum einnig að hanna og framleiða vetrarlínuna okkar fyrir næsta ár, þannig það er nóg að gera,“ segir Ingvar að lokum.



**Falleg hönnun** Hönnun Ostwald Helgason hefur vakið mikla athygli, enda flíkurnar litríkar og sérstaklega fallegar.



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Grábrún tónn frá Chanel:

## Heitasta lakkið í sumar

**Tískuhúsið Chanel er duglegt að finna nýstárlega liti á naglalökkin og gerði til dæmis allt vitlaust fyrir um fimmtán árum þegar lakkið Rouge Noir, næstum svart lakk, kom á markaðinn. Í sumar er litur númer 505 að slá rækilega gegn og er hreinlega að seljast upp. Tónninn sem nefnist „Particulière“ (ísl. „sérstakur“) er eiginlega á litinn eins og sveppur og var á fingrum allra fyrirsætnanna sem sýndu vor og sumarlínu Chanel þetta árið. Liturinn virðist fara við allt en auðvitað sérstaklega við litapallettu Chanel: dempaða gráa, bláa og græna tóna auk pastellita og hvíts. Stjörnur eins og Lily Allen og Sandra Bullock láta ekki sjá sig þessa dagana án þess að vera með nokkrar umferðir af Particulière á nöglunum og því má segja að sumarið fram undan sé grátt.** *- amb*





**Gráar neglur** Undarlegur litatónn frá Chanel sem hefur slegið í gegn.



# SVANURINN

## Fyrir umhverfið & heilsuna

14. MAÍ 2010 SÉRBLAÐ UM NORRÆNA UMHVERFISMERKIÐ SVANINN

MEÐAL EFNIS


Vistvæn innkaup breyting til batnaðar 4
- Viðtal við Svandísi Svarsdóttur umhverfisráðherra

Kaffitár fyrst íslenskra kaffihúsa með Svansvottun 8

Umhverfisvottaðar vörur ekki dýrastar 10




svanurinn.is
facebook.com/svanurinn

NORRÆNA UMHVERFIS-MERKIÐ SVANURINN HEFUR Í 20 ÁR SETT STRANGAR UMHVERFIS-, HEILSU- OG GÆÐAKRÖFUR


# Svanurinn í Smáralind

Komið og kynnist umhverfismerkinu Svaninum laugardaginn 15. maí í Smáralind.
Úrval Svansmerktra vara verður á staðnum.
Kaffitár býður gestum og gangandi upp á rjúkandi kaffi.

**Allir velkomnir!**

UMHVERFISSTOFNUN
UMSJÓNARAÐILI SVANSINS Á ÍSLANDI



„Það er von þeirra sem standa að merkinu hér á landi að innlendum framleiðendum muni enn fjölga," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Svanurinn er í sókn

Í ár eru liðin 20 ár síðan norræna umhverfismerkið Svanurinn leit dagsins ljós. Þetta merki náði þegar miklu flugi í Noregi, Finnlandi og ekki síst í Svíþjóð. Danir tóku ekki þátt samstarfinu fyrr en all nokkrum árum síðar en Svanurinn varð fljótlega þekkt og eftirspurt merki þar. Í dag þekkja 75-97 prósent neytenda á Norðurlöndum Svaninn. Hér hefur gengið verr að markaðssetja hann og samkvæmt könnun sem gerð var 2005 þekktu aðeins 50 prósent Íslendinga Svaninn.

### HVERS VEGNA UMHVERFISMERKI?

Norræna ráðherranefndin um neytendamál átti á sínum tíma frumkvæðið að Svaninum og er hann opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Norrænir sjóðir hafa styrkt starfsemina í gegnum árin. Tilgangurinn með merkinu er að gera neytendum mögulegt að kaupa umhverfisvænni og heilnæmari gæðavöru og ýta undir sjálfbæra þróun. Merkið hvetur fyrirtæki til að framleiða umhverfisvænni vöru enda eru kröfur til Svansmerkingar strangar og eru jafnframt reglubundið í endurskoðun. Þar er horft til alls lífsferils vörunnar. Yfirlýst markmið með Svaninum er að skapa sjálfbært samfélag með sjálfbærri neyslu.

### FRAMBOÐ OG ÞEKKING Á SVANSMERKTUM VÖRUM

Í dag má finna yfir 6.000 Svansmerktar vörur og þjónustu innan 65 vöruflokka. Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar, sem fer með umsjón með Svaninum hér á landi, eru að minnsta kosti 200 Svansmerktar vörur og þjónusta seldar hér á landi. Lengi vel var þekking íslenskra neytenda á Svaninum lítil og aðeins örfá innlend fyrirtæki höfðu Svansvottun. Framboðið á innfluttum Svansmerktum vörum var einnig takmarkað. Mikil breyting hefur þó orðið á undanförnum árum. Nú þekkja miklu fleiri neytendur merkið og vita hvað það stendur fyrir og innfluttum vörum sem eru Svansmerktar hefur fjölgað á markaðnum. Þá hefur innlendum fyrirtækjum sem hafa heimild til að nota merkið fjölgað sem er mjög ánægjulegt. Það er von þeirra sem standa að merkinu hér á landi að innlendum framleiðendum muni enn fjölga.

### NEYTENDUR ÞURFA AÐ ÞRÝSTA Á

Afl neytenda er mikið þegar þeir taka sig saman. Ef neytendur kalla eftir Svansmerktum vörum og þjónustu hefur það áhrif á framleiðendur og seljendur, sem vilja án efa hlusta á óskir viðskiptavina sinna. Á www.ust.is er að finna lista yfir vörur og þjónustu sem eru til hér auk fróðleiks um Svaninn. Ég hvet neytendur til að kynna sér þetta nánar og þrýsta á að framboð af Svansmerktum vörum og þjónustu aukist frá því sem nú er.

*Eftir Jóhannes Gunnarsson, formann Neytendasamtakanna.*

**Útgefandi:** Umhverfisstofnun | **Ritsjóri:** Anne Maria Sparf
**Ábyrgðarmaður:** Kristinn Valtýsson | **Heimilisfang:** Suðurlandsbraut 24, 108 Rvík.
**Vefsíða:** www.ust.is | **Sími:** 591 2000

# Landsmenn að taka við sér

**Svanurinn, opinbert umhverfismerki Norðurlandanna, á 20 ára afmæli. Í tilefni af því stendur Umhverfisstofnun fyrir kynningu í Smáralind á laugardag.**



Anne Maria segir Íslendinga vera að vakna til vitundar um mikilvægi þess að kaupa umhverfisvottaðar vörur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við ætlum að vera með kynningu í Smáralind á laugardag, þar sem fólki gefst færi á að kynna sér Svaninn og hvaða fyrirtæki og þjónustuaðilar hafa Svansleyfi hérlendis," segir Anne Maria Sparf, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Svanurinn fagnar tuttugu ára afmæli á árinu en Anne Maria segir umhverfismerkið tryggja að tiltekin vara eða þjónusta uppfylli ströngustu umhverfisskilyrði. „Það sýnir að þjónusta eða vara er betri fyrir heilsu og umhverfi; búið er að lágmarka neikvæð áhrif á heilsu og umhverfi," segir hún og tekur fram að hvergi sé þó slegið af kröfum um gæði. „Þvert á móti verður varan eða þjónustan að uppfylla strangar gæðakröfur og standast samanburð við sviðaðar vörur. Þvottaefni sem hefur fengið Svansvottun verður að þvo alveg jafn vel og önnur þvottaefni og svo framvegis."

Frá því að Svanurinn leit fyrst dagsins ljós hefur hann náð góðri útbreiðslu á Norðurlöndunum að sögn Anne Maria. „Það eru tvö þúsund leyfi á öllum Norðurlöndunum og yfir 6.000 vörur sem hafa fengið Svansvottun," bendir hún á og bætir við að Svanurinn hafi hins vegar ekki átt jafn miklum vinsældum að fagna hérlendis. „Við höfum verið með frá upphafi en ekki verið dugleg. Ástæðan er að við erum almennt aðeins á eftir hinum Norðurlöndunum í umhverfismálum. Íslendingar eru hins vegar farnir að huga betur að bæði heilsunni og umhverfinu upp á síðkastið. Nú erum við til dæmis með fimmtán umsóknir frá jafn mörgum fyrirtækjum, sem má rekja til vistvænnar innkaupastefnu ríkisins."

Anne Maria segir næsta skref vera að vekja neytendur frekar til umhugsunar um mikilvægi þess að kaupa umhverfisvottaðar vörur. „Það gerum við meðal annars með þessari sýningu á laugardag. Svo stefnum við auðvitað á að ná tuttugu leyfum í árslok, í tilefni af afmælinu," segir hún og brosir.

### ● FYRIR UMHVERFIÐ OG HEILSUNA

- Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem hefur í 20 ár sett strangar umhverfis-, heilsu- og gæðakröfur.
- Til eru Svansskilyrði fyrir um 70 mismunandi flokka vöru og þjónustu.
- Búið er að gefa út tvö þúsund Svansleyfi og votta yfir sex þúsund vörutegundir.
- Svansmerktar vörur og þjónusta uppfylla strangar kröfur um lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa frá vöggu til grafar.
- Kröfur Svansins ná yfir alla helstu umhverfisþætti svo sem orku- og hráefnanotkun, losun mengandi eða hættulegra efna, umbúðanotkun, flutning og meðhöndlun úrgangs.
- Svanurinn gerir strangar kröfur um efnainnihald og lágmörkun hættulegra efna.
- Auðveldar neytendum að velja vöru sem er öruggari en sambærilegar vörur.





UMHVERFISMERKI
141 381
Prentgripur

Áratuga reynsla segir allt!
Persónuleg þjónusta alla leið!
Göngum hreint til verks!

Prentsmiðjan fékk svansvottun árið 2000

GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
www.gudjono.is · sími 511 1234




# Neutral í sátt við umhverfið

Með því að velja Neutral vörur með Svansmerkinu vottar þú umhverfinu virðingu þína.
Auk þess að vera umhverfisvænar eru Neutral vörurnar án litarefna, ilmefna, bleikiefna og annarra aukaefna og vernda því viðkvæma húð.

**Veldu Neutral fyrir þig, barnið þitt – og umhverfið**

Neutral vörurnar eru viðurkenndar af Ofnæmis- og astmasamtökum Norðurlanda

**Neutral®**

verndar viðkvæma húð




Natracare hreinlætisvörur eru úr **lífrænni bómull** og náttúrulegum efnum sem brotna niður í náttúrunni.

**Lausar við klór, ilmefni og plastefni**

natracare®
náttúruleg vellíðan

# Vistvæn innkaup

**Ríkisstjórnin samþykkti í lok mars 2009 stefnu um vistvæn innkaup ríkisins. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra ræðir um innkaupastefnuna og tengsl hennar við umhverfismerkið Svaninn.**



**Svandís telur að fyrirtæki ættu að sjá hag sinn í því að geta boðið upp á vöru og þjónustu sem samræmist vistvænni innkaupastefnu ríkisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við Íslendingar höfum ekki verið barnanna bestir á vettvangi umhverfismála en það er ásetningur nýrrar ríkisstjórnar að breyting verði til batnaðar," segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra. „Við þurfum að ryðja nýjum viðhorfum braut og fá bæði fólkið í landinu og atvinnulífið í lið með okkur en árangur næst aðeins ef stjórnvöld ganga á undan með góðu fordæmi og sýna ábyrga hegðun á sem flestum sviðum, meðal annars með stefnu um vistvæn innkaup."

Svandís segir ríkið kaupa vörur, þjónustu og verk fyrir meira en 100 milljónir á ári sem er um fjórðungur af útgjöldum þess. „Með því að hafa umhverfissjónarmið til hliðsjónar við innkaupin má koma miklu til leiðar í umhverfismálum því það leiðir til aukins framboðs á vistvænum vörum og þjónustu," útskýrir hún og bætir við að ávinningur geti líka falist í minni kostnaði fyrir fyrirtæki og auknum gæðum vöru og þjónustu. „Síðast en ekki síst geta vistvæn innkaup hvatt til nýsköpunar."

Innt eftir tengslum Svansins við stefnu ríkisins um vistvæn innkaup segir Svandís: „Með skýrum kröfum um umhverfissjónarmið stuðlar ríkið að því að markaðurinn bjóði fram nýja og betri valkosti til að mæta kröfum um minna álag á umhverfið. Þess vegna er innkaupastefnan ein af ástæðunum fyrir fjölgun íslenskra Svansleyfa og fjölda umsókna hjá Umhverfisstofnun," segir hún og tekur fram að opinber fyrirtæki og stofnanir séu atkvæðamiklir innkaupaaðilar. „Því ættu mörg fyrirtæki að sjá hag sinn í því að geta boðið upp á vöru og þjónustu sem samræmist vistvænni innkaupastefnu ríkisins. Einfaldasta leiðin til að uppfylla umhverfisskilyrði sem sett eru fram í opinberum útboðum er að vera með vöru sína eða þjónustu Svansvottaða." *- mmf*




Við erum í Svansmerkinu!

Libero
-fyrir framtíðina

# Hverjum vilt þú treysta?

Hefur þú það stundum á tilfinningunni að framleiðendur láti sér í léttu rúmi liggja hvaða áhrif framleiðsla þeirra hefur á heilsu þína, hvað þá umhverfið? Eins og við höfum komist að að undanförnu er því miður oftar en ekki þannig í pottinn búið.

Góðu fréttirnar eru að við höfum líka vald til að þrýsta á um breytingar. Ef við nýtum okkur það ekki, gerist ekkert. Þá er ósköp einfalt og þægilegt fyrir hvern sem er að taka upp á því að framleiða vöru og selja okkur. Ef við skoðum ekki innihald og umbúðir og hugleiðum hvaða áhrif varan hefur á okkur og umhverfið þá er framleiðandinn ekkert að breyta vörunni eða lagfæra hana svo hún sé óskaðleg.

Það sem er svo dásamlegt við vottanir eins og umhverfismerki er að eitthvert pottþétt batterí hefur tekið að sér að grandskoða fyrirbærið og fara fram á að það uppfylli ströngustu skilyrði. Það getum við neytendur ekki gert, við höfum hvorki þekkingu né tíma til að hafa áhyggjur af því hvort hvert einasta snitti sem við þurfum á að halda sé eitrað eða skaði náttúruna.

Þess vegna er ég aðdáandi umhverfismerkinga, þær eru öryggisventill og tæki fyrir mig til að senda skilaboð til allra framleiðanda og þjónustuaðila. Með því að velja frekar umhverfisvottað erum við að þrýsta á aðra um að uppfylla sömu skilyrðin. Svanurinn er eitt allra virtasta umhverfismerkið og að baki því liggur þéttriðið öryggisnet fyrir okkur og umhverfið. Hugsið ykkur ef allir færu eftir þeim kröfum sem Svanurinn gerir til framleiðslu og þjónustu, þá væri heimurinn betri.

*Guðrún A. Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Náttúran.is.*



**Guðrún er hlynnt umhverfismerkingum.**



JOTUN
FYRIR UMHVERFIÐ
OG HEILSUNA
Innanhúsmálningin frá JOTUN er umhverfisvottuð með Svansmerkinu
JOTUN
LADY
VEGG
Látum
verkin tala!
LADY
JOTUN
Jotaplast
JOTUN
sens
HÚSASMIÐJAN

UMHVERFISMERKI

● HVAÐA SVANSMERKTU VÖRUR OG ÞJÓNUSTU HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ?

KYNNING

# Goodyear uppfyllir kröfurnar enn á ný

Kröfur Svansins um hjólbarða hafa verið hertar, og er EfficientGrip-dekkið frá Goodyear, sem Hekla er umboðsaðili fyrir, fyrsti hjólbarðinn sem uppfyllir nýju kröfurnar.



Síðastliðið haust voru kröfurnar fyrir hjólbarða hertar. Handhafi réttarins til að nota Svaninn varð því að sækja um aftur og fá skráð að hinum nýjum strangari skilyrðum væri náð. Goodyear er eini aðilinn á Norðurlöndum sem hefur leyfi til að bjóða Svansmerktan sumarhjólbarða.



Þorgeir Ragnar Pálsson hjá Heklu segir Goodyear vera eina dekkjaframleiðandann á Norðurlöndunum sem hefur leyfi til að bjóða Svansmerkta sumarhjólbarða.

*Til að hljóta vottun Svansins þarf hjólbarðinn að uppfylla eftirfarandi kröfur:*

- *Lágt núningsviðnám til lækkunar á eldsneytiseyðslu og þar með minni útblæstri á skaðlegum efnum.*
- *Lágur hávaðastuðull.*
- *Framleitt úr umhverfisvænu hráefni.*
- *Umhverfisvæn framleiðsluaðferð.*
- *Góður slitstyrkur.*
- *Vera endurnýtanlegt.*

Val á hjólbarða hefur meðal annars áhrif á eldsneytiseyðslu og þar með losun á skaðlegum efnum.

Þeim sem er umhugað um umhverfið ættu því að velja Svansmerkta Goodyear EfficientGrip-hjólbarðann fyrir bílinn.

**● SVANSVOTTUÐ ÞJÓNUSTA** Ýmis þjónusta getur hlotið Svansvottun svo sem kaffi- og veitingahús, hótel og farfuglaheimili, dagvöruverslanir, ræstiþjónusta, prentsmiðjur og margt fleira. Gerðar eru strangar kröfur um Svansvottaða þjónustu og má þar nefna að:



- Kaffi- og veitingahús verða að gera strangar kröfur um hráefni því ákveðinn hluti hráefna þarf að vera lífrænt ræktaður og upplýsa verður neytendur um uppruna matvæla.
- Fyrir hótel og farfuglaheimili er gerð krafa um reglulega þjálfun og fræðslu starfsmanna ásamt ferlum til að stýra umhverfisstarfinu.
- Ræstingarfyrirtæki verða að lágmarka alla efnanotkun auk þess sem meirihluti efna sem notuð eru þurfa að vera umhverfismerkt.
- Prentsmiðjur þurfa að tryggja að flokkun úrgangs sé vönduð og tryggja að allur hættulegur úrgangur fái viðeigandi meðhöndlun.

# Umhverfisvottun er einföld yfirlýsing

**Umhverfisvottun á vöru og þjónustu er yfirlýsing um að við þróun og framleiðslu hefur verið hugað að auðlindanýtingu, endurvinnslu úrgangs og orkusparnaði. Fyrirtæki sem fara í gegnum vottunarferli vinna markvisst að því að minnka neikvæð umhverfisáhrif af sinni starfsemi.**



„Góð áhrif á starfsafnda fyrirtækja er það sem margir nefna þegar spurt er um helsta ávinning þess að fara í gegnum vottunarferli," segir Bryndís.

Nú eru liðin 20 ár frá því Svanurinn, norræna umhverfismerkið, var sett á laggirnar og tíu ár síðan prentsmiðjan Guðjón Ó fékk fyrstu Svansvottunina hérlendis. Vinsældir umhverfisstjórnunar hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár og þeim fyrirtækjum hefur fjölgað sem kjósa umhverfisvottun. Ávinningur fyrirtækja sem fara í slíkt ferli er líka mikill.

**MARKVISSARI VINNUBRÖGÐ OG SPARNAÐUR Í REKSTRI**

Fjölmörg dæmi sýna að sparnaður næst í rekstri því góð nýting á efnum og aðföngum er lykilatriði í umhverfisstjórnun. Í upphafi þarf ekki að kosta mikið að taka upp umhverfisvænni hætti, gagnrýn skoðun innanhúss er góð byrjun. Ef ákveðið er að fá vottun á starfið krefst það aga sem skilar sér í markvissari vinnubrögðum og kallar á frekari umbætur. Vottun er yfirlýsing til viðskiptavina um það starf sem unnið er innandyra.

**BETRI STARFSANDI**

Góð áhrif á starfsanda fyrirtækja er það sem margir nefna þegar spurt er um helsta ávinning þess að fara í gegnum vottunarferli. Það er lærdómur fyrir starfsfólk að fara í þá naflaskoðun sem krafist er. Umbætur sem fylgja í kjölfarið eru til bóta fyrir vinnuumhverfi. Reynslan sýnir að bestur árangur næst ef allir starfsmenn leggja sitt af mörkum. Oft heyrist að umbótastarfið á vinnustaðnum hafi skilað sér heim og starfsmenn sjái að það er ýmislegt sem hver og einn getur gert í umhverfismálum.

**BÆTT SAMKEPPNISSTAÐA**

Umhverfisvottun er einföld yfirlýsing til neytenda og þeirra sem kaupa inn hjá fyrirtækjum og stofnunum. Það sparar tíma og fyrirhöfn að geta bent á að vara eða þjónusta hefur verið tekin út af utanaðkomandi aðila sem vottar að hún uppfyllir kröfur sem gerðar eru til umhverfismála. Almennar yfirlýsingar um að fyrirtækið tryggi þetta með eigin athugunum eru ekki eins sterkar. Góð frammistaða í umhverfismálum getur þannig skipt sköpum fyrir samkeppnisstöðu fyrirtækja.

**ÞEKKT MERKI SEM NÝTUR TRAUSTS**

Alþjóðlegar vottanir geta styrkt markaðsstarf erlendis því það er vel þekkt hvað liggur að baki þeim. Sambærilegar kröfur eru gerðar í öllum löndum og sá sem einu sinni hefur sannfærst um að Svanurinn eða annað umhverfismerki sé traust þekkir merkið þegar hann sér það aftur. Mikil verðmæti felast í því að taka upp merki sem er þekkt og nýtur trausts. Það auðveldar markaðssetningu og getur opnað áður lokaðar dyr.

Framleiðendur sem velja umhverfisvottun sýna samfélagslega ábyrgð og leggja sitt af mörkum til að gera betur.

*Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins.*

GOODYEAR
EFFICIENT GRIP



Frábært dekk þegar kemur að stjórn á blautu jafnt sem þurru undirlagi. Vottað af Norræna umhverfismerkinu Svaninum sem umhverfisvænsta dekkið.

Söluaðilar:
Hjólbarðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu og um land allt

HEKLA
Hjólbarðadeild

# Bætt staða í umhverfismálum

**Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Merkið auðveldar fyrirtækjum að sýna fram á að vörur þess og þjónusta standast ströng umhverfisskilyrði. Svanurinn er traust merki með mikinn trúverðugleika og traust meðal neytenda. Þau íslensku fyrirtæki sem sækjast eftir Svansvottun verða æ fleiri með hverju árinu og ríkir almenn ánægja innan leyfishafandi fyrirtækja.**

## ODDI

### Kröfur viðskiptavina varðandi umhverfismál alltaf að aukast



„Við höfum alltaf haft umhverfismál að leiðarljósi," segir Jón Ómar Erlingsson, framkvæmdarstjóri Odda. „Við fengum vottun um áramótin m.a. til þess að ramma umhverfisstefnuna okkar betur inn."

Oddi kaupir einungis pappír frá viðurkenndum birgjum sem framleiða pappír úr nytjaskógum og segir Jón Ómar vottunina opna markaði fyrir fyrirtækið. „Kröfur viðskiptavina eru alltaf að aukast og viðhorf til umhverfismála orðin meðvitaðri hjá fólki."

Jón Ómar segir gæðastimpla frá Skandinavíu mikils metna á alþjóðlegum markaði. Eins segir hann Svansvottunina hagkvæma fyrir framleiðslu fyrirtækja og hjálpa þeim alhliða í viðskiptum. „Svo er það auðvitað skylda hvers fyrirtækis að vinna í sátt við náttúruna."

## SÓLARRÆSTING

### Einfaldar rekstur og eykur alhliða sparnað



„Við vildum ná betri árangri í umhverfis- og gæðavörum," segir Þórsteinn Ágústsson, framkvæmdastjóri Sólarræstingar ehf. „Svanurinn snýst um það og við höfum náð mjög góðum árangri með vottuninni."

Þórsteinn segir að fyrirtækið hafi sparað í efnanotkun, skipulagi og fjármagni. Fækkun efna úr 12-14 niður í einungis 3, hafi einnig sparað og einfaldað þjálfun starfsfólks. Aukinn áhugi starfsmanna á umhverfismálum almennt hafi einnig sýnt sig eftir Svansvottunina.

Þórsteinn segir Svansvottun koma inn með þá hugsjón að fara vel með hlutina. Bæði varðandi peningasparnað og efnisnotkun. „Allt sem við höfum er takmarkað og við verðum að fara með það eins vel og við getum."

Þórsteinn segist vera að sjá vitundavakningu í umhverfismálum allstaðar. „Þessi þróun er bæði inni á heimilum almennings og svo einnig á ráðstefnum og sýningum erlendis." Hann segir hlutfall fyrirtækja sem tileinka sér meðvitaða umhverfisstefnu hafa 2-3 faldast á síðustu árum og að munurinn sé sláandi. „Þetta er framtíðin," segir Þórsteinn.

## HJÁ GUÐJÓN Ó

### Elsti leyfishafi landsins



„Fyrsta skrefið var að losa okkur við þessi sterku efni," segir Ólafur Stolzenwald , prentsmiðjustjóri Hjá Guðjón Ó. „Nýju jurtaefnin virkuðu vel þar sem vélarnar voru handþvegnar."

Hjá Guðjón Ó er elsti leyfishafi Svansins, en fyrirtækið hefur verið vottað í 10 ár. Á þeim tíma hefur orðið mikil breyting innan fyrirtækisins, bæði hvað varðar pappírsnýtingu, minnkun á efnum og heilnæmara lofti. „Fyrirtækið er gegnsærra og við sjáum reksturinn betur í smáatriðum," segir Ólafur. „Þetta er meira en bara umhverfisisstöðull, þetta er líka stýritæki í rekstri."

Ólafur segir Svansvottun veita fyrirtækinu mikla og góða hagræðingu og auka markaðslegan ávinning. „Við vitum betur hvað við erum að láta frá okkur og hvað við erum að nota," segir hann. „80 prósent af pappírnum sem við notum er Svansvottaður, sem er mjög hátt hlutfall í þeim bransa."

Á þessum 10 árum segir Ólafur fyrirtækið hafa þróast og breyst til hins betra. „Við gerum okkur grein fyrir því hvað við erum að nýta og það skiptir miklu máli."

## FARFUGLAHEIMILIÐ

### Ómetanlegt hjálpartæki í rekstrinum



„Þetta var viðmið sem sniðið var fyrir gistiheimili og við höfðum aðgang að því í gegn um umhverfisstofnun. Þar fengum við faglega ráðgjöf og aðstoð," segir Sigríður Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Farfuglaheimilisins. „ Við lögðum í þetta 2004 og fengum vottun fyrir Reykjavíkurheimilið sem við vorum að endurnýja núna 2010, og fengum þá einnig vottun fyrir nýja heimilið á Vesturgötu."

Sigríður segir Svansvottunina auka hagkvæmni í rekstri og ýta undir góð vinnubrögð og ábyrgan hugsunarhátt í ferðaþjónustu hvað varðar umhverfismál. „Þetta er lífstíll og ákveðnar vinnuvenjur sem hjálpa okkur við að stilla okkur af, þjálfa nýtt fólk og innleiða nýjar aðferðir," segir hún. „Þetta hefur verið ómetanlegt hjálpartæki í rekstrinum."

Væntingar gesta eru miklar þessa dagana og umhverfismál eru gæðamál í þeirra huga. Sigríður segir þetta vera orðinn lífsstíll mjög margra og þegar fólk fari í ferðalög vilji það fylgja honum sem og heima við.

„Ísland táknar hreina náttúru og fólk gerir miklar kröfur til þess að umhverfismálum sé framfylgt. Það er að velja gististaði sem eru meðvitaðir um það," segir Sigríður, sem er búin að segja mikið frá Svaninum á erlendum ráðstefnum þar sem hann er mjög þekktur og virt vörumerki. „Þetta einfaldar og styrkir kynningu og markaðsstarf - að geta sett fram vörumerki sem flestir þekkja."

## ISS

### Vottunin tryggir gæði



„Við viljum vera umhverfisvænt fyrirtæki," segir Hólmfríður Einarsdóttir, gæðastjóri ISS. „Við notum mikið af sápum og alls kyns efnum og erum meðvituð um náttúruvernd." Hólmfríður segir Svansvottun vera einnig mjög markaðslega sterkt vopn og hjálpi til við að gera fyrirtækið betra. „Við erum með 850 manns í vinnu og viljum að hver og einn sé meðvitaður um náttúruna," segir hún. „Þetta snýr líka að meiru heldur en umhverfismálum – allt kennslu- ráðninga- og framkvæmdarferlið innan fyrirtækisins er partur af þessu. Vottunin tryggir gæði fyrir starfsfólk og viðskiptavini og það skiptir okkur miklu máli."

## UNDRI

### Eflir umhverfissjónarmið og rekstur

„Við byrjuðum með Svaninn 2002, en þá var þetta meiri hugsjón heldur en viðskiptaleið," segir Guðjón Hólm Sigurðsson, umsjónarmaður markaðs- og gæðamála hjá fyrirtækinu Undra, sem verslar með hreinsiefni. Fyrirtækið vildi fá staðfestingu á því að starfsemin væri vistvæn og leitaði til Svansins.

„Áherslurnar á umhverfismál eru alltaf að aukast," segir Guðjón. „Ímynd fyrirtækja veltur alltaf meira og meira á því hvernig stefna þeirra er í umhverfismálum." Guðjón segist sjá mun á sjónarmiðum fyrirtækja og einstaklinga varðandi umhverfismál: „Einstaklingar eru á undan fyrirtækjum í umverfishugsun," segir hann. „Sem er skrýtið – vegna þess að fyrirtæki ættu að vera að hugsa meira um ímyndina út á við." Guðjón segir að áherslurnar í samfélaginu varðandi umhverfismál séu alltaf að aukast og breytast til batnaðar. „Það var líka hugsunin í byrjun," segir Guðjón. „Við vissum að tíminn myndi vinna með okkur."




Fyrsta svansvottaða ræstingafyrirtækið á Íslandi

Heildarlausnir í þrifum fyrirtækja, stórra og smárra.

SÓLAR RÆSTING

Sólarræsting ehf. • Kleppsmýrarvegi 8 • 104 Reykjavík
Sími. 581 4000 • Fax. 581 4001 • solarraesting.is



„Jotun Sens er eina vörumerkið innan málningar, sem í dag er bæði með Svansmerkið og vottun Astma- og ofnæmissamtaka Noregs og Íslands," segir Einar Lárus, hjá Húsasmiðjunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Nýr staðall fyrir innanhússmálningu

„Það er ekki til nokkur einasta vara sem jafnast á við Sens hvað varðar lykt og losun, enda er málningin með Svansmerki. Þegar starfsmenn á rannsóknarstofu Jotun byrjuðu að þróa Sens var takmarkið að setja nýjan staðal meðal innanhúsmálningar, hvað varðar lykt og losun efna," segir Einar Lárus Ragnarsson, vörustjóri málningarefna hjá Húsasmiðjunni og vísar þar með til fyrri rannsókna og þróunar á þessu sviði.

„Þarna gerðu þeir strangari kröfur til vörunnar og prófuðu röð samsetninga áður en þeir fundu bestu formúluna. Astma- og ofnæmissamtök Noregs fóru yfir allar uppskriftir og gögn sem fyrirliggja varðandi lykt og uppgufun og hafa metið allt hráefni og samsetningu þess og mæla með málningunni. AO, Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi, gerði það sama þegar sala á málningunni hófst hérlendis." Einar segir Jotun Sens eina vörumerkið innan málningar sem er bæði með Svansmerkið og vottun Astma- og ofnæmissamtaka Noregs og Íslands. „Eins eru Lady og Jotaproff og Jotaplast frá Jotun með Svansmerkið."

# Fyrsta vottaða kaffihúsið

**Kaffitár er fyrsta íslenska kaffi- og veitingahúsið sem hlýtur Svansvottun.**



Aðalheiður vonast til að fleiri kaffi- og veitingahúsaeigendur fylgi í fótspor Kaffitárs og sæki um Svansvottun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Til að fá Svansvottun þarf að uppfylla ströng skilyrði og er Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, að vonum ánægð með að hafa náð þeim áfanga að hljóta vottun. Aðalheiður segir umsóknarferlið krefjast talsverðar skráningar en að öðru leyti sé framkvæmdin ekki óyfirstíganleg og á allra færi. En hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá þjónustuna vottaða?

„Þau eru fjölmörg en sem dæmi má nefna það að við bjóðum eingöngu upp á einnota pappamál og borðbúnað fyrir þá sem ætla með vörurnar út af kaffihúsunum en ekki fyrir þá sem borða á staðnum. Við bjóðum að hluta til upp á lífrænt og umhverfisvottað te og kaffi, reynum að kaupa inn mat og hráefni úr nærumhverfi til að spara flutningskostnað, notum umhverfisvottuð hreinsiefni, veljum sem mest af umhverfismerktri vöru og þjónustu í innkaupum og flokkum sorp í fjóra flokka.

Umhverfisáherslan er viðskiptavinum Kaffitárs sýnileg á ýmsan hátt en á kaffihúsum Kaffitárs er viðskiptavinum gert að flokka úrgang í pappa, plast, ál og stál. „Þá höfum við frá opnun boðið upp á afslátt af kaffi og tei ef fólk kemur með eigið ferðamál og höfum hækkað hann í þrjátíu krónur en þannig viljum við hvetja fólk til að nota margnota drykkjarmál.

Aðalheiður segir ávinninginn af því að fá umhverfisvottun Svansins margþættan. „Það er gert ráð fyrir að það náist töluverð hagkvæmni í framleiðslunni til dæmis með minni orkunotkun og minni úrgangskostnaði en þetta leiðir af sér hagkvæmara verð til viðskiptavina. Þá er umhverfisvottun vafalaust ódýrari fyrir samfélagið vegna minni mengunar og annarra óæskilegra umhverfis- og heilsuáhrifa."

Höfuðstöðvar Kaffitárs eru í Reykjanesbæ og vonast Aðalheiður til þess að stjórnvöld þar taki við sér. „Þá höfum við kynnt umhverfisstefnu fyrirtækisins fyrir öðrum fyrirtækjum og vonast ég til að sem flestir feti í okkar fótspor enda felur Svansvottun í sér ströngustu umhverfis- og gæðaskilyrði og gefur viðskiptavinum fullvissu um að fyrirtækið gæti umhverfisins eftir fremsta megni.

- ve






Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.**
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

ODDI

Prentun frá A til Ö

KYNNING



Hjá ISS á Íslandi starfa um 750 manns. Þetta eru einstaklingar sem hafa kynnst og tileinkað sér nýja umhverfisvæna hugsun, hugsun sem er ekki skilin eftir í vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Svanurinn hreiðrar um sig hjá ISS

Árið 1997 einsetti ISS Ísland sér að lágmarka efnanotkun við daglegar ræstingar og vekja starfsmenn til vitundar um hvernig starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á umhverfið. Ávinningurinn varð það augljós að ári seinna ákvað fyrirtækið að ganga lengra og fá daglega ræstiþjónustu fyrirtækisins vottaða með Svaninum, opinberu umhverfismerki Norðurlanda.

Í vottunarferli ISS kom í ljós að lengi má gott bæta. Annars vegar hvernig Svanurinn tekur á öllum verkferlum og hins vegar áhuga starfsmanna á Svaninum og vilja til að gera betur. Starfsmenn ISS koma gjarnan með tillögur um bætt vinnulag til að minnka neikvæð umhverfisáhrif. Á hálfu ári frá því að ISS fékk Svansmerkið eru allir mælikvarðar jákvæðir, t.a.m. hefur efna- og eldsneytisnotkun minnkað verulega og bílar eru valdir eftir umhverfishæfni þeirra. Rekstrarvörur eru nú yfir 90% umhverfismerktar og innkaup hafa minnkað stórlega. Á sama tíma hafa gæði þjónustunnar aukist.

Starfsfólk ISS sem eru um 750 manns hefur tileinkað sér nýja umhverfisvæna hugsun, sem er ekki skilin eftir í vinnunni. ISS hefur því menntað fjölda nýrra umhverfissendiherra sem stuðla að sjálfbærara samfélagi, í og utan vinnutíma. Þó einungis ræstisvið ISS sé Svansmerkt er hugsunarhátturinn farin að smita önnur svið fyrirtækisins og hefur einnig vakið athygli systurfyrirtækja ISS erlendis.

Mikilvægast er þó að í Svansvottuninni endurspeglast grunngildi ISS. Fyrirtækið sýnir umhverfinu ábyrgð og umhyggju samtímis því að afhenda gæðaræstingu.

## ● LEIÐANDI UMHVERFISMERKI

- Kröfur Svansins eru mótaðar af óháðum sérfræðingum.
- Vara eða þjónusta þarf að standast ströng skilyrði og úttekt fer ávallt fram áður en leyfi er veitt.
- Hert er á kröfunum á þriggja til fjögurra ára fresti til að tryggja stöðugar úrbætur.
- Svanurinn var nýlega valið leiðandi umhverfismerki í alþjóðlegri könnun.

UMHVERFISMERKI



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Umhverfisvottaðar vörur þarf að auglýsa betur, að sögn Brynhildar Pétursdóttur, starfsmanns Neytendasamtakanna.

# Umhverfisvottaðar vörur reyndust ekki dýrastar

**Neytendasamtökin gerðu nú í lok apríl verðkönnun á hreinlætisvörum merktum umhverfisvottun Svansins og náði könnunin til átta vöruflokka í sjö verslunum.**

„Fólk virðist telja umhverfisvænar vörur dýrar svo við ákváðum að skoða það,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna.

„Niðurstaðan var sú að ekki er hægt að sjá að þessar vörur séu dýrari en aðrar. Við könnunina var verð allra tegunda í þeim vöruflokkum þar sem Svansmerkt vara fannst, skráð. Stundum voru þær dýrar en líka ódýrar, allt eftir vöruflokkum.“ Sem dæmi nefnir Brynhildur að sjampó merkt Svaninum hafi lent fyrir miðju í verði en blautþurrkur fyrir börn voru í dýrari kantinum. Þá mátti finna mjög ódýran Svansmerktan uppþvottalög.

Brynhildur segir úrval umhverfisvottaðra vara hafa aukist verulega hér á landi á síðustu árum en Svansmerkið hefur verið til í tvo áratugi. Stjórnvöld mættu hins vegar sinna betur þessum málaflokki.

„Meðvitund Íslendinga í þessum efnum hefur ekki verið mikil en nú er hún öll að koma til. Eftirspurnin er að aukast en árið 2006 skoðuðu Neytendasamtökin úrvalið af umhverfisvottuðum vörum og það var þá mjög lítið, til dæmis í vörum fyrir ungbörn. Þetta hefur batnað til muna og í þessari könnun sáum við að úrvalið er ágætt í flestum búðunum. Hins vegar þarf að auglýsa vöruna og það er líka á ábyrgð stjórnvalda. Svansvottunin er samnorrænt verkefni og stjórnvöld hafa ekki haldið því á lofti eins og þau gætu gert að okkar mati,“ segir Brynhildur.

Verðkönnunin verður birt á vef Neytendasamtakanna innan skamms, www.ns.is undir flokknum verðkannanir.

- rat

### DÆMI ÚR SKÝRSLU NEYTENDASAMTAKANNA

**Fjarðarkaup:**

| | |
|---|---|
| Neutral | 598 |
| Vex | 620 |
| Fairy | 731 |
| Ajax | 778 |

**Bónus:**

| | |
|---|---|
| Clean fresh 625 ml | 254 |
| Clean fresh 500 ml | 258 |
| Euroshopper | 298 |
| Fairy | 518 |

**Hagkaup:**

| | |
|---|---|
| Euroshopper | 309 |
| Fairy | 731 |
| Neutral | 1006 |

**Samkaup úrval:**

| | |
|---|---|
| Easy | 302 |
| X-tra | 378 |
| Fairy | 650 |
| Angelmark | 778 |
| Neutral | 978 |

**Nettó:**

| | |
|---|---|
| Easy | 286 |
| X-tra | 318 |
| Fairy | 598 |
| Angelmark | 758 |
| Neutral | 778 |




**Uppþvottalögur verð pr. lítra.**



UMHVERFISMERKI
176 021
Ræstingarþjónusta

# Ræstingarsvið ISS Ísland er með norrænu umhverfisvottunina Svaninn





Með Svansvottun er tryggt að verkferlar ISS Ísland uppfylla ströngustu umhverfis- og gæðaskilyrði, og um leið hvetur ISS birgja sína til að bjóða vistvænar vörur sem uppfylla kröfu Svansins.

**Svansvottun ræstingasviðs ISS á að** tryggja fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum gæðaþjónustu, sem er **vistvænni** í framkvæmd**.**

Með því að **velja umhverfisvottaða þjónustu** stuðla viðskiptavinir okkar að því að efla **sjálfbæra þróun samfélagsins** þar sem komandi kynslóðir hafa jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.

Við hjá ISS erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð í umhverfismálum og hvetjum alla til að velja umhverfisvottaða þjónustu.





www.iss.is



**Umhverfisvottaðar vörur auðvelda neytendum að finna vörur við sitt hæfi.**

# Neutral með Svansvottun

Eins og margir vita innihalda Neutral-vörurnar hvorki litarefni, ilmefni, bleikiefni né önnur aukaefni og bera því til staðfestingar merki dönsku Astma- og ofnæmissamtakanna. Neutral þvottaefni og hreinlætisvörur, bæði fyrir fullorðna og börn, eru því eftirsóttar af þeim sem vilja vernda viðkvæma húð.

Glöggir og umhverfisvænir neytendur hafa eflaust veitt því eftirtekt að á umbúðum flestra Neutral varanna er einnig að finna Svansmerkið sem er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Svansmerkið er staðfesting á því að framleiðandi Neutral uppfylli strangar kröfur um innihaldsefni og efnanotkun, losun í loft, vatn og jarðveg, orku- og auðlindanotkun ásamt úrgangsmeðhöndlun. Einnig eru gerðar kröfur um gæði og virkni vörunnar.

Umhverfismerki auðvelda neytendum að velja vörur sem eru umhverfisvænni en sambærilegar vörur á markaðnum. Þeir sem kjósa hreinlætisvörur sem eru bæði umhverfisvænar og vernda viðkvæma húð velja því Neutral. Ölgerðin flytur inn Svansmerkt Neutral þvottaefni og uppþvottalög, svitalyktareyði og handáburð, sápur, sjampó og hárnæringu og síðast en ekki síst úrval af Svansmerktum barnavörum sem vernda viðkvæma húð barna. Má þar nefna blautklúta, baðsápu, sjampó, ýmis krem og húðolíu. Íslendingar eiga því kost á að velja Svansmerktar Neutral vörur og leggja þannig sitt lóð á vogarskálarnar til að vernda umhverfið.

## ● GÆÐI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA



● Þvottaefni þarf að þvo hreint við lágt hitastig, húsgögn verða að þola strangar prófanir og kröfur eru gerðar um gæði prenthylkja.

● Mikil áhersla er lögð á endingu og þol vöru.

● Gerð er krafa um gæðaprófanir eða virka gæðastýringu til að tryggja góða frammistöðu vörunnar eða þjónustunnar.

## ● VELJUM SVANSMERKT FYRIR HEILSUNA

● Við framleiðslu á hreinlætis- og snyrtivörum má ekki nota ofnæmis-, krabbameinsvaldandi og hormónaraskandi efni.



● Svansmerktar vörur eru sjálfsagt val fyrir foreldra. Ekki má nota krabbameinsvaldandi og hormónaraskandi eldvarnarefni á leikföng. Fatnaður skal vera úr lífrænt ræktuðum eða sambærilegum trefjum. Sólarvörn, tannkrem og sápa ætluð börnum mega ekki innihalda ilmefni.

● Svansmerktar vörur og þjónusta eru því með þeim öruggustu í sínum vöruflokki.

## ● VELJUM SVANSMERKT FYRIR UMHVERFIÐ

● Húsgögn eru eingöngu smíðuð úr viði frá sjálfbærri skógrækt.

● Hótel, ræstingarþjónustur og veitingastaðir þurfa að lágmarka heildarumhverfisáhrif starfseminnar og innleiða orkusparnað, vistvæn innkaup og betri lausnir við úrgangsmeðhöndlun.

● Mjög strangar kröfur eru gerðar um efnanotkun hjá Svansmerktum prentsmiðjum.

● Hjólbarðar verða að hafa lítið viðnám til að draga úr eldsneytisnotkun og vera hljóðlátir og öruggir.





PopUp-verslun tekur þátt í listahátíðinni Jónsvöku:

# Hönnun í Hafnarhúsi

PopUp-verslun, sem er milliliðalaus verslun frá hönnuði til neytenda, verður á meðal þeirra sem taka þátt í listahátíðinni Jónsvöku sem fram fer í Reykjavík dagana 24. júní til 27. júní. Opnað hefur verið fyrir umsóknir frá fatahönnuðum sem vilja taka þátt í PopUp-verslun þessa daga.

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri listasviðs Jónsvöku, segir markaðinn fara fram í Hafnarhúsinu og munu fimmtán hönnuðir taka þátt, en að listahluta Jónsvöku standa Framkvæmdafélag listamanna og Patrón. „Við erum komnar með Hafnarhúsið og markaðurinn mun þá fara fram laugardag og sunnudag á opnunartíma safnsins. Stúlkurnar sem standa á bak við PopUp sjá um þetta og þær vilja halda sínum markmiðum, sem er að skapa nýjan vettvang fyrir unga hönnuði.“

Harpa Fönn segir að í Hafnarhúsinu verði eingöngu sýnd hönnun í tengslum við Jónsvöku. Nýlistasafnið verður helgað sviðslist og myndlist og Gallerí Crymo verður lagt undir utandyraviðburði eins og gjörninga.

Umsóknarfrestur rennur út 21. maí og er tekið við umsóknum á veffangið popup@jonsvaka.is. *- sm*



**PopUP** PopUp-verslun verður hluti af listahátíðinni Jónsvöku. Þórey Björk, Guðbjörg og Björg komu markaðnum á fót fyrir tæpu ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## algjört möst

**1** Tónleikar Mali-búanna Amadou og Mariam voru hreint stórkostlegir og fengu Íslendinga til að iða af afrískum takti. Plata þeirra Welcome to Mali er pródúseruð af Damon Albarn og er algjörlega ómissandi til að komast í sumarskapið.



**2** Hresstu upp á fataskápinn með þessu sæta og vorlega púffpilsi frá Top Shop. Rokkaðu það upp með leðurjakka, svörtum gammósíum og svörtum sólgleraugum.



**3** Hvernig væri að færa elskunni morgunverð í rúmið á sunnudegi og skella í einn Mimosa kokkteil til að setja með á bakkann? Það eina sem þú þarft er freyðivín og ferskur appelsínusafi.



**4** Prada boðaði tíkó og appelsínugular varir fyrir sumarið. Hresst og skemmtilegt lúkk sem vert er að gefa gaum!



**5** Við erum svakalega skotnar í þessum litríku sumarsandölum frá Marc Jacobs sem ættu að lífga upp á öll svörtu fötin frá því í vetur.

**6** Vefsíðan ynja.net er skemmtileg vefsíða á íslensku fyrir konur sem hafa áhuga á menningu, tísku, hönnun og áhugaverðum viðtölum og nenna ekki að lesa um rassana á fólki í Hollywood.




# núna
✻ tíska og fegurð

**SEXÍ OG SEIÐANDI** Nýjasta ilmvatnið frá Gaultier heitir Ma Dame og skartar einstaklega svalri auglýsingaherferð með fyrirsætunni Agyness deyn. Ilmurinn er mjög sérstakur með mjúkum keim af kryddum, ávöxtum og sælgæti og er einn sá kynþokkafyllsti sem við höfum lengi fundið lykt af!





1


2


3


4

Hildur Ragnarsdóttir

# Courtney Love hittir Hello Kitty

***Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?*** Ung Courtney Love hittir Audrey Hepburn í bland við Hello Kitty. Ég er algjör sökker fyrir „grunge“ rokki en líka stelpulegum og krúttlegum stíl.


5

***Hverjir eru helstu áhrifavaldar þínir?*** Áhrifavaldar mínir eru engir ákveðnir, meira bara hverju maður er innblásinn af hverju sinni, hvort sem það er fólk, bíómynd, ljósmynd, tónlist eða tilfinning.

***Hvaða áratugur heillar þig mest í tískunni?*** Sá sjötti og sá tíundi.

***Hverjar eru uppáhaldsverslanir þínar í Reykjavík?*** KronKron, Einvera, Aftur og Gyllti kötturinn.

***Hefur tónlist áhrif á klæði þín?*** Já, stundum tekur maður eitthvað ákveðið tímabil þar sem maður klæðist eins og tónlistin sem maður hlustar. Þegar ég var 15 ára var ég alltaf að hlusta á the Doors og Led Zeppelin og var alltaf eins og hippi til fara.

***Hver finnst þér vera verstu tískumistök sem fólk gerir?*** Að klæðast einhverju sem er í tísku bara af því það er í tísku. Langbest að klæða sig í það sem manni finnst fallegt og þægilegt og skapa þannig sinn eigin stíl.


6

***Eru einhver tískuslys í þínum fataskáp?*** Það eru líklega gervi „ugg-boots“ sem ég keypti mér í Zöru fyrir löngu.

***Hvað er á óskalistanum fyrir sumarið?*** Á óskalistanum fyrir sumarið eru maxikjólar, Clubmaster-sólgleraugu, hjólastuttbuxur og fuuullt af nýjum skóm!

***Hvað er það dýrasta sem þú hefur keypt þér?*** „Damisi“ stígvél úr All Saints og myndavélin mín, Canon g10. Hitt hef ég verið svo heppin að fá í gjöf.

1 Delia kjóll frá All Saints, keyptur í Berlín. Svartar pvc-leggins sem ég saumaði. Skór úr Einveru sem voru hverrar krónu virði. 2 Zöru-peysa. 3 Kron by KronKron. Vegna þess að þeir eru „ultimate“ uppáhaldsskórnir mínir, skemmir ekki fyrir að þeir eru íslensk hönnun. 4 Pallíettuvestin eru frá Silence+Noise og Kimichi&Blue, og eru bæði keypt í Urban Outfitters í London. 5 Hálsmenin, þau eru svona héðan og þaðan. Valdi þau vegna þess að þau eru öll svo mismunandi og fín. Maður getur aldrei átt of mikið af hálsmenum. 6 Kalda-kjóll keyptur í Einveru. Nýjasti kjóllinn í skápnum og því í extra miklu uppáhaldi. Leggins úr Zöru. Stígvél frá All Saints. Valdi þau því mér finnst þau svo flott. Þau eru mjög „rough“ en samt passa þau við kjóla líka. 7 Fjaðrakragi frá Kalda. Nota hann rosalega mikið annað hvort við kjóla eða „basic“ hlýraboli og gallabuxur. Finnst hann algjört „must“ í fataskápinn.


7



# LED sjónvörp - líka falleg á hlið

Úrval Sony sjónvarpa - frábær verð, mögnuð gæði




Heimsmeistarakeppnin hefst 11. júní
Sony er styrktaraðili HM 2010

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

**Sony Center**



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði**



**1** Á fullkomnum degi er ég í sumarfríi og vakin með kossi og blómum af manninum mínum og börnum. Svo fæ ég geðveikan heimatilbúinn morgunmat „a la eiginmaðurinn“.

**2** Næst förum við í langan göngutúr í upplandi Hafnarfjarðar og endum í Suðurbæjarlauginni og þá er ég mjó og tónuð og ógeðslega flott (ekki ólétt).



**3** Svo fer ég ein og hitti vinkonur mínar í lautarferð í Hellisgerði og þar rúllum við niður brekkurnar af hlátri á milli þess sem við kryfjum málin.

**4** Á heimleiðinni geng ég strandstíginn í Hafnarfirði, stoppa til að setjast á bekk og byrja að prjóna enda er ég orðin ein frægasta prjónakona Íslands. Svo fer ég á Kaplakrika og horfi á meistaraflokk kvenna FH landa enn einum sigrinum.



**5** Þegar ég kem heim í Bjarnabæ er eiginmaðurinn búinn að skipuleggja fyrir mig óvænt partí, grillveislu með fjölskyldu og vinum og þar er grenjað af hlátri fram á nótt enda er ég umvafin fyndnasta fólki Íslands.




# Full búð af hjólum



**Giant Boulder**
Sterkt fjallahjól, 21 gír, dempari á framgaffli, álstell og sterkar tvöfaldar gjarðir.

Verð **65.900 kr.**



**Giant Sedona**
Létt og þægilegt borgarhjól, 21 gír dempari í sæti og á framgaffli, álstell og sterkar tvöfaldar gjarðir.

Verð **69.900 kr.**

MARKIÐ

*Verkstæði og varahlutir í miklu úrvali.*

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með

# Þrennt margborgar sig

**Falleg hellulögn er augnayndi við híbýli og garða, en þarfnast viðhalds eins og öll önnur mannanna verk. Skrúðgarðyrkjumeistarinn Þorkell Gunnarsson segir þrennt valda mestum skemmdum á hellum.**

„Það sem menn ættu að gera strax og hellulögn er ný er að sanda yfir hana aftur með reglulegu millibili. Hellur eru jafnan lagðar ofan á sand og sandur settur í fúgur á milli þeirra, en þetta þarf að gera aftur nokkuð reglulega því sandurinn rignir niður og hverfur smám saman úr fúgunum. Í staðinn fýkur mold í fúgurnar sem gera aðstæður ákjósanlegar fyrir illgresi að vaxa og skemma út frá sér, meðan söndunin fyrirbyggir að hellur skekkist vegna þess að illgresi náði að skjóta rótum,“ segir Þorkell Gunnarsson, formaður Félags skrúðgarðyrkjumeistara, spurður um góð ráð til viðhalds á hellulögnum fyrir garðeigendur sem vilja sjálfir taka til hendinni heima.

Þorkell segir best að sanda aftur yfir hellulögn nokkrum mánuðum eftir fyrstu lögn og svo árlega næstu þrjú árin en annað hvert ár þar á eftir, því slíkt margborgi sig og auki endinguna verulega.

„Annað mikilvægt atriði er að taka strax í taumana sjáist pollar myndast á hellum. Þá þarf að lyfta upp hellum sem hafa sigið og leggja aftur með sandi undir því annars verður alltaf veikur punktur í lögninni þar sem vatn situr eftir og er sérstaklega varasamt á álagsstöðum eins og í innkeyrslum,“ segir Þorkell og bætir við þriðju algengustu ástæðunni fyrir því að hellur fari af stað.

„Algengt er að fólk sem leggur hellur sínar sjálft sinni því ekki að steypa meðfram jöðrum hellulagnarinnar, þar sem hún liggur að grasi og beðum. Til að auka endinguna er ráð að grafa litla rauf meðfram hellulögninni, hella ofan í svolítið af steypu og einu steypustyrktarjárni svo kanturinn haldist á sínum stað. Þessar þrjár aðferðir auka endingu hellulagnar um áratugi,“ segir Þorkell sem þykir synd að sjá vel gerðar hellulagnir verða ónýtar eftir fáein ár vegna þess að sand vantar í fúgurnar.

„Þetta er auðvelt að gera sjálfur og hægt að fá 25 kílóa sandpoka á byggingamörkuðum sem maður sópar yfir stéttina með kústi. Þá er mjög gott að rennbleyta sandinn ef rakt er úti þannig að hann leki ofan í fúgurnar en hafa hann skraufþurran ef þurrt er úti, því rakur sandur fer ekki ofan í fúgur.“

Nánari fróðleik og lista yfir skrúðgarðyrkjumeistara má finna á www.meistari.is.

*thordis@frettabladid.is*



Þorkell Gunnarsson skrúðgarðyrkjumeistari við störf í Grasagarðinum í Laugardal. Hér grípur hann í grastopp sem er óvelkominn milli hellna, meðan mosinn fær að dafna og setja fallegan svip og gamaldags karakter á stéttina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mosi og illgresi



- Besta og umhverfisvænsta leiðin til að losna við illgresi milli hellna er að svíða það burt með gasbrennistútum sem setja má á litla gaskúta. Það drepur hins vegar ekki rótina og ef vandamálið er slæmt þarf að gera þetta oftar, eða þar til illgresið koðnar og lætur undan.
- Salt eyðir ýmsu illgresi, en margar tegundir eru saltþolnar.
- Sjóðandi heitt vatn drepur allt illgresi en líka annað í nágrenninu. Því er sú aðferð ekki góð ef annar gróður er í næsta nágrenni.
- Síðasta hálmstráið er eiturefni sem úðað er yfir lögnina. Slík eiturefni hafa verið bönnuð í mörgum löndum en getur verið réttlætanlegt að nota einu sinni ef vandamálið er mikið. Þá er mikilvægt að nota úðara með skermi til að hafa hemil á dreifingunni.
- Vilji fólk losna við mosa, sem sumum þykir augnayndi á hellum og skemmir ekkert, er auðvelt að skafa hann af með flatri skóflu.

*Að sögn Þorkels skrúðgarðyrkjumeistara telst mosi ekki til illgresis í hellulögn. Illgresi, gras og aðrar jurtir með öflugt rótarkerfi sem skekkja og lyfta hellum.*



# HELGIN

**HUGARAFL** í samstarfi við Háskólann í Reykjavík stendur fyrir opnu málþingi á morgun frá 13 til 16 í Bellatrixsalnum í húsnæði skólans í Nauthólsvík. Yfirskrift málþingsins er Að læknast af geðröskun.





„Við munum laga matseðilinn sem var í veislu Jörundar að nútímaaðstæðum,“ segir Friðgeir Eiríksson, matreiðslumeistari á Hótel Holti, um konunglega veislu sem haldin verður í Viðey í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fanga anda gamalla tíma

**Sumardagskrá Viðeyjar hefst á djasskvöldverði í Viðeyjarstofu annað kvöld. Síðar í mánuðinum munu matreiðslumenn Holtsins útfæra veislu sem haldin var til heiðurs Jörundi hundadagakonungi 1809.**

Hótel Holt tók við rekstri Viðeyjarstofu um síðustu mánaðamót og ætlar sér að byggja á þjóðlegum hefðum og hráefni í bland við erlenda matargerðarlist.

„Við ætlum að vera með góðan mat og þjónustu og fylgja sögu eyjarinnar,“ segir Friðgeir Ingi Eiríksson, matreiðslumeistari á Hótel Holti. Einnig er ætlunin að nýta hráefni sem finnst á eyjunni á borð við kúmen og rabarbara.

Fyrsti viðburðurinn verður þó á alþjóðlegum nótum en það er djassmálsverður annað kvöld sem ætlunin er að verði mánaðarlega. „Þar verður reynt að fanga anda sjötta áratugarins í mat og skemmtun,“ segir Friðgeir. Til dæmis mun Viðeyjarkvartettinn, sem skipaður er þeim Kristjönu Stefánsdóttur, Ómari og Óskari Guðjónssonum og Scott McLemore spila fyrir gesti.

Um næstu mánaðamót er ætlunin að hrinda af stað nýjum og spennandi viðburði. Það er veisla í anda þeirrar sem Ólafur Stephensen hélt fyrir Jörund hundadagakonung í Viðey árið 1809. Kokkarnir fengu greinargóðar lýsingar á málsverðinum í gögnum frá Viðeyingafélaginu en þar gaf að líta alls kyns kræsingar. Til að mynda sagógrjónagraut með rúsínum og rauðvíni, kríuegg í sætum rjóma, lambakjöt með njólastöppu, vöfflur, flatbrauð og fleira. „Við munum fylgja textanum eins og við getum en setjum matseðilinn þó í nýjan búning og lögum hann að nútímaaðstæðum,“ segir Friðgeir og bætir kíminn við að hann hafi til að mynda ekki kannað hvort yfirleitt sé löglegt að bjóða upp á kríuegg.

Fyrir utan matseldina verður einnig reynt að láta alla umgjörð veislunnar vera í nítjándu aldar stíl og mun klæðnaður þjóna taka mið af þeim tíma.

Fleiri skemmtilegir viðburðir verða í boði í sumar. Í júní er ætlunin að fá menn alla leið frá Bordaux í Frakklandi með sjaldgæfa árganga af víni. „Við ætlum að skipuleggja kvöld þar sem líkt verður eftir kastalastemningu í Frakklandi,“ segir Friðgeir og lofar góðri skemmtun.

Nánar má skoða dagskrá í Viðey á www.elding.is.



Meðal þess sem Jörundur fékk að borða í Viðey voru kríuegg í sætum rjóma og njólastappa.


NÝTT • GLÆSILEGT • YNDISLEGT



teg. Cloudy - í B,C,D,DD skálum á kr. 7.680,-



teg. Cloudy - í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur




Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum

KYNNUM NÝJU LÍNUNA



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

10% afsláttur út maí

Rín 2H2
Verð frá
257.310 kr

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

PIZZAOFN

NÝ SENDING KOMIN

PIZZUR
BÖKUR
BAGUETTE
SAMLOKUR
LASAGNE ofl.



Ariete

„Pizzan verður eins og eldbökuð!“

**Ariete 903**
Da Gennaro Pizzaofn úr málmi. Bakar frosnar eða heimatilbúnar pizzur á steinplatta sem snýst og endurkastar hita (svipað og í viðarbrennsluofnum). Fljótur að hitna og bakar pizzu á 5-10 mínútum. Frábær fyrir pizzur, bökur, baguette, samlokur, lasagne og fleira. Tímastillir og stillingar fyrir ýmsar matartegundir.

VERÐ
17.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

NÝKOMNIR VANDAÐIR HERRASKÓR ÚR LEÐRI



Gerð: 82395/929
Litur: brúnt
Stærðir: 41 - 47
**Verð: 22.485**



Gerð: 49591/480
Litur: svart
Stærðir: 41 - 48
**Verð: 18.375.-**

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI ER 67 ÁRA Í DAG**

*„Gæfan er ekki fólgin í ytri skilyrðum. Hún býr í okkur sjálfum.“*

***Ólafur Ragnar fæddist á Ísafirði árið 1943, sonur hjónanna Gríms Kristgeirssonar og Svanhildar Ólafsdóttur. Ólafur er fimmti forseti lýðveldisins en hann var fyrst kosinn árið 1996.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. MAÍ 1643

## Loðvík 14. tekur við krúnunni

Loðvík 14. var einungis fjögurra ára gamall þegar hann varð konungur Frakklands en hann var fæddur þann 5. september árið 1638. Loðvík lést 1. september árið 1715 sjötíu og sjö ára að aldri og hafði því setið á valdastóli í sjötíu og tvö ár eða allt þar til hann lést. Enginn annar konungur eða einvaldur í Evrópu hafði setið jafn lengi. Loðvík var kallaður „hinn mikli“ og sagt var að sólin snerist um hann. Honum þótti sjálfum mikið til sín koma og á að hafa sagt „Ríkið, það er ég“ þó það



sé ekki staðfest. Versalir voru byggðir í valdatíð Loðvíks og þykja tákn um stórhug hans og völd. Loðvík giftist Maríu Theresu árið 1660. Hún fæddi honum sex börn en aðeins elsti sonurinn náði fullorðinsaldri.

María Theresa lést 1683 en Loðvík átti allt þeirra hjónaband, nokkrar hjákonur og eignaðist með þeim mörg börn. Loðvík giftist Madame de Maintenon á laun sama ár og María lést. Henni var hann trúr allt þar til hann lést.

**MERKISATBURÐIR:**

**1912** Friðrik 8. Danakonungur finnst látinn í Hamborg. Sonur hans Kristján 10. tekur við krúnunni.
**1919** Átta klukkustunda vinnudagur lögfestur í Danmörku.
**1948** Stofnun Ísraelsríkis lýst yfir af David Ben-Gurion.
**1955** Varsjárbandalagið er stofnað í Póllandi.
**1959** Pétur Ottesen lætur af þingmennsku eftir 43 ára þingsetu.
**1965** Fyrsta Fokker Friendship-flugvél Flugfélags Íslands kemur til landsins. Vélar af þeirri tegund eru notaðar í flugi innanlands í áratugi.






†

*Innilegar þakkir færum við öllum sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur minnar og tengdasonar, foreldra okkar, tengdaforeldra, afa, ömmu, langafa og langömmu,*

**Hauks Hafsteins Gíslasonar**
rakara, Garðavík 3, Borgarnesi og

**Hönnu Þórönnu Samúelsdóttur**
húsmóður, Garðavík 3, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir sendum við öllu því góða starfsfólki á Sjúkrahúsi Akraness, sem annaðist þau í veikindum þeirra.

**Margrét Hannesdóttir**
**Bryndís G. Hauksdóttir Hauth** — **Ólafur G. Gunnarsson**
**Ellý Hauksdóttir Hauth** — **Jón Viðar Gunnarsson**
**Gísli Friðrik Hauksson** — **Ragnheiður K. Óladóttir**
**Samúel Smári Hreggviðsson** — **Sigríður Kr. Jóhannsdóttir**
**Ólafur Magnús Hreggviðsson**
**Guðgeir Veigar Hreggviðsson** — **Sigrún Gestsdóttir**
**Margrét Dögg Hreggviðsdóttir** — **Hallgrímur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur mágur okkar og frændi,*

**Jón Jóhannesson**
frá Leikskálum,

er lést aðfaranótt 6. maí, verður jarðsunginn frá Stóra-Vatnshornskirkju laugardaginn 15. maí kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum eða Dvalarheimilið Silfurtún í Búðardal.

**Aðstandendur.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jakob Bragi Björnsson**
frá Neðri-Þverá, Vesturhópi,
síðast til heimilis að Rauðarárstíg 36,

lést á líknardeild LSH, Landakoti þann 6. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. maí kl. 13.00.

**Íris Kolbrún Bragadóttir** — **Hannes Eðvarð Ívarsson**
**Jón Þorbergur Jakobsson** — **Virgie Garcia**
**Ragnar Bragason**
**Björn Gísli Bragason**
**Haukur Davíð Grímsson** — **Brynja Hrönn Bjarnadóttir**
**Jóhannes Hauksson** — **Hildur Rut Sigurbjartsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**




**VIRKJAÐ HEIMA** Feðgarnir Jón Sigurgeirsson og Eiður Jónsson við rafstöðina í Árteigi en Jón hóf að smíða vatnstúrbínur árið 1950. MYND/ÚR EINKASAFNI

**EIÐUR JÓNSSON RAFVIRKI:** HLÝTUR SMÍÐA- OG HÖNNUNARVERÐLAUN

# HEIMAVIRKJANIR Í HÁLFA ÖLD

Frumkvöðlar á sviði endurnýtanlegrar orku voru heiðraðir af iðnaðar- og orkumálaráðherra nú í vikunni í tengslum við námskeiðaröðina Orkubóndann. Eiður Jónsson rafvirki hlaut smíða- og hönnunarverðlaun fyrir framlag sitt til virkjunarmála. Eiður rekur vélaverkstæði á bænum Árteigi í Þingeyjarsveit í félagi við bróður sinn en þar spannar saga heimavirkjana rúma hálfa öld.

„Við höfum smíðað nálægt hundrað túrbínum og sett upp víða um land til dæmis á Vestfjörðum og Austfjörðum og svo eru þrjár virkjanir á Grænlandi og ein í Færeyjum frá okkur,“ segir Eiður. Faðir hans, Jón Sigurgeirsson, hóf að smíða vatnstúrbínur árið 1950 í Árteigi og vann við það alla sína ævi. Árið 1980 fór Eiður að starfa við hlið föður síns og árið 1988 kom bróðir hans Arngrímur til starfa.

„Faðir minn byrjaði á að virkja fyrir sjálfan sig. Bændurnir í sveitinni fóru svo að leita til hans og þannig að hann fór að setja upp rafstöðvar í bæjarlæki víða um landið. Við bræðurnir ólumst upp á verkstæðinu með pabba og ég smíðaði mikið úr járni með honum. Í framhaldinu lærði ég rafvirkjun sem hefur nýst mér mjög vel í vinnunni við rafstöðvarnar en Arngrímur er vélvirki.“

Bræðurnir Eiður og Arngrímur framleiða 3 til 4 túrbínur á ári auk þess að sinna viðgerðum og viðhaldi á rafstöðvum um allt land. Fyrstu rafstöðvarnar sem faðir þeirra smíðaði voru litlar með 12 eða 24 volta jafnstraumsrafala en með árunum hafa vélarnar stækkað.

„Síðan árið 2003 er ég búinn að byggja tvær stórar rafstöðvar heima í Árteigi og sel inn á landsnetið 1,2 megavött. Auk þess fæst ég við ýmis verkefni og er núna að setja upp listaverk fyrir Vatnajökulsþjóðgarðshúsið á Skriðuklaustri og vinna í járnsmíði fyrir Mývatnsstofu. Eins setti ég upp nýjan vélbúnað fyrir ferðaþjónustuna í Kerlingarfjöllum sem var mjög skemmtilegt verkefni.“

Aðspurður hvort rafstöðvarvinnan muni ganga niður fleiri kynslóðir í Árteigi segir Eiður allt geta gerst með það. Krakkarnir sniglist á verkstæðinu eins og hann gerði lítill. „Elsti sonur Arngríms er reyndar byrjaður í járninu í Verkmenntaskólanum á Akureyri svo það er aldrei að vita.“

Námskeiðið Orkubóndinn er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Mannvits, Orkustofnunar, ÍSOR, Iðnaðarráðuneytisins, Verkís, atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga víða um land. Í haust fór fram námskeið í félagsheimilinu Ljósvetningabúð í Köldukinn og heimsóttu þátttakendur meðal annars vélaverkstæðið í Árteigi.

„Þeim leist mjög vel á en þetta þykir merkilegt framtak svona úti í sveit. Það hefur frekar aukist að bændur virki heima og við munum halda okkar starfi áfram. Verðlaunin eru hvatning til þess.“ **heida@frettabladid.is**

# Njörður færir Grensásdeild gjafir

Lionsklúbburinn Njörður átti fimmtíu ára starfsafmæli hinn 20. apríl síðastliðinn og ákvað í tilefni þess að styrkja endurhæfingardeild Landspítala á Grensási með gjöf á ýmis konar tækjum og búnaði fyrir hátt á þriðja tug milljóna. Áður en til þess kom höfðu allar undirdeildir á Grensási farið í nokkurs konar þarfagreiningu, sem lögð var til grundvallar við val á tækjum og búnaði í gjöfina.

Afhending fór fram á afmælishátíð klúbbsins sem var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur hinn 21. apríl. Að sögn forsvarsmanna klúbbsins er þetta stærsta gjöf sem nokkur þjónustuklúbbur á Íslandi hefur gefið á einu bretti. **- ve**



**AFHENDINGIN Á AFMÆLISHÁTÍÐ KLÚBBSINS** Lionsklúbburinn Njörður fagnar fimmtíu ára afmæli með rausnarlegri gjöf til Grensásdeildar.




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Sumar Skósprengja

frá 14. til 22. maí 2010

OPIÐ ALLA HELGINA

LÁGMARK

40%

afsláttur

Vörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Alþjóðlegt dömp

**BAKÞANKAR** Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Á heimilinu hafa verið gerðar hundrað tilraunir til að hætta að reykja. Enn á ný stendur tilraun yfir, við illan leik. Heimilisfaðirinn, sem ég elskaði einu sinni svo blint að ég leyfði honum að reykja ofan í baðkerinu með öskubakka á Habitat-grind, gerir yfirleitt áhlaup á sumrin, einhvern tímann í kringum varptímann. Kannski af því eitt sinn kallaði ég hann „dúfuna mína“.



**SEM** auðsveip og eftirlátssöm móðir, með kexkökur í öllum vösum, tilbúin til að skrúfa í sundur jarðmöndulinn fyrir hann, mændi ég upp í reykinn, tæmdi öskubakkana samviskusamlega og tékkaði hvort hann ætti ekki örugglega nóg í pakkanum. Hann fékk að raka sig í stofunni og þegar hann talaði fannst mér hvert orð sem hann sagði stórkostlegt. Hefði hann beðið um að fá að vera bara í náttfötunum í fínum veislum hefði ég leyft honum að ganga um í mjúkum slopp í staðinn fyrir að vera í þröngum og óþægilegum jakkafötum.

**ÁSTIN** er blind, bragðdauf og heyrnarlaus. Hún leyfir ástmanninum að setja skóna sína upp á eldhúsborð og þiða svínahakk við hliðina á silkitrefli úr Kisunni. Í öllum nýjum samböndum er allt svo æðislegt og það má allt. Þetta er falska tímabilið og þegar fólk er á falska tímabilinu er enginn heiðarlegur. Þótt mér þyki hann enn þá skemmtilegur og fyndinn læt ég það skýrt og berlega í ljós, nú fimm árum síðar, að ég vildi helst að hann rakaði sig úti á svölum og banna honum hiklaust að koma inn í stofu ef gömlu bekkjarsysturnar úr fínu húsunum í Árbænum eru að koma í heimsókn. Hann má ekki einu sinni drekka nýmjólk fyrir framan fallegu hillurnar mínar, annars grætur hönnunarguðinn inni í mér.

**SMÁ** sýndardansleikur gengur kannski upp í málefnum ástarinnar en það er kannski minna sigurstranglegt þegar kemur að fjármálunum þar sem það hefur sýnt sig að ástin endist ekki ef sverfa fer að. Fyrir nokkrum árum hefði hver einasti nýútskrifaði viðskiptafræðingur gefið eyra til að fá Sigga Einars heim í kaffi. Í dag myndi Lalli Johns ekki einu sinni lána honum hárkollu til að fela hann. Ástarþokunni hefur létt í nágrenni bankanna og bankastjórunum og útrásarvíkingunum sem við elskuðum er ekki einu sinni forðað inn á Keisarann. Sambandsslitin eru opinber, ástmönnunum er sagt upp á netinu og hinsta kveðjan er meira að segja alþjóðleg þar sem ort er á heimasíðu Interpol.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**!** **ath í dag kl. 12.15 og 13.30**
*Tveir fyrirlestrar um samtímaljósmyndun verða í Þjóðminjasafni. Fyrri fyrirlesturinn fjallar um finnska samtímaljósmyndun, en sá seinni um lettneska. Harri Pälviranta fjallar um röðina Barinn á sýningunni Núna í Norræna húsinu. Hinn seinni er kynning Inese Baranovska listfræðings á lettneskri samtímaljósmyndun.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Munaðarlaus sýnt á ný – tvisvar

Fáar leiksýningar hafa vakið meiri lukku á árinu en Munaðarlaus eftir Dennis Kelly í leikstjórn Vignis Rafns Valþórssonar. Hún var sýnd í janúar og febrúar fyrir fullu húsi í Norræna húsinu og í kjölfar þess var henni boðið að vera óvissusýning ársins hjá Leikfélagi Akureyrar. Nú er blásið til tveggja aukasýninga á verkinu í dag kl. 19 og kl. 22 og verður verkið sýnt í Norðurpólnum. Munaðarlaus er verk sem rannsakar heim sem fæst okkar þekkja og viljum ekki vita af en er beint fyrir utan dyrnar okkar. Hversu langt erum við tilbúin að ganga til að vernda okkar nánustu? Hvernig getur samviskan haldist hrein þegar allir sveigja réttlætið að eigin þörfum?

Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Dennis Kelly er frumsýnt á Íslandi en verk hans hafa vakið mikla athygli. Verk hans hafa verið sýnd um gervalla Evrópu og Norður-Ameríku. Í sviðsetningu þeirra munaðarlausu eru það Hannes Óli Ágústsson, Stefán Benedikt Vilhelmsson og Tinna Lind Gunnarsdóttir sem bera þungann af fjölskylduuppgjörinu. Miðasala er á Netinu og við inngang og má panta miða á munadarlaus@gmail.com. - pbb



**LEIKLIST** Leikhópur og leikstjóri, Hannes, Stefán Tinna og Vignir.

### > Ekki missa af …

tónleikum í Óperunni í kvöld kl. 20. Þar koma fram Marilyn Mazur slagverksleikari, norska söngkonan Sidsel Endresen, Nils Petter Molvær trompetleikari og saxófónleikarinn Hákon Kornstad. Marilyn og Sidsel eru báðar framverðir í sinni grein. Marilyn lék lengi á slagverk með Miles Davis og Wayne Shorter. Sidsel Endresen hefur um árabil veitt ferskum vindum inn í spunatónlist um allan heim.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 14. maí 2010**

**➜ Fyrirlestrar**

**12.00** Ljósmyndarinn **Gary Schneider** flytur erindi þar sem hann fer yfir feril sinn í máli og myndum. Fyrirlesturinn fer fram hjá **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu og er í tengslum við sýningu á verkum hans sem verður opnuð á laugardag.

**➜ Tónleikar**

**14.00 Tríó Björns Thoroddsen** og Andreu Gylfadóttir flytur þekkt sönglög og ljóð á tónleikum í Félagsmiðstöðinni að Hæðargarði 31. Allir velkomnir.

**20.00 Hörður Torfason** heldur tónleika í Iðnó við Vonarstræti.

**20.00 Kór Akraneskirkju** heldur tónleika í Hveragerðiskirkju við Hverahlíð ásamt **Tómas R. Einarssyni** kontrabassaleikara og Gunnari Gunnarssyni organista. Á efnisskránni verða sálmar og lög af verladlegum toga.

**22.00 Creedence Travellin'Band** flytur öll bestu lög Creedence Clearwater Revival á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**➜ Fundir**

**10.00** Oddvitar **framboðslistanna** í Hafnarfirði mæta á fund Þjóðmálahópsins í Deiglunni og ræða um atvinnumál og atvinnuleysi. Fundurinn fer fram í Rauðakross-húsinu við Strandgötu, (2. hæð), **gengið inn Fjarðargötu megin.**



**➜ Sýningar**

**Þorsteinn Helgason** hefur opnað sýningu í Reykjavík Art gallery við Skúlagötu 30. Opið alla daga nema mánudaga kl. 14-17.

**Daði Guðbjörnsson** hefur opnað sýningu á vatnslitamyndum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 11-16. og sun. kl. 14-16.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Kona í förum um heiminn

**Einleikurinn Ferðir Guðríðar kom upp í aðdraganda árþúsundamótanna á vegum Brynju Benediktsdóttur. Hefur sýningin verið á fjölunum víða: fór hún um Bandaríkin og Kanada og hefur verið leikin af fjölda leikkvenna gegnum árin, bæði á íslensku og ensku.**

Nú gefst tækifæri til að sjá þennan áhrifamikla einleik um víðförlustu konu miðalda á norðurhveli heims því verkið verður annað kvöld frumsýnt í Víkingaheimum í Reykjanesbæ. Sviðið er ekki ódýrt: einleikurinn er settur á svið í Íslendingi, eftirgerð víkingaskips eftir Gunnar Marel Eggertsson.

Áhorfendur munu ganga um borð og fara í þetta ferðalag með Guðríði sem gengur um skipið og segir sögu sína sem hefst á ferðalagi frá Íslandi vestur um haf og endum á suðurgöngu Guðríðar, þar sem hún hittir páfann í Róm. Að leikhúsinu standa feðgarnir Einar Benediktsson og Pétur Einarsson og fleiri sem sáu fyrir sér að um borð í víkingaskipinu Íslendingi, sem Víkingaheimar eru byggðir í kringum, væri upplagt að leika sögur norrænna manna. Víkingaheimar opnuðu fyrir tæpu ári í glæsilegu nýju húsnæði þar sem skipið Íslendingur, völundarsmíð, er miðpunkturinn en auk þess er þar vönduð sýning um landafundi Íslendinga og veitingahús.

Víkingaheimar eru á Víkingabraut 1 í Reykjanesbæ og þar er fyrirhugað að sýningar verði í framtíðinni. Þar með eykst um helming fjöldi leikhúsa sunnan Hafnarfjarðar en Graal í Grindavík er í fullu fjöri. Ferðasaga Guðríðar eftir Brynju Benediktsdóttir er í nýrri uppfærslu Maríu Ellingsen. Þórunn Clausen leikur Guðríði, Snorri Freyr Hilmarsson hannar leikmynd, Björn Bergsteinn Guðmundsson lýsir og Sveinbjörg María Ingibjargardóttir hannar búninga. Miðabókanir eru á www.midi.is. - pbb



**LEIKLIST** Þórunn Clausen tekst á við Guðríði Þorbjarnardóttur.
MYND/VÍKINGAHEIMAR


TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

VORTÓNLEIKAR HLJÓMSVEITA

MIÐVIKUDAGUR 12. MAÍ
Ytri-Njarðvíkurkirkja kl. 18:30, Strengjasveitir Tónlistarskólans. Stjórnendur: Anna Hugadóttir og Unnur Pálsdóttir.

FÖSTUDAGUR 14. MAÍ
Stapi, Hljómahöllinni kl. 17:00, Samspilshópar gítardeildar. Stjórnendur: Aleksandra Pitak og Þorvaldur Már Guðmundsson.

STAPI, HLJÓMAHÖLLINNI KL. 19:30
Léttsveit Tónlistarskólans og hljómsveitir rytmadeildar. Stjórnendur: Eyþór Kolbeins, Karen Sturlaugsson og Sunna Gunnlaugsdóttir.

MÁNUDAGUR 17. MAÍ
Stapi, Hljómahöllinni kl. 19:30. Lúðrasveitir Tónlistarskólans, Stjórnendur: Áki Ásgeirsson, Steinar Matthías Kristinsson, Harpa Jóhannsdóttir, Lilja Valdimarsdóttir, Karen J. Sturlaugsson og Þorvaldur Halldórsson. Upplýsingar um aðra vortónleika er að finna á vefsíðu skólans; reykjanesbaer.is/tonlistarskoli og á skrifstofu skólans.

Aðgangur á alla þessa viðburði er ókeypis og allir eru velkomnir.

Skólastjóri



SUNNUDAGINN 16. MAÍ KL. 16:00
Burtfarartónleikar, Sigtryggur Kjartansson, píanónemandi, mun halda framhaldsprófstónleika sína í Stapa, Hljómahöllinni. Tónleikarnir eru seinni hluti framhaldsprófs Sigtryggs og jafnframt burtfarartónleikar hans frá skólanum.

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



Rokksveit Jonna Ólafs



Rokksveit Jonna Ólafs skemmtir á Kringlukránni föstudaginn 14. maí og laugardaginn 15. maí mun svo vera dansleikur með Siggu Beinteins.

Aðgangseyrir eru litlar 1500 kr.

Þetta er gullaldarrokk af allra bestu gerð

KRINGLU KRÁIN



Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

# NÝTT Í GAMESTÖÐINNI!

## VIPPASS - EIGÐ'ANN EÐA LEIGÐ'ANN!

SILFUR VIPPASS

PLATINUM VIPPASS

★★★ EIGÐ'ANN EÐA LEIGÐ'ANN!

PS3 · X360 · Wii · PS2 · PSP · DS 7.990,-

!!!

- Með **VIPPASS** getur þú fengið eins marga leiki og þú vilt á mánuði
- Með **VIPPASS** færðu 15% afslátt af spiluðum leikjum ef þú vilt eignast þá!
- Með **VIPPASS** áttu von á tilboðum og fleira!

## INNGÖNGU TILBOÐ!



PS3 TILBOÐ! 55.990,-*

**Ef þú gerist áskrifandi að „VIP Pass Platinum" þá færðu PS3 leikjavél á 55.990,- ***
og spilar eins marga leiki og þú vilt þar til skólinn byrjar aftur í haust!

* Takmarkaðs magn - Lágmarksbinding í VIP er 3 mánuðir

## FÁÐU NÝJUSTU LEIKINA Á AÐEINS 6.990,-*




**Fáðu Skate 3, UFC Undisputed 2010, Alan Wake, Red Dead Redemption**
eða einhvern annann nýjan leik í maí fyrir aðeins kr 6.990,- ef þú setur einhverja tvo af neðantöldum leikjum uppí.

**PS3** (PlayStation 3)

- 2010 Fifa World Cup
- Battlefield Bad Company 2
- Final Fantasy Xiii
- God of War 3
- Just Cause 2
- MAG
- Super Street Fighter iv
- Yakuza 3
- Assassin´s Creed 2
- Call of Duty Modern Warfare 2
- Tekken 6
- Uncharted 2

**XBOX 360**

- Assassin´s Creed 2
- Call of Duty Modern Warfare 2
- Left 4 Dead 2
- Mass Effect 2
- Tekken 6
- 2010 Fifa World Cup
- Final Fantasy Xiii
- Just Cause 2
- Splinter Cell Conviction
- Super Street Fighter IV
- Battlefield Bad Company 2
- Forza Motorsport 3

## FÁÐU MEIRA MEÐ SÓLKERFINU!




**Í Sólkerfi Gamestöðvarinnar færðu bónus fyrir spiluðu leikina þína sem Gamestöðin kaupir af þér.**

**Fleiri leikir - Meiri bónus.**

Pizzaveisla, bíóferðir, Mountain Dew, Orka, inneignir og fleira.



GAME STÖÐIN

SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA

KRINGLAN 588 9400 · WWW.GAMESTODIN.IS · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

> **TRÚR KÆRASTI**

Gamli hjartaknúsarinn **Mickey Rourke** segir erfitt að vera kærustu sinni trúr en að hann hyggist gera sitt besta. „Ég gæti gert eitthvað af mér en þá þyrfti ég einnig að lifa með því. Það er eitthvað alveg nýtt fyrir mér, að vera hreinskilinn við maka minn."



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Nýtur þess að vera einhleyp

Kim Kardashian, úr raunveruleikaþáttunum Keeping Up With The Kardashians, er einhleyp í fyrsta sinn í mörg ár og segist njóta þess til hins ítrasta. Kim hætti með kærastanum Reggie Bush fyrr á þessu ári og þrátt fyrir að hafa verið orðuð við portúgalska fótboltakappann Cristiano Ronaldo segist hún vera ein á báti í augnablikinu.

„Ég á engan kærasta. Ég er á markaðnum og er virkilega hamingjusöm," sagði hún í útvarpsviðtali við Idol-kynninn Ryan Seacrest. „Þetta er nýtt líf fyrir mér. Ég hef ekki verið einhleyp í mörg ár," segir hún og bætir við: „Ég bjóst aldrei við því að mér fyndist gott að vera einhleyp. Núna líður mér ekki lengur illa yfir því að vakna klukkan fimm á morgnana og fara í líkamsræktina."

Kim, sem er þrítug, er sannfærð um að næsti kærasti sem hún eignist verði eiginmaður hennar þegar fram líða stundir og hún viðurkennir einnig að hún sé ógurlega rómantísk manneskja. Í útvarpsviðtalinu sagðist Seacreast einmitt hafa heyrt að hún væri góð kærasta og þá svaraði Kim: „Ég vil meina að ég sé það."



**KIM KARDASHIAN** Raunveruleikagellan nýtur þess að vera einhleyp í fyrsta sinn í mörg ár.





**Síðustu sýningar** - Tryggðu þér miða í dag
Laugardaginn 15. maí - kl. 12 og 14
Sunnudaginn 16. maí - kl. 12 og 14

www.skoppaogskritla.is

Miðasölusími **568 8000** | borgarleikhus.is

facebook

Borgarleikhúsið




**HRIFIN** Reese Witherspoon er tilbúin til að giftast kærasta sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Reese vill giftast aftur

**Leikkonan Reese Witherspoon hefur átt í sambandi við umboðsmanninn Jim Toth undanfarna mánuði og að sögn heimildarmanna er hún tilbúin til að ganga í hið heilaga með honum. „Þau hafa ekki rætt þessi mál, en Reese hefur laumast til að skoða trúlofunarhringa. Hún mun þó ekki biðja hans sjálf, hún er mjög hefðbundin hvað það varðar, en hún hefur gefið ýmislegt í skyn og hann er mjög ástfanginn af henni," sagði heimildarmaðurinn. Reese var áður gift leikaranum Ryan Phillippe og eiga þau saman tvö börn.**

# Tjáir sig um elsta soninn

Leikarinn Michael Douglas hefur tjáð sig opinberlega um vandræðin í tengslum við elsta son sinn, Cameron. Hann var dæmdur í fimm ára fangelsi á dögunum eftir að hafa játað að hafa stundað eiturlyfjasölu. Faðir hans var viðstaddur réttarhöldin ásamt fyrrverandi eiginkonu sinni, Diöndru, og voru þau eðlilega í miklu uppnámi meðan á þeim stóð. „Ég hef lent í miklu andstreymi vegna elsta sonar míns en vonandi eru þau mál leyst. Vonandi verður hann í góðum málum eftir nokkur ár," sagði leikarinn. Nýjasta mynd hans er framhaldsmyndin Wall Street 2 sem margir bíða spenntir eftir.



**MICHAEL DOUGLAS** Leikarinn hefur tjáð sig opinberlega um vandræðin í tengslum við elsta soninn.

# Allt í mínus hjá Jessicu

Jessica Simpson lék á dögunum aukahlutverk í þáttunum Entourage, en tökur á sjöundu þáttaröðinni standa nú yfir. Jessica fékk ekki eigið hjólhýsi meðan á tökum stóð, heldur þurfti að deila einu slíku með klámmyndaleikkonunni Söshu Grey.

Þessar fréttir þykja ekki koma á óvart miðað við hvert ferill Jessicu hefur stefnt upp á síðkastið. Hún hefur ekki tjáð sig um að þurfa deila hjólhýsinu og klámmyndaleikkonan er þögul sem gröfin um fund þeirra. Til þess að gera þetta enn þá leiðinlegra fyrir aumingja Jessicu þá var nafn hennar fyrir neðan nafn Söshu.



**DEILDI HJÓLHÝSI** Jessica er ekki nógu stór stjarna til að fá sitt eigið hjólhýsi á tökustað.

# Farell verður vampíra

Colin Farell hefur tekið að sér hlutverk vampíru í endurgerð hinnar sígildu hryllingsmyndar Fright Night. Þetta verður í fyrsta skipti sem Farell leikur í „stórri“ kvikmynd frá Hollywood en hann hefur undanfarin ár aðallega leikið í kvikmyndum óháða kvikmyndageirans.

Farell mun leika vampíruna Jerry Dandrige sem flytur í þægilegt úthverfi. Hryllingsmyndaaðdáandinn Charlie Brewster, leikinn af Anton Yelchin, grunar hins vegar að Dandrige hafi óhreint mjöl í pokahorninu og hefur sína eigin rannsókn. Í upprunalegu myndinni fær Brewster sjónvarpsstjörnu úr hryllingssjónvarpsþáttum í lið með sér sem trúir þó ekki á tilvist vampíra en er reiðubúin til að gera allt fyrir aurinn.



**VAMPÍRA** Colin Farell mun leika vampíru í Fright Night en hann hefur undanfarin ár haldið sig innan óháða kvikmyndageirans.








**BRAD PITT** Leikarinn Brad Pitt hefur ákveðið að leika í The Tiger.

# Pitt temur tígrisdýr

Leikarinn Brad Pitt hefur ákveðið að leika í spennumyndinni The Tiger. Leikstjóri verður Darren Aranofsky sem síðast sendi frá sér The Wrestler. Myndin er byggð á sannsögulegri bók Johns Vaillant og fjallar um náunga sem reynir að hafa hemil á tígrisdýri sem hefur ráðist á nokkra þorspbúa. Pitt átti á sínum tíma að leika í annarri mynd eftir Aranofsky, The Fountain, en Hugh Jackman fékk hlutverkið á endanum. Guillermo Arriga, handritshöfundur Babel þar sem Pitt fór með stórt hlutverk, er byrjaður að skrifa handritið að The Tiger.

# Vill ekki deyja í fríi

**Tónlistarkonan Lady Gaga hefur nánast verið stanslaust á tónleikaferðalagi frá árinu 2008 þegar hún sló fyrst í gegn. Nánustu aðstandendur söngkonunnar hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessa og óttast að hún muni ofkeyra sig. Á tónleikum í Svíþjóð sagðist söngkonan þó ekki ætla að taka sér hlé frá tónleikahaldi strax. „Þegar fólk segir að ég sé að ofgera mér og þurfi að taka frí þá hugsa ég um öll þau skipti sem ég stóð og söng á ölduhúsum og enginn þekkti lögin mín. Ég mun sofa þegar ég er komin í gröfina. Ég veit að ég vinn of mikið og á eftir að gera út af við sjálfa mig. En ég vil helst ekki sofna svefninum langa í fríi, ég vil heldur gera það á sviðinu umkringd aðdáendum mínum.“**



**ÚTKEYRT** Lady Gaga hefur verið á tónleikaferðalagi nær stanslaust síðastliðin tvö ár.




# Blindu hjónin stóðu fyrir sínu

Tónleikar ★★★★

**Amadou & Mariam**

Laugardalshöll 12. maí

**Listahátíð í Reykjavík**



**FLOTT KVÖLD** Amadou og Mariam unnu hugi og hjörtu tónleikagesta í Laugardalshöllinni á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það var nokkuð þétt setið í Laugardalshöll þegar upphitunarsveitin Retro Stefson hóf leik stundvíslega klukkan hálf níu á miðvikudagskvöldið. Þessi sjö manna hljómsveit fyllti skemmtilega út í sviðið í Höllinni og náði strax upp fínni stemningu með fjörmiklu danspoppinu sínu. Þau fengu áheyrendur til að standa upp og hreyfa sig, stíga dansspor og fallast í faðma. Í fljótu bragði get ég ekki séð að önnur sveit hefði hentað betur til að hita upp fyrir aðalnúmer kvöldsins. Retro Stefson er alltaf að verða þéttari og þéttari, en maður er samt farinn að fá svolítinn leiða á að heyra alltaf sömu lögin hjá þeim. Fyrir stóran hluta áhorfenda í Höllinni sem var eflaust að sjá þau í fyrsta skipti hefur það ekki verið vandamál.

Eftir stutt hlé komu svo Amadou og Mariam á sviðið ásamt fjögurra manna hljómsveit. Amadou spilaði sjálfur á gítar, en auk hans voru hljómborðsleikari, bassaleikari, trommuleikari og slagverksleikari í hljómsveitinni. Eftir stutta kynningu byrjuðu þau á titillagi nýjustu plötu sveitarinnar, Welcome to Mali og svo komu lögin hvert af öðru, Magossa, Batoma, Afrika, Masitelati… Stemningin var frekar erfið í byrjun. Flestir sátu sem fastast þrátt fyrir smitandi grúvið og það var eins og enginn þyrði að fara á dansgólfið sem hafði verið útbúið fyrir framan sviðið af ótta við að loka á útsýni þeirra sem sátu á fremsta bekk. Það tók heldur enginn undir þegar Amadou hvatti áheyrendur til að syngja með í laginu Ce n'est pas bon, enda fæstir í salnum með frönskuna á hreinu.

En smám saman hitnaði í salnum. Eftir að Mariam hafði yfirgefið sviðið í nokkur lög kom hún aftur og söng smellinn sem þau gerðu með Damon Albarn, Sabali, við góðar undirtektir. Og svo gerðist það allt í einu að hópurinn sem dansaði aftast í salnum stormaði fram að sviðinu og skömmu seinna höfðu flestir í salnum staðið upp og hreyfðu sig í takt við tónlistina. Eftir það var stemningin allt önnur.

Amadou og Mariam er hörku tónleikasveit. Tónlistin er sambland af afrískum ryþma, poppi og rokki.

Hljóðfæraleikararnir voru allir fyrsta flokks og skiptust á að sýna snilldartakta, en það sem dreif tónlistina áfram og er grunnur hennar er gítarleikur Amadous. Frábær gítarleikari!

Eftir uppklapp tók sveitin nokkur lög til viðbótar. Fyrst tóku þau Je pense à toi, sem er einn elsti smellurinn þeirra og eitt af þessum fullkomnu popplögum. Amadou og Mariam lokuðu svo dagskránni sem hafði staðið í tæpa tvo klukkutíma með gleðisöngnum Beaux dimanches af Dimanche à Bamako, plötunni sem þau gerðu með Manu Chao. Flottur endir á frábærum tónleikum.

Það hefur skapast hefð fyrir því að bjóða upp á heimstónlist á Listahátíð og er það vel. Tónleikar Amadou og Mariam bætast í hóp margra skemmtilegra heimstónlistartónleika á hátíðinni undanfarin ár.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Blindu hjónin frá Malí skiluðu frábærum tónleikum í Laugardalshöll á miðvikudagskvöldið.


NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 2(600 kr), 4, 7 og 10 (POWER) | 12 |
| IRON MAN 2 | 5, 7.30 og 10 | L |
| BACK-UP PLAN | 8 og 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 2(900 kr) - 3D | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 2(600 kr) og 5 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5D - 8D - 10:50D (Power kl.10:50D) | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 10:50 (Power kl.10:50D) | VIP |
| IRON MAN 2 | kl. 2:50 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 | 14 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 3:40 | L |

já – er svarið. NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COPS OUT | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| IRON MAN 2 | kl. 3:20 - 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl 8 - 10:10 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 10:50 (Power kl.10:50) | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| ROBIN HOOD LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 8 - 10.15 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |

Í TOPPFORMI MEÐ RÉTTU MATARÆÐI




Þorbjörg Ágústsdóttir varð nú á dögunum NORÐURLANDAMEISTARI í skylmingum í SJÖTTA SINN á sjö árum. Stórkostlegur árangur! Við óskum henni innilega til hamingju.

„Ég vil þakka SAFFRAN kærlega fyrir stuðninginn. Ég finn hvað maturinn frá SAFFRAN gerir mér gott. Góður árangur í íþróttum er samvinnaður góðri næringu. Nú ... varð ég Norðurlandameistari í sjötta sinn á sjö árum. Ég er í engum vafa um að góð næring hafi átt stóran þátt í þeim góða árangri.“

Mbkv. Þorbjörg

SAFFRAN GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Kristall – Það sést hverjir drekka Kristal

**HEIMURINN HEFUR BREYST ! VIÐ BREYTUMST LÍKA OG HÖFUM HANNAÐ GLÆSILEGAN ÚTIVISTARFATNAÐ SEM PASSAR MARGBREYTILEGUM HEIMI. FATNAÐURINN ER NOTADRJÚGUR OG FALLEGUR EINS OG ESJA, BORGARFJALL REYKJAVÍKUR SEM HANN ER NEFNDUR EFTIR. SÍÐAST EN EKKI SÍST ER VERÐIÐ SANNGJARNT.**



## VARMI

Kvenjakki úr teygjanlegu míkróflísefni. Hægt að nota sem topp eða til að halda hita undir yfirhöfn.
Litir: Rautt, Steingrátt og Perluhvítt.

Verð **6.999,-**



## TINDUR

Stuttur, hlýfóðraður kvenjakki sem smellpassar íslensku veðurfari. Vatns- og vindheldur. Litir: Rautt, Svart og Perluhvítt.

Verð **19.990,-**



## SKJÖLDUR

Mjög léttur jakki með sérstaka veðurvörn. Öndunarefni með 100% vatns- og vindvörn. Góður yfir flís- og ullarfatnað.
Litir: Svart og Steingrátt

Verð **14.999,-**

WWW.
MT-ESJA.IS

SKOÐIÐ ÚRVALIÐ:
GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

nj@ranga.dk

## 28 DAGAR Í HM



**Roger Milla** frá Kamerún er elsti markaskorari á HM frá upphafi en hann var 42 ára og 39 daga þegar hann skoraði á HM 1994. Fjórum árum áður hafði hann skorað 4 mörk á HM 1990 og slegið í gegn með því að dansa fyrstur allra við hornfánann. Milla skoraði öll fimm mörk sín á HM eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

# sport

sport@frettabladid.is

ARNÓR SMÁRASON: MEÐ TILBOÐ FRÁ LIÐUM Í HOLLANDI OG Á NORÐURLÖNDUNUM

## *Mun ekki hoppa á fyrsta tilboð sem berst*

Arnór Smárason er sem kunnugt er á leið frá hollenska liðinu Heerenveen nú í sumar þar sem samningur hans mun renna þá út. Arnóri standa ýmsir kostir til boða en honum hefur borist tilboð bæði frá liðum í Hollandi sem og á Norðurlöndunum.

„Það er verið að ræða þessi mál en ég er í sjálfu sér mjög rólegur. Ég ætla ekki að hoppa á fyrsta tilboðið sem berst heldur skoða alla möguleika sem eru í boði og velja út frá því," sagði Arnór sem gerir ekki ráð fyrir því að fá lausn sinna mála fyrr en síðar í sumar.

„Mér líst vel á þessi tilboð sem hafa borist en aðalmálið hjá mér er að finna mér lið þar sem ég á möguleika á því að spila hvern einasta leik. Ég er nýstiginn upp úr erfiðum meiðslum og mér finnst það mikilvægast að fá að spila aftur og halda áfram að bæta mig."

Hann segir að það hafi ekki verið erfitt að skilja við Heerenveen. „Ég er búinn að vera hjá félaginu í sex og hálft ár og þetta hefur verið mjög fínn tími. Ég hef bætt mig mikið en nú finnst mér tímabært að prófa eitthvað nýtt. Ég er spenntur fyrir því að fá að upplifa nýtt ævintýri."



Arnór er ekki nema 21 árs gamall og var því ungur þegar hann hélt utan til Hollands. Á þessum tíma vann hann sér fast sæti í byrjunarliði Heerenveen og náði þar að auki að spila nokkra A-landsleiki. Meiðsli settu svo strik í reikninginn og var hann lengi frá á tímabilinu.

Í fyrstu var talið að meiðslin tengdust vandamálum í lærvöðva og lagðist hann undir hnífinn vegna þessa. „Þessar aðgerðir voru ekki að gera neitt fyrir mig og voru í raun algerlega misheppnaðar. Það var ekki fyrr en ég fór til Þýskalands þar sem ég fékk tíma hjá lækni Bayern München að ég fékk loksins almennilega meðferð. Það kom í ljós að þetta tengdist bakinu og þegar það uppgötvaðist var ég fljótur að ná mér. Þetta var vissulega svekkjandi en ég er fyrst og fremst ánægður með að vera byrjaður að spila á nýjan leik."



**HERMANN** Þarf væntanlega að finna sér nýtt félag. NORDIC PHOTOS/GETTY

Skiptastjóri Portsmouth:

## Hermann einn þeirra sem fara

**FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson er einn þeirra leikmanna Portsmouth sem fara frá félaginu nú í sumar. Þetta kom fram í máli skiptastjóra Portsmouth í gær en félagið er nú í greiðslustöðvun.**

**„Þeir sem þurfa að fara skiptast í þrjá flokka," er haft eftir Andrew Andronikou skiptastjóra. „Þeir sem eru á lánssamningi, þeir sem eru að renna út á samningi og þeir sem eru á sölulista."**

**Portsmouth er fallið úr ensku úrvalsdeildinni en mætir Chelsea í úrslitum bikarsins á morgun. „Helmingur þeirra sem spila bikarúrslitaleikinn eru að fara. Það er staðreynd lífsins."**

**Andronikou nafngreinir aðeins nokkra leikmenn sérstaklega í máli sínu og var Hermann ekki einn þeirra. En ljóst má vera að hann þarf að finna sér nýtt félag í sumar þar sem samningur Hermanns við Portsmouth rennur út í lok leiktíðar.** - esá

Birkir Bjarnason hjá Viking:

## Skoraði í fjórða leiknum í röð

**FÓTBOLTI** Birkir Bjarnason skoraði fyrra mark síns liðs, Viking, í 2-0 sigri þess á Brodd í 1. umferð norsku bikarkeppninnar í gær. Þetta var fjórða mark Birkis í jafnmörgum leikjum sem allir hafa farið fram í maímánuði.

Veigar Páll Gunnarsson kom inn á sem varamaður á 89. mínútu þegar að Stabæk vann 12-1 sigur á Höland. Veigar Páll skoraði síðasta mark liðsins í uppbótartíma. - esá

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Blikar yfirspiluðu Fylki

**Það var lítið jafnræði í leik Breiðabliks og Fylkis í Pepsi-deild kvenna í gær. Blikar voru betri á öllum sviðum leiksins og hefðu átt að vinna stórsigur en létu 3-1 duga. Valur, Stjarnan, KR og Þór/KA unnu einnig fyrstu leiki sína.**

**FÓTBOLTI** Fyrsta umferðin í Pepsideild kvenna fór fram í gær og engin óvænt úrslit litu dagsins ljós. Mest spenna var fyrir leik Breiðabliks og Fylkis en sá leikur varð aldrei spennandi því Blikar hreinlega yfirspiluðu daprar Fylkisstúlkur sem áttu ekki roð í Blikana.

Blikastúlkur tóku strax öll völd á vellinum og hófu að sækja af krafti. Það voru ekki liðnar nema rúmlega tólf mínútur af leiknum er Fanndís Friðriksdóttir kom Blikum yfir. Hún fékk þá boltann á miðjum vallarhelmingi Fylkis. Lék nær marki og lét vaða af um 20 metra færi. Boltinn hafnaði neðst í fjærhorninu, glæsilegt mark.

Yfirburðir Blika voru algjörir og það var alger einstefna að marki Fylkis sem komst vart yfir miðju. Blikastúlkur sköpuðu sér nokkuð af færum en gekk ekkert að nýta þau.

Það kom í bakið á Blikastúlkum því á 35. mínútu átti Íris Dóra Snorradóttir laglega stungusendu á Önnu Sigurðardóttur. Anna lék inn í teiginn og lagði boltann í fjærhornið og þaðan fór boltinn í stöngina og inn. Smekklega gert. Síðari hálfleikur var tiltölulega nýhafinn þegar Blikar náðu forystunni á nýjan leik. Fanndís tók þá hornspyrnu sem Jóna Kristín Hauksdóttur stangaði í netið.

Fylki óx ásmegin eftir því sem leið á síðari hálfleikinn en gekk ekkert að skapa sér færi. Blikar kláruðu svo leikinn tíu mínútum fyrir leikslok er Sara Björk stangaði hornspyrnu Fanndísar í netið en þær tvær báru af í leiknum.

„Þetta er allt of lítill sigur miðað við spilamennsku okkar í dag. Við áttum frábæran dag og spiluðum flottan fótbolta. Ég hrósa stelpunum fyrir frábæran leik," sagði Jóhannes Karl Sigursteinsson, þjálfari Blika, kátur eftir leikinn. Blikar hefðu átt að vinna miklu stærri sigur því þær fengu fjölmörg tækifæri sem þær nýttu ekki. Berglind Björg Þorvaldsdóttir fór með mörg þeirra en henni voru afar mislagðir fætur í gær.

„Það var með ólíkindum að við skyldum ekki skora meira en þetta var okkar besti leikur í langan tíma og við erum ánægð með þetta."

Björn Björnsson, þjálfari Fylkis, var hundfúll með sínar stelpur og húðskammaði þær inn í klefa eftir leikinn. „Ég var óánægður með framlag leikmanna sem mér fannst sáralítið. Þær voru kjarklausar og skítragar við að gera það sem við töluðum um að gera," sagði Björn fúll. **henry@frettabladid.is**



**VÍTI?** Björk Björnsdóttir, markvörður Fylkis, virðist hér brjóta á Berglindi Þorvaldsdóttur. Jan Erik Jessen dómari lét það eiga sig að flauta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT

### *Pepsi-deild kvenna*

**Breiðablik - Fylkir 3-1**
1-0 Fanndís Friðriksdóttir (13.), 1-1 Anna Sigurðardóttir (35.), 2-1 Jóna Kristín Hauksdóttir (48.), 3-1 Sara Björk Gunnarsdóttir (80.).

**Haukar - Valur 0-5**
0-1 Rakel Logadóttir (17.), 0-2 Kristín Ýr Bjarnadóttir (40.), 0-3 Kristín Ýr Bjarnadóttir (66.), 0-4 Björk Gunnarsdóttir (73.), 0-5 Dóra María Lárusdóttir (77.).

**KR - FH 2-0**
1-0 Kristín Sverrisdóttir (46.), 2-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (56.).

**Afturelding - Stjarnan 0-4**
0-1 Katie McCoy (35.), 0-2 Katie McCoy (36.), 0-3 Karen Sturludóttir (40.), 0-4 Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, víti (52.).

**Grindavík - Þór/KA 2-2**
0-1 Bojana Besic (7.), 0-2 Mateja Zver (35.), 1-2 Dagmar Þráinsdóttir (66.), 2-2 Dagmar Þráinsdóttir (76.).

*Upplýsingar að hluta fengnar frá Fótbolta.net*

### *Sænska úrvalsdeildin*

**IFK Gautaborg - Örebro 0-0**
Ragnar Sigurðsson, Hjálmar Jónsson og Theodór Elmar Bjarnason léku allan leikinn fyrir IFK.

### *Sænska B-deildin*

**Hammarby - Öster 0-1**
Davíð Þór Viðarsson, Öster, tók út leikbann.

### *Austurríska úrvalsdeildin*

**KSV Superfund - LASK Linz 2-0**
Garðar Gunnlaugsson var í byrjunarliði LASK en var skipt út af í hálfleik.



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Tinna Bjarndís Bergþórsdóttir stöðvar hér Blikann Söndru Sif Magnúsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Bjarni Þór Viðarsson og félagar í KSV Roeselare í flóknum fallslag í belgísku úrvalsdeildinni:

# Flókið knattspyrnulíf Bjarna Viðarssonar

**FÓTBOLTI** KSV Roeselare, lið Bjarna Þórs Viðarssonar og Hólmars Arnar Eyjólfssonar, hóf um síðustu helgi keppni í umspilskeppni um sæti í belgísku úrvalsdeildinni. Afar flókið fyrirkomulag var á belgísku deildakeppninni í ár og þá er staða Bjarna Þórs sjálfs nokkuð sérstök en hann á þó von á því að fá lausn sinna mála í sumar.

Roeselare er búið að vera í botnbaráttunni allt tímabilið en tekur nú þátt í umspili um sæti í úrvalsdeildinni ásamt liðunum sem urðu í 2.-4. sæti B-deildarinnar. Um er að ræða riðlakeppni þar sem allir mæta öllum, heima og að heiman.

„Við erum vongóðir um að halda okkur uppi. Við erum með besta liðið en meiðsli hafa gert okkur erfitt fyrir," sagði Bjarni en að loknum tveimur umferðum af sex í riðlinum hefur hvert lið unnið einn leik og tapað einum. Bjarni tryggði sínum mönnum sigur á KVSK United í fyrstu umferðinni, 3-2, með marki á lokamínútum leiksins.

Botnbaráttan var þó ekki einföld. Roeselare var í neðsta sætinu lengst af en um miðjan febrúar náði liðið eftir gott gengi að komast upp fyrir Lokeren. Hins vegar varð hvorugt þessara liða í neðsta sæti deildarinnar. Það kom í hlut Mouscron sem hafði verið um miðja deild þegar félagið varð svo úrskurðað gjaldþrota og árangur liðsins þurrkaður út. Það féll því sjálfkrafa úr deildinni.

Þegar deildarkeppninni lauk voru Lokeren og Roeselare með jafn mörg stig. Roeselare var þó með betra markahlutfall sem öllu jöfnu hefði átt að duga liðinu. En ekki í Belgíu. Ef lið eru jöfn að stigum er það lið sem vann fleiri leiki ofar í töflunni. Lokeren vann fimm í vetur en Roeselare fjóra. „Við vorum líka með betri árangur en Lokeren í innbyrðisviðureignum okkar. Þetta var því ansi svekkjandi," sagði Bjarni.

Deildakeppnin var líka æði flókin. Að henni lokinni tóku sex efstu liðin helming stiganna með sér í sérstakan meistarariðil. Næstu átta lið í deildinni fóru svo í enn flóknara umspil um eitt sæti í Evrópudeildinni þar sem liðunum var til að mynda skipt í tvo riðla.

„Þetta fyrirkomulag átti að skila meiri sjónvarpstekjum en það hefur ekki fengið góð viðbrögð og ég á von á því að þetta verði lagt niður. Hollendingar tóku upp álíka fyrirkomulag fyrir tveimur árum og það að mestu svo aflagt strax ári síðar."

Samningsmál Bjarna eru einnig flókin en hann kom til Roeselare frá Twente í Hollandi í sumar.

„Twente á enn einhvern hlut í mér en ég á ekki von á því að fara þangað aftur. Bæði félög vilja að ég verði seldur og þau myndu þá skipta söluhagnaðinum á milli sín. Það stóð alltaf til að ég yrði hér aðeins í eitt ár og á ég von á því að ég fari í sumar, jafnvel þótt að við höldum sæti okkar," sagði Bjarni. Hann á þó möguleika á að vera áfram í Belgíu ef allt annað þrýtur.

„Ég er með þriggja ára samning en það var bara hugsað sem öryggisnet fyrir mig." - esá



**BJARNI ÞÓR** Ekki alltaf klippt og skorið í Belgíu. Hér er Bjarni í leik með Roeselare.

# BT Allt að gerast !



OPIÐ TIL 22:00
ALLA DAGA
Í SKEIFUNNI

## TÓNLIST




## SONY PLAYSTATION 3

120GB
69.999

250GB
79.999



## LEIKIR




10.999

11.499

Lækkað verð
6.999

## SNILLDAR LEIKIR Á BULL VERÐI




Verð aðeins
1.999

## COBY 8GB MP3 SPILARI

2.0" bjartur LCD skjár
8GB minni (ca.2500lög)
FM útvarp
Spilar tónlist,video og ljósmyndir
Allt að 11klst rafhlöðuending

17.999



## SAMSUNG 16GB MP3 SPILARI

16GB flash minni
2.4" LCD skjár
FM útvarp
Allt að 50klst
Rafhlöðuending

29.999



## ION LJÓSMYNDA- OG FILMUSKANNI

Sjálfstæður ljósmynda og filmuskanni
sem þarf ekki tölvu
Skannar ljósmyndir, 35mm og
110mm negatívur og 35mm slides myndir
Einfaldur hugbúnaður fylgir

34.999



## ACER

5532-5509

Athlon 64 TF-36 2.0Ghz
320 GB, Serial ATA
2 GB DDR2 SDRAM, 667 MHz
ATI Mobility Radeon HD 3200
15.6" TFT (1366 x 768)
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium



99.999

## PACKARD BELL EASYNOTE

TJ65

Intel Dual Core T4400 2.2GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM diskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15.6'' HD LED CrystalBrite 1366x768
512MB Intel X4500HD skjástýring
300Mbps þráðlaust Draft-N net
0.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT



129.999

Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

## > Nicolas Cage

„Ástríða skiptir mig öllu máli í lífinu. Ef ég hef ekkert til að njóta þá hef ég heldur ekkert til að lifa fyrir.“

***Cage fer með aðalhlutverkið í myndinni Raising Arizona sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.50.***



# dagskr

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SKELLIR UPP ÚR

# *Skáldskapurinn og raunveruleikinn*

„Við töfrum kanínuna upp úr hattinum á meðan allir hinir sitja og hugsa, hvernig í ósköpunum fara þeir að þessu? Þú ert varla svo barnalegur að halda að við búum í lýðræðisríki, er það nokkuð vinur?“ Þessa gullnu setningu mælti Gordon Gekko í kvikmyndinni Wall Street. Sú kvikmynd er manni efst í huga þegar maður horfir á fréttir, sér bankamenn færða í gæsluvarðhald, karlana sem eitt sinn voru álitnir guðir.

Bud Fox, lærisveinn Gordons Gekko í Wall Street, var ekki tekinn neinum vettlingatökum. Hann var handtekinn á skrifstofu sinni, færður burtu í járnum. Hann grét á leiðinni út. Draumurinn um skjótfengan gróða hafði breyst í martröð og Fox endaði á því að kjafta frá öllum fléttunum sem Gekko hafði platað hann út í.



Það er svo merkilegt að Wall Street er nánast eins og snýtt út úr nösinni á íslenskum veruleika. Svona getur skáldskapurinn verið nauðalíkur raunveruleikanum. Og það er ekki laust við að maður hlæi að sjálfum sér; þrátt fyrir að hafa séð Wall Street nokkrum sinnum, þá kom maður ekki auga á alla þessa „Bud Fox“ og „Gordon Gekko“ sem réðu hér ríkjum.

Til gamans má svo geta að leikstjóri Wall Street, Oliver Stone, er síður en svo hættur að fjalla um fjármálahverfi New York. Enda virðist sagan fara í hringi. Hinn fyrsta október á þessu ári verður framhaldsmyndin um Gordon Gekko, erkitýpu bandarísk fjármálalífs, frumsýnd. Svo skemmtilega vill til að ein af kynningarlínum myndarinnar er: „Græðgi er góð og loksins lögleg.“

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.30 F1: föstudagur** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Wipeout USA** STÖÐ 2



▶ **20.05 Talið í söngvakeppni** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Biggest Loser** SKJÁR EINN



▶ **21.50 NCIS** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Leiðarljós** (e)
**16.35 Leiðarljós** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (11:26)
**17.35 Gæludýr úr geimnum** (25:26)
**18.00 Leó** (8:52)
**18.05 Tóta trúður**
**18.30 Galdrakrakkar** (12:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Talið í söngvakeppni** (2:3) Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Osló 25.-29. maí.
**20.40 Nagandi óvissa** (Flirting with Disaster) Bandarísk bíómynd frá 1996. Ungur maður, kona hans og vankaður sálfræðinemi í rannsóknarvinnu þvælast um landið í leit að kynforeldrum mannsins. Aðalhlutverk: Ben Stiller, Patricia Arquette og Téa Leoni.
**22.15 Prinsessan** (Suriyothai) Taílensk/bandarísk bíómynd frá 2001. Myndin gerist á 16. öld. Í Taílandi geisar borgarastyrjöld og Búrmamenn hafa gert innrás. Þá rís upp ung og fögur prinsessa, Suriyothai, til varnar konungdæminu Ayothaya.
**00.35 Lífsháski** (Lost VI) (104:121) (e)
**01.55 Lífsháski** (Lost VI) (105:121) (e)
**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Ask the Dust**
**10.00 Proof**
**12.00 TMNT**
**14.00 Ask the Dust**
**16.00 Proof**
**18.00 TMNT** Ævintýramynd um stökkbreyttu skjaldbökurnar vinsælu.
**20.00 Elizabeth: The Golden Age** Óskarsverðlaunamynd með Cate Blanchett í hlutverki Elísubetar Englandsdrottningar.
**22.00 Witness** Óskarsverðlaunamynd með Harrison Ford og Kelly McGillis í aðalhlutverkum.
**00.00 Boo**
**02.00 Radio Days**
**04.00 Witness**
**06.00 Me, Myself and Irene**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Elías og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Mercy** (5:22)
**11.05 Amne$ia** (8:8)
**11.50 Chuck** (13:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wildfire**
**13.45 La Fea Más Bella** (168:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (169:300)
**15.25 Ríkið** (10:10)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn og Kalli litli Kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (23:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur með þátt þar sem allt er leyfilegt.
▶**20.00 Wipeout USA** Bandaríska útgáfan af busluganginum botnlausa. Ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist.
**20.50 The Power of One** Þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig.
**21.20 Steindinn okkar Nýr** sketstaþáttur með nýstirninu Steinda Jr.
**21.50 Raising Arizona** Gamanmynd um par sem á í vandræðum með að eignast barn og grípa til þess örþrifa ráðs að ræna einu barni af fimmburum milljónamærings.
**23.25 Reno 911!: Miami** Gamanmynd í anda Police Academy-myndanna. Treggáfaðir lögreglumenn lenda óvart í því að þurfa að bjarga samborgurum sínum undan stórhættulegum hryðjuverkamönnum.
**00.45 Underclassman**
**02.15 Dying Young**
**04.05 Steindinn okkar**
**04.35 Wipeout USA**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.40 Players Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**18.35 Inside the PGA Tour 2010** Árið framundan skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**19.00 FA Cup - Preview Show 2010** Hitað upp fyrir ensku bikarkeppnina, elstu og virtustu bikarkeppni í heiminum.
▶**19.30 F1: föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum. Helstu viðureignir umferðarinnar skoðaðar gaumgæfilega í þessum flottu þáttum.
**20.30 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.50 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**22.35 Poker After Dark**
**23.20 Boston - Cleveland** Útsending frá leik í urslitakeppni NBA körfuboltans.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Man. Utd. - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 Arsenal - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.00 Football Legends: Fernando Hierro** Þattur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrum leikmann Real Madrid.
**21.30 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**22.00 Football Legends: Batistuta** Gabriel Omar Batistuta er talinn einn besti framherji sögunnar og í þessum magnaða þætti verður ferill þessa storkostlega leikmanns skoðaður.
**22.30 Man. Utd. - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (16:17) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (16:17) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
**17.50 Með öngulinn í rassinum** (e)
**18.20 One Tree Hill** (19:22) (e)
**19.00 Being Erica - NÝTT** (1:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.
**19.45 King of Queens** (11:24) (e)
**20.10 America's Funniest Home Videos** (41:50) (e)
**20.35 Rules of Engagement** (13:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp. Það er komið að lokaþættinum og Jeff hefur áhyggjur af því að kynlífið hjá honum og Audrey sé ekki nógu spennandi.
▶**21.00 Biggest Loser** (3:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Liðin níu sem eftir eru fá að vita að Bob og Jllian muni þjálfa alla saman sem eitt lið.
**21.45 Parks & Recreation** (2:13) (e)
**22.10 Law & Order UK** (1:13) (e)
**23.00 Life** (4:21) (e)
**23.50 Saturday Night Live** (18:24) (e)
**00.40 King of Queens** (11:24) (e)
**01.05 Big Game** (4:8)
**02.45 Girlfriends** (16:22) (e)
**03.05 Jay Leno** (e)
**04.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimstjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Guðlaugur Þór Þórðarson og gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni endursýndur frá síðasta mánudegi.
**21.30 Grínland** Gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.50**

### Steindinn okkar

Nýr sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. Í þættinum nýtur hann stuðnings þjóðþekktra einstaklinga sem hafa getið sér gott orð í gríninu en einnig kemur fram fólk sem er þekkt fyrir eitthvað allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Being Erica - NÝTT**

**Skjár einn kl. 19.00**

Skjár einn byrjar í kvöld að sýna nýja þáttaröð um unga konu sem finnst líf sitt ekki vera jafn gott og hún hafði vænst. Hún fær óvænt tækifæri til að snúa aftur til fortíðar og endurtaka atvik og vonar hún að það hafi nú jákvæð áhrif á líf hennar í nútímanum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Norðan við stríð
**15.33** Þau völdu Ísland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsól
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**20.15 Lois and Clark: The New Adventure** (12:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet milli þess sem hann bjargar málum sem Ofurmennið. Hann er ástanginn af samstarfskonu sinni, Lois Lane sem hefur ekki hugmynd um að hann leikur tveimur skjöldum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 NCIS** (19:25) Spennuþáttaröð um sérsveit sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.

**22.35 Southland** (6:7) Hörskuspennandi lögregluþættir sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Þar er glæpatíðnin með því hæsta sem um getur og morð nánast daglegt brauð.

**23.20 The Fixer** (4:6) Þættir sem fjalla um fyrrverandi sérsveitarmann í hernum sem situr í fangelsi fyrir að hafa framið morð. En sökum sérstakra hæfileika hans veita yfirvöld honum lausn gegn því að hann gerist launmorðingi og taki það að sér að ráða af dögum aðila sem taldir eru ógna öryggi þjóðarinnar.

**00.10 Auddi og Sveppi**

**00.45 Steindinn okkar**

**01.15 The Doctors**

**02.00 Lois and Clark: The New Adventure** (12:21)

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** The Vicar Of Dibley **12.45** The Vicar Of Dibley **13.15** My Hero **13.45** My Hero **14.15** My Family **14.45** My Family **15.15** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** My Family **18.00** The Catherine Tate Show **18.30** No Heroics **19.00** The Smoking Room **19.30** Coupling **20.00** Coupling **20.30** The Jonathan Ross Show **21.20** Strictly Come Dancing **23.10** Robin Hood **23.55** The Smoking Room

## DR 1

**12.30** Dyrehospitalet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Kurt - En ukendt helt **15.35** Amalie **15.50** Snuttefilm **16.00** Når der er knald på elefantungen **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen **19.00** TV Avisen **19.30** The Bachelor **21.05** Bilen **22.40** S.O.S. Poseidon kalder

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bygdeliv **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Oscarshall - et kongelig smykke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Dei blå hav **18.55** Nytt på nytt **19.30** Kalde spor **21.25** Kveldsnytt **21.40** Friidrett. Diamond League. Qatar Super Grand Prix **22.30** Doris Day - Que Sera, Sera **23.25** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.15** Vi i femman **13.00** Mitt i naturen **13.30** Landgång **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Inför Eurovision Song Contest 2010 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Till varje pris **20.30** Sverige! **21.00** Gisslan **22.50** Landgång **23.20** Epitafios - besatt av hämnd


AÐEINS 3 DAGAR EFTIR
LENGI LIFIR Í GÖMLUM GLÆÐUM

AÐEINS
FJÖGUR VERÐ
250,-
500,-
1.000,-
1.500,-

ÚTSÖLUMARKAÐUR HLÍÐARSMÁRA 14
OPIÐ ALLA DAGA 12:00-18:00

MIKIÐ
ÚRVAL Í STÆRÐ
XS

NOA
NOA

HLÍÐARSMÁRI 14· KÓPAVOGUR · OPIÐ 12-18

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér fjölkorna músli með súrmjólk, vítamín og lýsi.“*

Birkir Ívar Guðmundsson, fyrirliði Íslandsmeistara Hauka í handbolta.

# Dikta freistar gæfunnar í Þýskalandi

Hljómsveitin Dikta er á leiðinni í stutta tónleikaferð til Þýskalands og Lúxemborgar. Sveitin flýgur af landi brott á miðvikudaginn í næstu viku og tónleikarnir verða fernir, þar af þrennir í Þýskalandi.

„Það er svolítið síðan við höfum farið út. Við erum spenntir að komast eitthvað og ætlum að grallarast saman og hafa gaman,“ segir trommarinn Nonni kjuði, sem heitir réttu nafni Jón Þór Sigurðsson. „Við ætlum líka að hitta fólk sem við höfum verið að vinna með í Þýskalandi sem við höfum ekki hitt augliti til auglitis.“ Um þýskt útgáfufyrirtæki er að ræða sem hefur verið í viðræðum við Diktu í nokkurn tíma um útgáfu plötu þeirra þar í landi og víðar um Evrópu.

Dikta fór síðast í tónleikaferð erlendis haustið 2008 þegar hún spilaði í Los Angeles og New York og því kominn tími til að hún haldi áfram að breiða út fagnaðarerindið. Stefnan hefur verið sett á aðra tónleikaferð í haust en ekki er ljóst hvert farið verður.

Í sumar verður síðan nóg að gera hjá Diktu hér heima. Sveitin er þegar búin að bóka sig fyrir verslunarmannahelgina auk þess sem fjöldi balla er fyrirhugaður víðs vegar um landið. Einnig stefnir sveitin á að taka upp nýtt prufuefni í sumar og gangi upptökurnar vel er stefnan sett á plötu sem kæmi líklega út á næsta ári.

Nonni kjuði segist ekki hafa búist við þessum gríðarlegu vinsældum Diktu að undanförnu. „Þetta er bara rosagaman, sérstaklega af því að við gerðum þetta svo mikið sjálfir. Við unnum plötuna alveg sjálfir nema hljóðblöndun og masteringu. Þess vegna er enn þá meira gaman að uppskera svona.“ **- fb**



**Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS** Nonni kjuði, eða Jón Þór Sigurðsson, er spenntur fyrir tónleikaferð Diktu til Þýskalands og Lúxemborgar.



**LÁRÉTT**
**2.** jurt, **6.** í röð, **8.** styrkur, **9.** fugl, **11.** dreifa, **12.** lítið glas, **14.** stærðfræðitákn, **16.** í röð, **17.** ról, **18.** gubb, **20.** ung, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samtals, **3.** guð, **4.** umtal, **5.** slagbrandur, **7.** andóf, **10.** mánuður, **13.** dvelja, **15.** greinilegur, **16.** persónufornafn, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** lm, **8.** afl, **9.** lóm, **11.** sá, **12.** staup, **14.** mínus, **16.** þæ, **17.** ark, **18.** æla, **20.** ný, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** alls, **3.** ra, **4.** afspurn, **5.** slá, **7.** mótmæli, **10.** maí, **13.** una, **15.** skýr, **16.** þær, **19.** af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 William Hague.
2 Kristín Steinsdóttir.
3 Atletico Madrid.


SANYL
ÞAKRENNUR





• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**SKRIFAR SPENNUTRYLLI** Richard Scobie skrifar handrit að nýrri spennumynd sem á eftir að vekja mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRISTINN ÞÓRÐARSON: GAMLIR VINIR GERA SAMAN BÍÓMYND

# Kvikmynd Richards Scobie fer á ráðstefnu í Hollywood

Kvikmyndin Sextíu og sex gráður norður hefur verið valin á sérstaka framleiðendaráðstefnu í Hollywood sem haldin er á vegum PGA, samtökum framleiðenda í Bandaríkjunum. Höfundar handritsins eru þeir Kristinn Þórðarson og Richard Scobie en leikstjóri myndarinnar er Egill Örn Egilsson, betur þekktur sem Eagle Egilsson.

„Við erum allir gamlir vinir, ég og Egill Örn höfum nánast verið saman í bekk síðan við vorum átta ára,“ segir Kristinn í samtali við Fréttablaðið. Scobie er hins vegar eflaust þekktastur fyrir söng sinn í Loðinni rottu og Rickshaw en hann hefur að undanförnu verið að hasla sér völl í kvikmyndagerð, leikstýrði meðal annars myndbandi fyrir Geir Ólafs og er að fara slíkt hið sama fyrir Virgin Tongues. Þá hefur Scobie einnig verið að leikstýra auglýsingum. Svo skemmtilega vill reyndar til að Scobie og Eagle unnu saman fyrir allnokkrum áratugum við gerð myndbands fyrir Rickshaw. En það er önnur saga. „Við Kristinn byrjuðum að skrifa þetta handrit fyrir nokkrum árum og komumst síðan í kynni við írskan framleiðanda að nafni Edwina Forkin og þá fóru hjólin að snúast fyrir alvöru,“ segir Richard í samtali við Fréttablaðið. Edwina þessi er að sögn Richard feikilega virt í hinum óháða írska kvikmyndageira og vel tengd á réttu staðina.

Í kjölfarið var ákveðið að sækja um þátttöku á áðurnefndri ráðstefnu PGA þar sem fólk getur komist í tæri við stórlaxa úr bandarískri kvikmyndaframleiðslu og hugsanlega náð í fjármagn fyrir verkefni sín. „Þeim berast mörg hundruð umsóknir. En þar sem Ísland hefur verið svo mikið til umfjöllunar undanfarin ár þá held ég að það hafi hjálpað okkur. Menn hafa áhuga á öllu því sem kemur frá Íslandi,“ segir Richard en ráðstefnan stendur frá 4.-6. júní. Richard segist ekki vita nákvæmlega hvenær þeir fari af stað og veit sem er að þetta er harður bransi. „Við erum náttúrlega bara að henda okkur út í gin ljónsins. En þetta er rosalega gott og stórt tækifæri fyrir okkur,“ útskýrir Richard. **freyrgigja@frettabladid.is**

### HVER ER EAGLE EGILSSON?

- Eagle Egilsson heitir í raun og veru Egill Örn Egilsson en hefur verið búsettur í Bandaríkjunum um árabil og tók upp flesta CSI: Miami-þættina.
- Egill hefur þrívegis verið tilnefndur til æðstu verðlauna tökumanna í Ameríku, hann hlaut þau í ár fyrir spennuþættina Dark Blue.
- Egill er þessa dagana að taka upp og leikstýra nýrri bandarískri sjónvarpsþáttaröð, Miami Medical, sem Jerry Bruckheimer framleiðir.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Heitasta partíið á miðvikudagskvöld var á Players í Kópavogi þar sem **Egill Einarsson**, betur þekktur sem Gillz eða Þykki, fagnaði þrítugsafmæli sínu. Mikill fjöldi gesta lét sjá sig og fóru flestir sáttir heim; nóg var af veitingum og skemmtiatriðum.





Meðal þeirra sem tróðu upp voru Sverrir Bergmann, hljómsveitirnar Merzedes Club og Últra Mega Teknóbandið Stefán, Sólmundur Hólm og Auddi og Sveppi auk **Erps Eyvindarsonar**.

Bókaútgefandinn **Jónas Sigurgeirsson** veitti afmælisbarninu viðurkenningu fyrir góðan árangur í jólabókaflóðinu á síðasta ári. Jónas gaf út Mannasiðabók Egils og seldist hún í nokkur þúsund eintökum.



Félagarnir **Ívar Guðmundsson** og Arnar Grant vöktu mikla athygli í veislunni enda voru þeir klæddir í dress sem þeir nota í Bollywoodsýningu í Turninum sem þeir taka þátt í um þessar mundir. Voru þeir félagar berir að ofan undir litríkum vestum og þóttust einhverjir gesta geta greint að Ívar væri með „eyeliner“. Var því lýst sem mjög sérstakri sjón.



Þeir Ívar og Arnar mættu með **Höllu Vilhjálmsdóttur** með sér og steig hún á svið og söng afmælissönginn að hætti Marilyn Monroe.



**-hdm**

# Hönnun Sonju Bent vekur athygli ytra

Hönnun Sonju Bent var á upphafssíðu vefsíðunnar Not Just A Label fyrir skemmstu, en síðan er eins konar vefsamfélag hönnuða hvaðanæva að úr heiminum og eru notendur hans rúmlega 3.500 manns.

Að sögn Sonju velja stjórnendur síðunnar ákveðinn hönnuð til að vera á forsíðu hennar nokkrar vikur í senn, en þetta er í annað sinn sem Sonja er valin á forsíðuna. „Þetta er vefsamfélag ætlað hönnuðum þar sem þeir geta kynnt sig og sínar vörur fyrir hver öðrum og væntanlegum kaupendum. Auk þess er hægt að selja vörur sínar á síðunni og einnig fær maður tilkynningar um laus störf, hönnunarsamkeppnir og styrki í gegnum þessa síðu,“ úskýrir Sonja og segir það mikinn heiður að hafa verið valin á forsíðuna. „Þetta er auðvitað mikill heiður en þess utan finn ég að áhugi fólks á hönnun minni eykst eftir að hafa verið á forsíðu vefjarins, þannig að þetta er mikil hjálp líka. Síðast fékk ég meðal annars umfjöllun í belgísku tímariti.“

Sonja segist enn fá mikla athygli vegna útskriftarlínu sinnar frá árinu 2007 sem var innblásin af origami, japanskri pappírslist. „Ég fæ mikið af fyrirspurnum um sömu flíkina, sem er einmitt sú flóknasta sem ég hef gert. Eins og staðan er núna þá hef ég ekki undan við að gera flíkurnar þar sem ég stend ein í þessu. Það hefur ekki verið hægt að framleiða vöruna hér á landi og hingað til hefur verið of dýrt að framleiða vörurnar erlendis. Ég verð þó að finna lausn á þessu bráðlega því ekki nennir fólk að bíða endalaust eftir vörunum,“ segir Sonja að lokum og hlær. **- sm**



**HEIÐUR** Sonja Bent segir það heiður að hafa prýtt upphafssíðu bresku vefsíðunnar Not Just A Label. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# NÝJAR VÖRUR
# Í HVERRI VIKU

## Dömu & herrafatnaður

Bolir
Skyrtur
Buxur
Kvart buxur
Zip/off buxur
Stretch buxur
Isotex buxur
Isotex jakkar
Flís peysur
Softshell jakkar
Ofl. ofl.

DARE 2b
CRAGHOPPERS

Regatta GREAT OUTDOORS™

## OKKAR VERÐ

Sérverð á nýjum barnafatnaði
og völdum vörum á dömur & herra

**Barnafatnaður**
bolir 1.495,-
flís peysur 1.990,-
softshell peysur 4.490,-
kvartbuxur 2.990,-
zip-off buxur 2.995,-
regn buxur 1.490,-
regn jakkar 4.750,-
isotex buxur 2.490,-
isotex jakkar 3.990,-
flís undirfatasett 2.990,-
skór 4.995,-

**Dömu & herra**
flís undirfatasett 2.990,-
hydro-term bolur 2.990,-
hydro term buxur 2.990,-
skór 5.745,- til 14.995,-
anvil bolir 1.490,-
anvil peysur 3.990,-
anvil hettupeysur 3.990,-
sokkar 1.490,- til 1.990,-
legghlífar 2.990,-
bakpokar 3.745,- til 13.995,-
smávara ofl.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT 15 ÁRA
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki tala um launin

Launamál Más Guðmundssonar seðlabankastjóra fóru nokkuð hátt í síðustu viku. Til upprifjunar stóð til að hækka laun Más um fjögur hundruð þúsund krónur í síðustu viku. Af því varð ekki. Már var með erindi á morgunverðarfundi Samtaka fjármálafyrirtækja í höfuðstöðvum Arion banka í gærmorgun.



Hann kom ekkert inn á laun sín þar. Það gerði hins vegar Margrét Kristmannsdóttir, sem stýrði fundinum, en hún bað fólk góðfúslega um að ræða ekki um launakjör sín í kaffihléinu.

### Bjöggi styður sína menn

Íslandsmótið í knattspyrnu er hafið og fyrsta umferðin gefur góð fyrirheit fyrir sumarið. Óvæntustu úrslitin urðu í Vesturbænum þar sem nýliðar Hauka gerðu jafntefli við KR. Andlit stuðningsmannaliðs KR, **Björgólfur Guðmundsson**, lét sig ekki vanta á völlinn og Þóra Hallgrímsson, eiginkona hans, var með í för. Þau hjónin virtust skemmta sér hið besta á vellinum, ræddu við fjölda fólks og ekki skemmdi fyrir að barnabarnið Björgólfur Takefusa skoraði mark á þrítugsafmælisdaginn sinn.



### Réttur maður á réttum stað

Forlagið stóð fyrir Tinna-pöbbkvissi á miðvikudag í tilefni af endurútgáfu bókanna sívinsælu. Þegar hlé var gert á spurningakeppninni gátu viðstaddir keppt í því að bölva eins og Kolbeinn kapteinn. Sá sem bar sigur úr býtum í þeirri keppni heitir **Tinni Sveinsson**, blaðamaður á Vísi.is, og þótti hann vel að sigrinum kominn.



**- jab, hdm**

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Íslenskar konur lausar úr haldi í Bretlandi
2. Útborgunardagur á Hrauninu á morgun
3. Norska lögreglan rannsakar fjármálaglæpi á Íslandi
4. Lögmenn Jóns tóku við kyrrsetningarbeiðninni
5. Manaður til að gleypa snigil og lenti á gjörgæslu





